

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál).

Frá félags- og jafnréttismálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Gildissvið, markmið, stjórnýsla og orðskýringar.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Orðin „hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og“ í 1. másl. falla brott.
 2. Orðin „í tengslum við samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi“ í a-lið falla brott.
 3. Við c-lið bætist: síðarnefnda í tengslum við þjónustusamning þess efnis milli fyrirtækisins og notendafyrirtækisins samkvæmt lögum um starfsmannaleigur.
- b. Á undan 1. másl. 2. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Lög þessi gilda jafnframt um starfsmann fyrirtækis sem sendur er tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu fyrirtækis skv. a-, b- eða c-lið 1. mgr.
- c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög þessi gilda jafnframt um upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklings sem kemur sjálfur tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Þá gilda lög þessi um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja í tengslum við þjónustusamninga þeirra við fyrirtæki.
- d. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr., sem verður 4. mgr.:
 1. Á undan 1. másl. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar um er að ræða fyrirtæki skv. c-lið 1. mgr. gilda enn fremur lög um starfsmannaleigur, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, um viðkomandi fyrirtæki og starfsmenn þess hér á landi, eftir því sem við á. Sama á við um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja sem gert hafa þjónustusamning við slíkt fyrirtæki.

2. Í stað orðanna „starfsmannaleigur, sbr.“ í 1. másl., sem verður 3. másl., kemur: fyrirtæki skv.
 3. 2. másl. fellur brott.
- e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna sem erlend fyrirtæki senda tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu héraðs séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi.

Enn fremur er það markmið laga þessara að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir eðli og umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og eftir atvikum í heimaríki þeirra, hvort sem þeir veita sjálfir þjónustu héraðs sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu, í því skyni að tryggja að erlendir þjónustuveitendur starfi löglega hér á landi.

4. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vinumálastofnun skal í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins birta með aðgengilegum hætti, svo sem rafrænt, og án endurgjalds upplýsingar um lög og reglur sem gilda á vinnumarkaði hér á landi ásamt því hvar megi nálgast gildandi kjarasamninga.

Vinumálastofnun skal veita þar til bærum stjórnvöldum í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðrum EFTA-ríkjum eða Færeyjum aðstoð þegar um er að ræða gistiríki íslensks fyrirtækis, hvort sem er við öflun upplýsinga um íslenska fyrirtækið eða vegna samskipta við íslenska fyrirtækið, þ.m.t. vegna innheimtu sekta, óski þar til bær stjórnvöld í gistiríkinu eftir slíkri aðstoð enda hafi beiðnin lögmætan tilgang auk þess sem hún gengur ekki lengra en nauðsyn krefur. Sé um að ræða beiðni um upplýsingar skal Vinnumálastofnun veita umbeðnar upplýsingar innan 25 virkra daga frá móttöku beiðninnar. Sé um brýnt tilvik að ræða sem rökstutt er af þar til bæru stjórnvaldi í gistiríkinu skal Vinnumálastofnun veita umbeðnar upplýsingar innan tveggja virkra daga frá móttöku beiðninnar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul.:
 1. Á eftir orðunum „eða annar sá sem“ kemur: hefur starfsmann eða starfsmenn í vinnu og.
 2. Í stað orðsins „veitir“ kemur: sendir starfsmann eða starfsmenn tímabundið hingað til lands í því skyni að veita.
 3. Við bætist: auk þess sem þjónustan er innan þeirrar starfsgreinar sem viðkomandi aðili starfar við í heimaríki. Fyrirtæki er einnig starfsmannaleiga í skilningi laga um starfsmannaleigur, sbr. c-lið 1. mgr. 1. gr.
- b. Á eftir 1. tölul. koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 2. *Fyrirtækjasamstæða*: Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki en hitt eða

hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

3. *Þar til bært stjórnvald:* Þar til bært stjórnvald er stjórnvald sem heimaríki fyrirtækis eða sjálfstætt starfandi einstaklings hefur skilgreint sem það stjórnvald heimaríkisins sem skal eiga í samskiptum við stjórnvöld í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahags-svæðisins, öðrum EFTA-ríkjum eða Færeyjum vegna þjónustuviðskipta.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul., sem verður 4. tölul.:
 1. Í stað orðsins „sem“ í seinna skiptið kemur: og.
 2. Í stað orðanna „sbr. 1. tölul.“ kemur: eða sjálfstætt starfandi einstaklingi.
- d. Í stað 3. tölul. koma þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
 5. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Sjálfstætt starfandi einstaklingur er einstaklingur sem er ríkisborgari og hefur staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og kemur sjálfur tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hér á landi á grundvelli sammingsins um Evrópska efnahags-svæðið, stofnsammings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða sammings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar auk þess sem þjónustan er innan þeirra starfsgreinar sem hann starfar við í heimaríki.
 6. *Starfsmaður:* Starfsmaður er hver sá sem vinnur launað starf í þjónustu fyrirtækis og starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið á vegum fyrirtækisins hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu fyrirtækisins hér á landi. Starfsmaður er einnig hver sá sem er ráðinn til starfa hjá fyrirtæki og er leigður gegn gjaldi til notendafyrirtækis á grundvelli þjónustusammings þess efnis milli fyrirtækisins og notendafyrirtækisins samkvæmt lögum um starfsmannaleigur, sbr. c-lið 1. mgr. 1. gr.
 7. *Þjónustusamningur:* Þjónustusamningur er samningur milli fyrirtækis eða sjálfstætt starfandi einstaklings og kaupanda þjónustu um að fyrirtækið eða sjálfstætt starfandi einstaklingurinn veiti kaupanda þjónustunnar tiltekna þjónustu hér á landi innan ákveðins tíma gegn greiðslu kaupandans.

6. gr.

Á undan 4. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: II. KAFLI, **Starfskjör starfsmanna fyrirtækis.**

7. gr.

Í stað orðanna „bygginga- og mannvirkjagerðar“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar.

8. gr.

Á undan 7. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: III. KAFLI, **Skyldur sjálfstætt starfandi einstaklings og fyrirtækis.**

9. gr.

7. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Upplýsingaskylda sjálfstætt starfandi einstaklings.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hyggst veita þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar og/eða aðgang að gögnum eigi síðar en sama dag og hann hefur störf hér á landi í hvert skipti, m.a. um:

1. Nafn viðkomandi einstaklings, fæðingardag, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, hvort hann nýtur almannatryggingaverndar í heimaríki, netfang, dvalarstað, áætlaðan starfstíma hans hér á landi og starfsréttindi eftir því sem við á.
2. Hvers konar þjónustu viðkomandi einstaklingur veitir hér á landi, nafn notendafyrirtækis og kennitölu eða annað sambærilegt auðkenni þess, ef við á, og hvar þjónustan er veitt.
3. Sannanlega staðfestu viðkomandi einstaklings í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta hans hér á landi fellur innan og að hann starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis, svo sem gögn sem sýna fram á efnahagslega starfsemi, þ.m.t. gögn frá skattfyrvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki, þar á meðal virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild, upplýsingar um starfsleyfi, eftir því sem við á, og umfang veltu í heimaríki.
4. Aðrar þær upplýsingar, svo sem afrit af reikningum fyrir vinnuna, sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir í þágu eftirlits skv. 1. mgr. 12. gr., m.a. í því skyni að ganga úr skugga um að viðkomandi einstaklingur veiti sannanlega þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heima-
stjórnar Færeyja hins vegar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hyggst ekki veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum en veitir samt sem áður þjónustu hér á landi sem varir lengur skal veita Vinnumálastofnun upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1. mgr. eigi síðar en á ellefta virka degi sem þjónustan hefur varað hér á landi í hvert skipti.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur skal tilkynna um það til Vinnumálastofnunar, án ástæðulausrar tafar, verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun skal afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skattfyrvöldum, töllyfyrvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands, upplýsingar skv. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr., enda sé eingöngu um að ræða upplýsingar sem ætla má að falli undir málefnasvið viðkomandi stjórnvalds og nýtist þannig stjórnvaldinu, svo sem við lögbundið eftirlit þess.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þá sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita stofnuninni upplýsingar um störf sín hér á landi samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti. Í skránni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um nafn sjálfstætt starfandi einstaklings og netfang hans auk upplýsinga um virðisaukaskattsnúmer eða annað sambærilegt auðkenni um efnahagslega starfsemi hans í heimaríki.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Á eftir orðunum „eftirfarandi upplýsingar“ í 1. másl. kemur: og/eða aðgang að gögnum.
2. Við 1. másl. bætist: m.a um.

3. 1. tölul. orðast svo: Nafn fyrirtækis, heimilisfang þess í heimaríki og netfang sem og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og netfang hans.
 4. Á eftir 1. tölul. koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:
 2. Sannanlega staðfestu fyrirtækis í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta þess hér á landi fellur innan og að það starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis, svo sem gögn sem sýna fram á efnahagslega starfsemi, þ.m.t. gögn frá skattfyrirvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki, þar á meðal virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild, upplýsingar um starfsleyfi, eftir því sem við á, og umfang veltu í heimaríki.
 3. Nafn notendafyrirtækis sem og kennitölu þess eða annað sambærilegt auðkenni þess, ef við á.
 5. Í stað orðsins „dvalartími“ í 2. tölul., sem verður 4. tölul., kemur: starfstími.
 6. 4. tölul., sem verður 6. tölul., orðast svo: Hvers konar þjónustu fyrirtækið veitir hér á landi, hvar þjónustan er veitt og hversu lengi áætlað er að starfsemi fyrirtækisins hér á landi standi yfir.
 7. Á eftir 4. tölul., sem verður 6. tölul., koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 7. Afrit af þjónustusamningi, eftir því sem við á.
 8. Afrit af ráðningarsamningum þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem starfa á vegum þess hér á landi.
 8. Í stað orðanna „svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum, til“ í 5. tölul., sem verður 9. tölul., kemur: í þágu eftirlits skv. 1. mgr. 12. gr., m.a. í því skyni.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fyrirtæki sem hyggst ekki veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum en veitir samt sem áður þjónustu hér á landi sem varir lengur, sbr. þó 9. gr., skal veita Vinnumálastofnun upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1. mgr. eigi síðar en á ellefta virka degi sem þjónustan hefur varað hér á landi í hvert skipti.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr., sem verður 3. mgr.:
1. Í stað orðanna „1.–3. tölul. 1. mgr. sem fyrirtækinu ber að afhenda notendafyrirtæki“ kemur: 1.–9. tölul. 1. mgr. og ber fyrirtækinu að afhenda staðfestinguna til notendafyrirtækis, sbr. 11. gr.
 2. Í stað orðanna „starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi, sbr. 11. gr.“ kemur: fyrirtækið hefur mótttekið staðfestinguna frá Vinnumálastofnun.
- d. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr., sem verður 4. mgr.:
1. Á eftir orðinu „tilkynna“ kemur: um það.
 2. Á eftir orðinu „Vinnumálastofnunar“ kemur: án ástæðulausrar tafar.
- e. Á eftir 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Á þeim tíma sem fyrirtæki veitir þjónustu hér á landi og í einn mánuð eftir að það hættir að veita þjónustu hér á landi ber því að hafa ávallt tiltæk afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðlum, m.a. hvað varðar launafjárhæð, sem og afrit af vinnutímaskýrslum sem sýna vinnutíma hvers starfsmanns. Ber fyrirtæki að afhenda fyrirnefnd gögn til Vinnumálastofnunar eigi síðar en tveimur virkum dögum frá því að beiðni stofnunarinnar þess efnis berst fyrirtækinu. Eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í hvert skipti skal fyrirtæki upplýsa Vinnumálastofnun um það hvernig stofnunin geti nálgast framangreindar upplýsingar.

f. 4. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo:

Vinumálastofnun skal afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skattýfirvöldum, töllyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands, upplýsingar skv. 1.–6. tölul. 1. mgr., enda sé eingöngu um að ræða upplýsingar sem ætla má að falli undir málefnasvið viðkomandi stjórnvalds og nýtist þannig stjórnvaldinu, svo sem við lögbundið eftirlit þess.

g. Við 5. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: og birta hana með aðgengilegum hætti. Í skránni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um nafn fyrirtækis og netfang þess auk upplýsinga um virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild um efnahagslega starfsemi þess í heimaríki.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Í stað orðsins „fyrirtæki“ í 1. másl. kemur: sjálfstætt starfandi einstaklingur eða fyrirtæki, eftir því sem við á.
2. Í stað orðanna „8. gr.“ í 1. másl. kemur: 7. eða 8. gr., eftir því sem við á.
3. Í stað orðsins „fyrirtækisins“ í 2. másl. kemur: sjálfstætt starfandi einstaklings eða fyrirtækis, eftir því sem við á.
4. Í stað orðanna „þess hér á landi“ í 2. másl. kemur: hlutaðeigandi hér á landi og skal þá hlutaðeigandi meðal annars veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 7. eða 8. gr., eftir því sem við á, eigi síðar en fyrsta virka dag eftir að þjónustan hefur varað fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:

1. Í stað orðsins „fyrirtæki“ kemur: sjálfstætt starfandi einstaklingur eða fyrirtæki, eftir því sem við á.
2. Í stað orðanna „skv. 13. gr. laga þessara“ kemur: skv. 1. mgr. 12. gr.

c. Orðið „fyrirtækis“ í greinarfyrirsögn fellur brott.

12. gr.

Í stað orðanna „ásamt lögheimili eða dvalarstað fulltrúa fyrirtækisins hér á landi“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: fulltrúa fyrirtækisins hér á landi, lögheimili eða dvalarstað hans hér á landi og netfang eigi síðar en.

13. gr.

Á undan 11. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: IV. KAFLI, **Skyldur og ábyrgð notendafyrirtækis.**

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Í stað orðanna „2. mgr. 8. gr. um að fyrirtæki“ kemur: 3. mgr. 8. gr. frá fyrirtæki um að það.
2. Í stað orðsins „tveimur“ kemur: tíu.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:

1. Í stað orðanna „bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem“ í 1. másl. kemur: byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar, svo sem í tengslum við.

2. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. málsl. kemur: 3. mgr.
 3. Í stað orðanna „bygginga- og mannvirkjagerðar“ í 2. málsl. kemur: byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr.:
1. Í stað orðanna „nafn fyrirsvarsmanns þess, heimilisfang í heimaríki“ í 1. málsl. kemur: heimilisfang þess í heimaríki og netfang sem og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og netfang hans.
 2. Við 1. málsl. bætist: hér á landi.
 3. Við 2. málsl. bætist: og netfang hans.
- d. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 3. mgr.
- e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
- Verði notendafyrirtæki vart við að fyrirtæki sem það hefur gert þjónustusamning við brjóti gegn lögum þessum, svo sem hvað varðar laun eða önnur starfskjör starfsmanna sinna, skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar.

15. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 11. gr. a og 11. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (11. gr. a.)

Ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Ábyrgð notendafyrirtækis samkvæmt þessari grein gildir um notendafyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Notendafyrirtæki ber óskipta ábyrgð á grundvelli þjónustusamnings skv. 7. tölul. 3. gr. eða samkvæmt lögum um starfsmannaleigur, eftir því sem við á, á vangoldnum lágmarkslaunum sem og öðrum vangreiðslum skv. 3. mgr. vegna starfsmanna fyrirtækis. Ábyrgð notendafyrirtækis nær einnig til starfsmanna fyrirtækja sem hafa gert þjónustusamninga sem byggjast á þjónustusamningi skv. 1. málsl. þrátt fyrir að ekki sé um beint samningssamband við notendafyrirtækið að ræða. Ef notendafyrirtæki er hluti fyrirtækjasamstæðu ber móðurfélagið sameiginlega ábyrgð með notendafyrirtækinu. Sama á við um annað félag ef það er stjórnandi notendafyrirtækisins sem um ræðir hverju sinni.

Ábyrgð notendafyrirtækis nær til vangoldinna lágmarkslauna, annarra vangoldinna launaþátta og vangoldinna launa fyrir yfirvinnu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr., og vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum, sbr. 5. gr., sem og vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi. Ábyrgðin nær ekki til vangoldinna orlofslauna.

Krafa vegna vangreiðslna, sbr. 3. mgr., skal hafa borist notendafyrirtæki innan fjögurra mánaða frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Ef notendafyrirtæki vissi eða mátti vita af bersýnilegri vanefnd hvað varðar greiðslur skv. 3. mgr. vegna starfsmanns fyrirtækis sem fellur undir ábyrgð notendafyrirtækisins má með ákvörðun dómstóla lengja ábyrgðartíma notendafyrirtækisins í allt að tólf mánuði. Krafa telst hafa borist notendafyrirtæki þegar starfsmaður krefur notendafyrirtækið skriflega, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír, um vangoldin laun og/eða aðrar vangreiðslur skv. 3. mgr. þar sem meðal annars er gerð grein fyrir í hverju vanefnd fyrirtækisins hefur falist, þ.m.t. hvenær viðkomandi krafa féll í gjalddaga, og með hvaða hætti starfsmaðurinn óskar eftir að svar berist frá notendafyrirtækinu. Krafa telst einnig hafa borist notendafyrirtæki ef samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutrygg-

ingu lífeyrisréttinda, hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangreiðslur fyrirtækis skv. 3. mgr. vegna starfsmanns fyrirtækisins.

Notendafyrirtæki skal gera hlutaðeigandi fyrirtæki grein fyrir framkominni kröfu skv. 4. mgr. án ástæðulausrar tafar og skora á fyrirtækið að greiða kröfuna eða að öðrum kosti gera grein fyrir afstöðu sinni til hennar innan sjö virkra daga frá móttöku áskorunar um greiðslu kröfunnar. Telji notendafyrirtæki vafa leika á réttmæti kröfu, hafi það í hyggju að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 6. mgr., eða synja um greiðslu kröfu á grundvelli undanþágu frá ábyrgð notendafyrirtækis skv. 11. gr. b skal það gera fyrirtækinu og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir þeirri afstöðu sinni innan sjö virkra daga frá því að frestur fyrirtækis skv. 1. másl. rann út og skal skriflegur rökstuðningur fylgja með afstöðu notendafyrirtækisins. Að öðrum kosti skal notendafyrirtækið greiða viðkomandi kröfu innan 24 virkra daga frá því að krafan barst því.

Notendafyrirtæki og starfsmanni fyrirtækis er heimilt að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um réttmæti kröfu skv. 4. mgr. innan sjö virkra daga frá því að frestur fyrirtækis skv. 1. másl. 5. mgr. rann út og skal umsögn samráðsnefndarinnar liggja fyrir innan sjö virkra daga frá því að óskað var eftir henni. Nýti notendafyrirtæki eða starfsmaður fyrirtækis heimild sína skv. 1. másl. skal notendafyrirtækið að nýju gera fyrirtækinu og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir afstöðu sinni til kröfunnar innan þriggja virkra daga frá því að notendafyrirtækinu barst umsögn samráðsnefndarinnar í hendur.

Notendafyrirtæki er heimilt að draga frá greiðslu til fyrirtækis, sem það er í samningssambandi við, þá fjárhæð sem nemur þeim kostnaði sem notendafyrirtækið verður fyrir í tengslum við greiðslu kröfu skv. 4. mgr., þ.m.t. vegna greiðslu vaxtakostnaðar, innheimtukostnaðar og málskostnaðar, eftir því sem við á.

Höfði starfsmaður fyrirtækis dómsmál hér á landi vegna ábyrgðar notendafyrirtækis skal hann gera það innan átta mánaða frá því að afstaða notendafyrirtækisins til viðkomandi kröfu lá fyrir, sbr. 5. mgr., auk þess sem starfsmaðurinn skal þá einnig stefna hlutaðeigandi fyrirtæki þar sem notendafyrirtækið á varnarþing.

Sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga.

b. (11. gr. b.)

Undanþága frá ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Þrátt fyrir ábyrgð notendafyrirtækis skv. 11. gr. a er því heimilt að synja um greiðslu kröfu vegna vangoldinna lágmarkslauna og/eða annarra vangreiðslna skv. 3. mgr. 11. gr. a í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar fyrirtæki veitir notendafyrirtæki þjónustu skemur en samtals tíu virka daga á tólf mánaða tímabili.
- b. Þegar um er að ræða kröfu framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða eiganda þess fyrirtækis sem um ræðir sem og kröfu maka eða annarra skyldmenna framangreindra aðila eða annarra sem eru þeim það nákomnir að unnt er að sýna fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til tengsla þeirra.
- c. Þegar notendafyrirtæki hefur með sannanlegum hætti reynt að tryggja eins og því er unnt að fyrirtæki greiði starfsmönnum sínum laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram, svo sem með því að

afla eftirfarandi upplýsinga hjá því fyrirtæki sem um ræðir hverju sinni um þá starfsmenn fyrirtækisins sem veita notendafyrirtækinu þjónustu hér á landi:

1. nafn hvers starfsmanns,
2. afrit af ráðningarsamningi hvers starfsmanns,
3. afrit af vinnutímaskýrslum hvers starfsmanns,
4. afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og
5. staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, m.a. hvað varðar launafjárhæð.

Óski notendafyrirtæki eftir framangreindum upplýsingum hjá því fyrirtæki sem um ræðir hverju sinni er hlutaðeigandi fyrirtæki skylt að veita notendafyrirtækinu umbeðnar upplýsingar.

Sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Verði fyrirtæki gjaldþrota gilda lög um Ábyrgðasjóð launa, enda séu skilyrði laganna uppfyllt, og á þá ábyrgð notendafyrirtækis skv. 11. gr. a ekki við.

16. gr.

Á undan 12. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: V. KAFLI, **Eftirlit**.

17. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Vinumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem með því hvort um sé að ræða fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., eða sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. 5. tölul. 3. gr., sem og hvort sannanlega sé um að ræða starfsmann, sbr. 6. tölul. 3. gr.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar sem sinna eftirliti á vinnustöðum er meðal annars heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði og skal þeim veittur aðgangur að hlutaðeigandi vinnustöðum óski þeir eftir því. Við eftirlitið ber þeim að sýna sérstök skilríki sem stofnunin gefur út. Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framangreint eftirlit á vinnustöðum þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

Berist Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að fyrirtæki, notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki, notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess að viðkomandi aðili starfi í samræmi við lög þessi.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Í stað orðsins „fylgjast“ kemur: hafa eftirlit.
2. Í stað orðanna „þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör“ kemur: þ.m.t. afrit af þjónustusamningi skv. 7. tölul. 3. gr. eða samkvæmt lögum um starfsmannaleigur, eftir því sem við á, ráðningarsamningum og öðrum gögnum varðandi ráðningarkjör þeirra starfsmanna sem starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi, svo sem vinnutímaskýrslum, launaseðlum og staðfestingu á að

2. Í stað orðsins „eftirlitsins“ í 1. másl. kemur: eftirlits skv. 1. mgr. 12. gr. að mati stofnunarinnar.
3. 2. másl. orðast svo: Starfsmenn Vinnumálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laga þessara, sbr. þó 5. mgr., og helst þagnarskylda þeirra eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.

19. gr.

14. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Afhending ráðningarsamninga, launaseðla og vinnutímaskýrslna.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélags, eftir því sem við á, um hvort efni ráðningarsamnings eða þær upplýsingar um laun sem fram koma á launaseðli starfsmanns, m.a. með tilliti til upplýsinga í vinnutímaskýrslum starfsmannsins, séu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram.

Vinnumálastofnun skal afhenda samtökum aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmanns fer fram afrit af ráðningarsamningi, launaseðlum og vinnutímaskýrslum starfsmannsins sem og þeim gögnum sem borist hafa Vinnumálastofnun og ætlað er að staðfesta að laun starfsmannsins hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, m.a. hvað varðar launafjárhæð, þegar fyrrnefndir aðilar óska eftir slíkum afritum, enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram.

Samtök aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélag, eftir því sem við á, skulu fara með persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem fram koma í þeim gögnum sem fyrrnefndir aðilar fá afrit af á grundvelli ákvæðis þessa, í samræmi við ákvæði þeirra laga, svo sem hvað varðar vinnslu og varðveislu upplýsinganna.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fari að lögum“ kemur: notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fari að lögum þessum.
- b. Í stað orðsins „fyrirtækisins“ kemur: hlutaðeigandi aðila.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. a laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Á eftir orðunum „Fari fyrirtæki“ kemur: notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur.
 2. Í stað orðanna „hlutaðeigandi fyrirtæki“ kemur: hlutaðeigandi aðili.
- b. Í stað 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðila sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. beinist að skal veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu Vinnumálastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir skal fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem hún beinist að eða fulltrúa hans þegar um fyrirtæki er að ræða, sbr. 10. gr., og skal henni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnumálastofnunar.

Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun beinist að og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.

- c. Við 3. mgr., sem verður 6. mgr., bætist: að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir samkvæmt ákvæðum stjórnáskýslulaga.

22. gr.

Á eftir 15. gr. a laganna kemur ný grein, 15. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Stjórnvaldssektir.

Vinnumálastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á sjálfstætt starfandi einstakling ef hann veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1., 2. og 3. mgr. 7. gr. á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi er að ræða af hálfu einstaklingsins.

Vinnumálastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1., 2., 4. eða 5. mgr. 8. gr. sem og 2. mgr. 10. gr. á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi er að ræða af hálfu fyrirtækisins.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 5.000.000 kr.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skal meðal annars taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, hvort um ítrekað brot sé að ræða og samstarfsvilja hins brotlega aðila. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem hún beinist að eða fulltrúa hans þegar um fyrirtæki er að ræða, sbr. 10. gr., og skal henni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu.

Heimild Vinnumálastofnunar til þess að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt ákvæði þessu fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi skv. 1. eða 2. mgr. lauk.

Stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar.

Að öðru leyti fer um ákvarðanir Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssektir samkvæmt ákvæðum stjórnáskýslulaga.

23. gr.

Á undan 16. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: VI. KAFLI, **Ýmis ákvæði.**

24. gr.

Orðin „laga þessara“ í 16. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Í stað orðanna „ákvörðun Vinnumálastofnunar“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: ákvarðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Á eftir orðunum „þar á meðal“ í 19. gr. laganna kemur: um rafræna málsmeðferð og.

27. gr.

Við 20. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lög þessi eru jafnframt sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“).

28. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda.**

II. KAFLI

Breyting á lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, með síðari breytingum.

29. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra. Jafnframt gilda lög þessi um skyldur notendafyrirtækja í tengslum við þjónustusamning þeirra við starfsmannaleigur.

Þegar um er að ræða erlenda starfsmannaleigu sem veitir þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar gilda enn fremur lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, sbr. 4. mgr. 1. gr. þeirra laga, um viðkomandi starfsmannaleigu og starfsmenn hennar hér á landi, eftir því sem við á. Sama á við um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja sem gert hafa þjónustusamning við slíka starfsmannaleigu, eftir því sem við á.

30. gr.

Á eftir 1. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 1. gr. a – 1. gr. c, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (1. gr. a.)

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna starfsmannaleigna sem starfa á innlendum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hérlandis.

Þá er það markmið laga þessara að tryggja að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir eðli og umfang starfsemi starfsmannaleigna sem starfa á innlendum vinnumarkaði.

b. (1. gr. b.)

Stjórnsýsla.

Ráðherra fer með stjórnsýslu á því sviði sem lög þessi taka til. Vinnumálastofnun annast framkvæmd laga þessara innan stjórnsýslunnar.

c. (1. gr. c.)

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Notendafyrirtæki*: Notendafyrirtæki er einstaklingur, félag, opinber aðili eða annar sá sem stundar atvinnurekstur og hefur á grundvelli þjónustusamnings skv. 4. tölul. leigt starfsmann af starfsmannaleigu gegn gjaldi til að sinna tímabundnum störfum á vinnustað sínum undir verkstjórn sinni.
2. *Starfsmaður*: Starfsmaður starfsmannaleigu er hver sá sem er ráðinn til starfa hjá starfsmannaleigu og er leigður gegn gjaldi til notendafyrirtækis á grundvelli þjónustusamnings skv. 4. tölul.
3. *Starfsmannaleiga*: Starfsmannaleiga er sjálfstætt starfandi einstaklingur eða félag sem samkvæmt þjónustusamningi skv. 4. tölul. leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.
4. *Þjónustusamningur*: Þjónustusamningur er samningur milli notendafyrirtækis og starfsmannaleigu um að notendafyrirtækið leigi gegn gjaldi tiltekinn starfsmann eða tiltekna starfsmenn af starfsmannaleigunni í ákveðinn tíma til að sinna störfum á vinnustað sínum undir verkstjórn sinni.

31. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Gildissvið, markmið, stjórnsýsla og orðskýringar.**

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
 1. Í stað orðanna „fyrirtækis, kennitala og heimilisfang ásamt nafni fyrirsvarsmanns þess, kennitala hans og heimilisfang“ í 1. másl. kemur: starfsmannaleigu, heimilisfang hennar og netfang sem og nafn fyrirsvarsmanns starfsmannaleigunnar og netfang hans.
 2. Eftirfarandi breytingar verða á 2. másl.:
 - a. Í stað orðanna „staðfestu fyrirtækis í heimaríki og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki og“ kemur: heimilisfang starfsmannaleigunnar í heimaríki sem og upplýsingar um sannanlega staðfestu starfsmannaleigunnar í heimaríki, svo sem gögn sem sýna fram á efnahagslega starfsemi, þ.m.t. gögn frá skattyfirvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki, þar á meðal.
 - b. Í stað orðsins „fyrirtæki“ kemur: starfsmannaleigan.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr.:
 1. Í stað orðanna „þá sem hafa tilkynnt sig“ kemur: starfsmannaleigur sem veitt hafa stofnuninni upplýsingar.
 2. Við bætist: svo sem rafrænt. Í skránni skulu meðal annars koma fram nafn starfsmannaleigu og netfang hennar sem og upplýsingar um virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild um efnahagslega starfsemi hennar í heimaríki.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fulltrúa fyrirtækisins hér á landi ásamt kennitölu hans og lögheimili eða dvalarstað hér á landi“ kemur: og kennitölu eða fæðingardag fulltrúa starfsmannaleigunnar hér á landi sem og um lögheimili eða dvalarstað hans hér á landi og netfang hans.
- b. Í stað orðsins „þess“ kemur: starfsmannaleigunnar.
- c. Í stað orðsins „fyrirtækið“ kemur: starfsmannaleigan.
- d. Í stað orðsins „það“ kemur: hún.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl.:
 - a. Á eftir orðunum „eftirfarandi upplýsingar“ kemur: og/eða aðgang að gögnum, eftir því sem við á.
 - b. Við bætist: Meðal annars skal eftirfarandi koma fram.
 2. Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul.:
 - a. Í stað orðsins „dvalartíma“ kemur: starfstíma.
 - b. Í stað orðsins „fyrirtækisins“ kemur: starfsmannaleigunnar.
 3. 5. tölul. orðast svo: Afrit af ráðningarsamningum þeirra starfsmanna sem starfa munu á vegum starfsmannaleigunnar hér á landi.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmannaleiga sem hyggst ekki veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum en veitir samt sem áður þjónustu hér á landi sem varir lengur skal veita Vinnumálastofnun upplýsingar og/eða aðgang að gögnum, eftir því sem við á, skv. 1. mgr. eigi síðar en á ellefta virka degi sem þjónustan hefur varað hér á landi í hvert skipti.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr., sem verður 3. mgr.:
 1. Í stað orðanna „1.–4. tölul. 1. mgr. sem starfsmannaleigunni ber að afhenda notendafyrirtækinu“ kemur: 1.–6. tölul. 1. mgr. og ber starfsmannaleigunni að afhenda notendafyrirtækinu staðfestinguna, sbr. 4. gr. a.
 2. Í stað orðanna „starfsemi starfsmannaleigunnar hófst hér á landi, sbr. 4. gr. a“ kemur: starfsmannaleigan hefur móttækið staðfestinguna frá Vinnumálastofnun.
- d. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr., sem verður 4. mgr.:
 1. Á eftir orðinu „tilkynna“ kemur: um það.
 2. Á eftir orðinu „Vinnumálastofnunar“ kemur: án ástæðulausrar tafar.
- e. Á eftir 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á þeim tíma sem starfsmannaleiga veitir þjónustu hér á landi og í einn mánuð eftir að hún hættir að veita þjónustu hér á landi ber henni að hafa ávallt tiltæk afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðlum, meðal annars hvað varðar launafjárhæð, sem og afrit af vinnutímaskýrslum sem sýna vinnutíma hvers starfsmanns. Ber starfsmannaleigu að afhenda fyrrnefnd gögn til Vinnumálastofnunar eigi síðar en tveimur virkum dögum frá því að beiðni stofnunarinnar þess efnis berst starfsmannaleigunni. Eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í hvert skipti skal starfsmannaleiga upplýsa Vinnumálastofnun um hvernig stofnunin geti nálgast framangreindar upplýsingar.

f. 4. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo:

Vinnumálastofnun skal afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skatt-
yfirkvöldum, tollýfirkvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti
ríkisins og Þjóðskrá Íslands, upplýsingar skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. og 4. mgr., enda sé ein-
göngu um að ræða upplýsingar sem ætla má að falli undir málefnasvið viðkomandi
stjórnvalds og nýtist þannig stjórnvaldinu, svo sem við lögbundið eftirlit þess.

g. Greinarfyrirsögn orðast svo: *Upplýsingaskylda*.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. a laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Í stað orðanna „2. mgr. 4. gr. um að starfsmannaleiga“ kemur: 3. mgr. 4. gr. frá starfs-
mannaleigu um að hún.
2. Í stað orðsins „tilkynningarskyldu“ kemur: upplýsingaskyldu.
3. Í stað orðsins „tveimur“ kemur: tíu.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:

1. Í stað orðanna „fyrirtækis, nafn fyrirsvarsmanns þess og heimilisfang í heimaríki“
kemur: starfsmannaleigunnar, heimilisfang hennar hér á landi eða í heimaríki og
netfang sem og nafn fyrirsvarsmanns starfsmannaleigunnar og netfang hans.
2. Í stað orðsins „fyrirtækis“ í síðara skiptið kemur: starfsmannaleigu.
3. Í stað orðsins „fyrirtækisins“ kemur: starfsmannaleigunnar og netfang hans.

c. Í stað orðanna „fyrirtækis skv. 2. mgr. 4. gr.“ í 3. mgr. kemur: starfsmannaleigu skv.
3. mgr. 4. gr.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verði notendafyrirtæki vart við að starfsmannaleiga sem það hefur gert þjónustusam-
ning við brjóti gegn lögum þessum, svo sem hvað varðar laun eða önnur starfskjör starfs-
manna starfsmannaleigunnar, skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofn-
unar án ástæðulausrar tafar.

36. gr.

Á eftir 4. gr. a laganna koma tvær nýjar greinar, 4. gr. b og 4. gr. c, ásamt fyrirsögnum,
svohljóðandi:

a. (4. gr. b.)

Ábyrgð notendafyrirtækis.

Notendafyrirtæki ber óskipta ábyrgð á grundvelli þjónustusamnings skv. 4. tölul. 1. gr. c á
vangoldnum lágmarkslaunum sem og öðrum vangreiðslum skv. 2. mgr. vegna starfsmanna
starfsmannaleigu. Ef notendafyrirtæki er hluti fyrirtækjasamstæðu ber móðurfélagið sameigin-
lega ábyrgð með notendafyrirtækinu. Sama á við um annað félag ef það er stjórnandi notenda-
fyrirtækisins sem um ræðir hverju sinni.

Ábyrgð notendafyrirtækis nær til vangoldinna launa og starfskjara sem starfsmaður hefði að
lágmarki átt að njóta, sbr. 5. gr. a, á þeim tíma sem hann sinnti störfum fyrir notendafyrirtækið
sem og vangoldinna launatengdra gjalda. Ábyrgðin nær ekki til vangoldinna orlofslauna.

Krafa vegna vangreiðslna, sbr. 2. mgr., skal hafa borist notendafyrirtæki innan fjögurra
mánaða frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Ef notendafyrirtæki vissi eða mátti vita af bersýnilegri
vanefnd hvað varðar greiðslur skv. 2. mgr. má með ákvörðun dómstóla lengja ábyrgðartíma
notendafyrirtækisins í allt að tólf mánuði. Krafa telst hafa borist notendafyrirtæki þegar starfs-

maður krefur notendafyrirtækið skriflega, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír, um vangoldin laun og/eða aðrar vangreiðslur skv. 2. mgr. þar sem meðal annars er gerð grein fyrir í hverju vanefnd starfsmannaleigunnar hefur falist, þ.m.t. hvenær viðkomandi krafa féll í gjald-daga, og með hvaða hætti starfsmaðurinn óskar eftir að svar berist frá notendafyrirtækinu. Krafa telst einnig hafa borist notendafyrirtæki ef samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangreiðslur fyrirtækis skv. 2. mgr. vegna starfsmanns starfsmannaleigunnar.

Notendafyrirtæki skal gera hlutaðeigandi starfsmannaleigu grein fyrir framkominni kröfu skv. 3. mgr. án ástæðulausrar tafar og skora á starfsmannaleiguna að greiða kröfuna eða að öðrum kosti gera grein fyrir afstöðu sinni til hennar innan sjö virkra daga frá móttöku áskorunar um greiðslu kröfunnar. Telji notendafyrirtæki vafa leika á réttmæti kröfu, hafi það í hyggju að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 5. mgr., eða synja um greiðslu kröfu á grundvelli undanþágu frá ábyrgð notendafyrirtækis skv. 4. gr. c skal það gera starfsmannaleigunni og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir þeirri afstöðu sinni innan sjö virkra daga frá því að frestur starfsmannaleigu skv. 1. másl. rann út og skal skriflegur rökstuðningur fylgja með afstöðu notendafyrirtækisins. Að öðrum kosti skal notendafyrirtækið greiða viðkomandi kröfu innan 24 virkra daga frá því að krafan barst því.

Notendafyrirtæki og starfsmanni starfsmannaleigu er heimilt að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. innan sjö virkra daga frá því að frestur starfsmannaleigu skv. 1. másl. 4. mgr. rann út og skal umsögn samráðsnefndarinnar liggja fyrir innan sjö virkra daga frá því að óskað var eftir henni. Nýti notendafyrirtæki eða starfsmaður starfsmannaleigu heimild sína skv. 1. másl. skal notendafyrirtækið að nýju gera starfsmannaleigunni og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir afstöðu sinni til kröfunnar innan þriggja virkra daga frá því að notendafyrirtækinu barst umsögn samráðsnefndarinnar í hendur.

Notendafyrirtæki er heimilt að draga frá greiðslu til starfsmannaleigu þá fjárhæð sem nemur þeim kostnaði sem notendafyrirtækið verður fyrir í tengslum við greiðslu kröfu skv. 3. mgr., þ.m.t. vegna greiðslu vaxtakostnaðar, innheimtukostnaðar og málskostnaðar, eftir því sem við á.

Höfði starfsmaður starfsmannaleigu dómsmál hér á landi vegna ábyrgðar notendafyrirtækis skal hann gera það innan átta mánaða frá því að afstaða notendafyrirtækisins til viðkomandi kröfu lá fyrir, sbr. 4. mgr., auk þess sem starfsmaðurinn skal þá einnig stefna hlutaðeigandi starfsmannaleigu þar sem notendafyrirtækið á varnarþing.

Sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga.

b. (4. gr. c.)

Undanþága frá ábyrgð notendafyrirtækis.

Þrátt fyrir ábyrgð notendafyrirtækis skv. 4. gr. b er notendafyrirtæki heimilt að synja um greiðslu kröfu vegna vangreiðslna, sbr. 2. mgr. 4. gr. b, í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar starfsmannaleiga leigir notendafyrirtæki starfsmenn skemur en samtals tíu virka daga á tólf mánaða tímabili.
- b. Þegar um er að ræða kröfu framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða eiganda þeirrar starfsmannaleigu sem um ræðir sem og kröfu maka eða annarra skyldmenna framan-greindra aðila eða annarra sem eru þeim það nákomnir að unnt er að sýna fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til tengsla þeirra.

- c. Þegar notendafyrirtæki hefur gert þjónustusamning við starfsmannaleigu sem samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, hefur veitt viðurkenningu á grundvelli kjarasamninga samtaka aðila vinnu- markaðarins með þeim takmörkunum sem í samningunum felast hverju sinni.
- d. Þegar notendafyrirtæki hefur með sannanlegum hætti reynt að tryggja eins og því er unnt að starfsmannaleiga greiði starfsmönnum sínum laun í samræmi við 5. gr. a, svo sem með því að afla eftirfarandi upplýsinga hjá þeirri starfsmannaleigu sem um ræðir hverju sinni um þá starfsmenn starfsmannaleigunnar sem veita notendafyrirtækinu þjónustu hér á landi:
 1. nafn hvers starfsmanns,
 2. afrit af ráðningarsamningi hvers starfsmanns,
 3. afrit af vinnutímaskýrslum hvers starfsmanns,
 4. afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og
 5. staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, m.a. hvað varðar launafjárhæð.

Óski notendafyrirtæki eftir framangreindum upplýsingum hjá þeirri starfsmannaleigu sem um ræðir hverju sinni er hlutaðeigandi starfsmannaleigu skylt að veita notendafyrirtækinu umbeðnar upplýsingar.

Sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Verði starfsmannaleiga gjaldþrota gilda lög um Ábyrgðasjóð launa, enda séu skilyrði laganna uppfyllt, og á þá ábyrgð notendafyrirtækis skv. 4. gr. b ekki við.

37. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Skyldur og ábyrgð.**

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „öðru fyrirtæki“ kemur: notendafyrirtæki hér á landi.
- b. Í stað orðanna „þess fyrirtækis“ kemur: sama notendafyrirtækis.
- c. Í stað orðanna „það fyrirtæki“ kemur: það notendafyrirtæki.

39. gr.

Í stað orðsins „fyrirtæki“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: notendafyrirtæki.

40. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Vinumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar sem sinna eftirliti á vinnustöðum er meðal annars heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði og skal þeim veittur aðgangur að hlutaðeigandi vinnustöðum óski þeir eftir því. Við eftirlitið ber þeim að sýna sérstök skilríki sem stofnunin gefur út. Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framan- greint eftirlit á vinnustöðum þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar.

Berist Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri

niðurstöðu að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess að viðkomandi starfsmannaleiga starfi í samræmi við lög þessi.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Í stað orðsins „fylgjast“ kemur: hafa eftirlit.
 2. Í stað orðanna „þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör“ kemur: afrit af þjónustusamningum skv. 4. tölul. 1. gr. c, ráðningarsamningum, vinnutímaskýrslum og launaseðlum sem og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, m.a. hvað varðar launafjárhæð.
- b. Í stað orðsins „fylgjast“ í 2. mgr. kemur: hafa eftirlit.
- c. Á eftir 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Upplýsingar sem notendafyrirtæki og starfsmannaleigur skulu veita Vinnumálastofnun samkvæmt lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Þegar gögn eru afhent á öðru tungumáli en íslensku eða ensku skulu fylgja þeim þýðingar á íslensku eða ensku. Þrátt fyrir framangreint getur Vinnumálastofnun í undantekningartilvikum ákveðið að taka við gögnum á öðru tungumáli en íslensku eða ensku, svo sem þegar þýðing gagnanna er óþörf að mati stofnunarinnar.

Vinnumálastofnun getur aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem stofnuninni er það heimilt samkvæmt lögum þessum, rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður.

Berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laga þessara sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða er stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laga þessara skv. 1. mgr. 9. gr. skal stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sem koma stofnuninni að gagni, svo sem við mat á því hvort ákvæði laga þessara hafi verið brotin, þ.m.t. upplýsingum um nöfn og kennitölur starfsmannaleigna sem og upplýsingum um launagreiðslur til starfsmanna, og ber hlutaðeigandi aðilum að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Berist stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum þessum er þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.
- d. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr., sem verður 7. mgr.:
 1. Í stað orðanna „sér annarra upplýsinga um starfsemina“ í 1. másl. kemur: annarra upplýsinga.
 2. Í stað orðsins „eftirlitsins“ í 1. másl. kemur: eftirlits skv. 1. mgr. 9. gr. að mati stofnunarinnar.
 3. 2. másl. orðast svo: Starfsmenn Vinnumálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laga þessara, sbr. þó 4. mgr., og helst þagnarskylda þeirra eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.

42. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Afhending ráðningarsamninga, launaseðla og vinnutímaskýrslna.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélags, eftir því sem við á, um hvort efni ráðningarsamnings eða þær upplýsingar um laun sem fram koma á launaseðli starfsmanns starfsmannaleigu, m.a. með tilliti til upplýsinga í vinnutímaskýrslum starfsmannsins, séu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram.

Vinnumálastofnun skal afhenda samtökum aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmanns starfsmannaleigu fer fram afrit af ráðningarsamningi, launaseðlum og vinnutímaskýrslum starfsmannsins sem og þeim gögnum sem borist hafa Vinnumálastofnun og ætlað er að staðfesta að laun starfsmannsins hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, m.a hvað varðar launafjárhæð, þegar fyrrnefndir aðilar óska eftir slíkum afritum, enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram.

Samtök aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélag, eftir því sem við á, skulu fara með persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem fram koma í þeim gögnum sem fyrrnefndir aðilar fá afrit af á grundvelli ákvæðis þessa, í samræmi við ákvæði þeirra laga, svo sem hvað varðar vinnslu og varðveislu upplýsinganna.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. a laganna:

- a. Í stað orðsins „fyrirtæki“ í 1. mgr. kemur: starfsmannaleiga.
- b. Í stað 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmannaleigu sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. beinist að skal veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Tilkyningu Vinnumálastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir skal fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeirri starfsmannaleigu sem hún beinist að eða fulltrúa hennar, sbr. 3. gr., og skal ákvörðuninni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sú starfsmannaleiga sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að henni var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnumálastofnunar.

Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna þeirrar starfsmannaleigu sem ákvörðun beinist að og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.

- c. Við 4. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.

44. gr.

Á eftir 11. gr. a laganna kemur ný grein, 11. gr. b, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Stjórnvaldssektir.

Vinnumálastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á starfsmannaleigu sem veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 2. mgr. 3. gr. sem og 1., 2., 4. eða 5. mgr. 4. gr. á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi er að ræða af hálfu starfsmannaleigunnar.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 5.000.000 kr.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skal meðal annars taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, hvort um ítrekað brot sé að ræða og samstarfsvilja hins brotlega aðila. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna starfsmannaleigunnar.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeirri starfsmannaleigu sem hún beinist að eða fulltrúa hennar, sbr. 3. gr., og skal ákvörðuninni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu.

Heimild Vinnumálastofnunar til þess að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt ákvæði þessu fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi skv. 1. mgr. lauk.

Stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar.

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssektir samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

45. gr.

Í stað orðanna „ákvörðun Vinnumálastofnunar“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: ákvarðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Við 14. gr. laganna bætist: þar á meðal um rafræna málsmeðferð.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum,
nr. 42/2010, með síðari breytingum.**

47. gr.

Á eftir orðinu „skattyfirvalda“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Vinnueftirlits ríkisins.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 2. mgr. koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Atvinnurekanda sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. beinist að skal veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu Vinnumálastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir skal fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim atvinnurekanda sem hún beinist að og skal henni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir felur það í sér að sá atvinnurekandi sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnumálastofnunar.

Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsektar skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna þess atvinnurekanda sem ákvörðun beinist að og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar.

b. Við 3. mgr., sem verður 7. mgr., bætist: að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

49. gr.

Á eftir orðunum „framkvæmd laga þessara“ í 8. gr. laganna kemur: þar á meðal um rafræna málsmeðferð.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

50. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: þar á meðal um rafræna málsmeðferð.

51. gr.

1. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi skv. 8.–13. gr. og 15.–16. gr. ef eftirfarandi skilyrði eru m.a. uppfyllt eftir því sem við á hverju sinni.

52. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

53. gr.

Á eftir orðunum „dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða“ í a-lið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: dvalarleyfi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals, dvalarleyfi fyrir fórnarlamb mansals.

54. gr.

Orðin „eða ótímabundins dvalarleyfis“ í 1. másl. 2. mgr. og 7. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

55. gr.

Orðin „og samanlagður starfstími á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa skv. 9. gr. skal aldrei vera lengri en tvö ár“ í 3. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

56. gr.

7. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir að skilyrði laga þessara séu uppfyllt er Vinnumálastofnun heimilt að synja um veitingu tímabundins atvinnuleyfis vegna starfa útlendinga hjá atvinnurekanda sem áður hefur brotið gegn lögum þessum, svo sem með því að hafa áður ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum. Sama á við hafi atvinnurekandi áður ráðið útlending til starfa á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum en ekki greitt honum laun í samræmi við gildandi kjarasamning í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fór fram eða ekki staðið skil á staðgreiðslu skatta og/eða tryggingagjaldi lögum samkvæmt. Jafnframt gildir hið sama ef um er að ræða útlending sem áður hefur brotið gegn lögum þessum, svo sem með því að hafa ráðið sig til starfa hér á landi án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

57. gr.

Á eftir orðunum „sýna það krefjist“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun eða.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingur sem er undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi skv. 1. mgr. skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin kann að óska eftir í þágu eftirlits, sbr. 26. gr.

b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Undanþágur frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi.*

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útlendingur sem er undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi skv. 1. mgr. skal tilkynna til Vinnumálastofnunar um vinnu sína hér á landi eigi síðar en sama dag og vinnan hefst í hvert skipti. Í tilkynningu skv. 1. másl. skulu meðal annars koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a. um útlendinginn:

1. Nafn.
2. Fæðingardagur.
3. Ríkisfang.
4. Númer vegabréfs.
5. Starfsheiti.
6. Heimilisfang hér á landi.
7. Áætlaður dvalartími hér á landi.

b. um atvinnurekanda, ef hann er annar en viðkomandi útlendingur:

1. Nafn og netfang.
2. Heimilisfang í heimaríki.
3. Auðkenni, svo sem virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild.
4. Nafn og netfang tengiliðar atvinnurekanda.

c. um undir hvaða undanþágu 1. mgr. starf útlendinga hér á landi fellur að mati viðkomandi útlendinga.

Útlendingur sem er undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi skv. 1. mgr. skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin kann að óska eftir í þágu eftirlits, sbr. 26. gr.

- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Undanþágur frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi í allt að 90 daga á ári.*

60. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 25. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Upplýsingar sem veittar eru Vinnumálastofnun samkvæmt lögum þessum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír.

Vinnumálastofnun getur aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem stofnuninni er það heimilt samkvæmt lögum þessum, rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður.

Vinnumálastofnun skal afhenda viðeigandi stjórnvöldum upplýsingar sem stofnuninni berast á grundvelli laga þessara, enda óski viðkomandi stjórnvald eftir því í tengslum við lögbundið eftirlit þess. Berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laga þessara sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða er stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laga þessara skv. 26. gr. skal stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sem koma stofnuninni að gagni, svo sem við mat á því hvort ákvæði laga þessara hafi verði brotin, þ.m.t. hvort hér á landi starfi útlendingar án tilskilinnar atvinnuleyfa og ber hlutaðeigandi aðilum að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Berist stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum þessum er þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlits skv. 26. gr. að mati stofnunarinnar. Starfsmenn Vinnumálastofnunar eru bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laga þessara, sbr. þó 2. mgr., og helst þagnarskylda þeirra eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr.:
 1. Á eftir orðinu „Lögreglu“ í 1. másl. kemur: og Vinnumálastofnun.
 2. 2. másl. orðast svo: Lögregla og Vinnumálastofnun skulu sýna sérstök skilríki við störf sín.
- b. Á eftir orðinu „lögreglu“ í 3. mgr. kemur: eða Vinnumálastofnunar.
- c. Á eftir orðinu „Lögreglu“ í 4. mgr. kemur: og Vinnumálastofnun.

62. gr.

Í stað orðanna „um synjun eða afturköllun tímabundins atvinnuleyfis“ í 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: á grundvelli laga þessara.

V. KAFLI

**Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum,
nr. 46/1980, með síðari breytingum.**

63. gr.

36. gr. laganna ásamt millifyrirsögn á undan greininni, e. *Skyldur verkkaupa, fulltrúa verkkaupa, samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála og atvinnurekanda í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð*, orðast svo:

Verkkaupi merkir í lögum þessum einstakling eða atvinnurekanda sem verk er unnið fyrir í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Fulltrúi verkkaupa merkir í lögum þessum einstakling eða atvinnurekanda sem ber ábyrgð á hönnun og/eða framkvæmd og/eða eftirliti með verki og starfar í þágu verkkaupa á grundvelli skriflegs samkomulags þar sem verkkaupi hefur falið honum að gegna tilteknum skyldum sínum samkvæmt ákvæði þessu. Gengið skal frá slíku samkomulagi áður en vinna á viðkomandi vinnustað hefst.

Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála merkir í lögum þessum einstakling eða atvinnurekanda sem falið er af verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa að gegna tilteknum skyldum við undirbúning og framkvæmd verks, svo sem hvað varðar umsjón með skipulagningu og samræmingu aðgerða, sbr. 4. mgr., þar sem fleiri en einn atvinnurekandi er að störfum samtímis við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eru að störfum samtímis við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð skal verkkaupi eða fulltrúi verkkaupa skipuleggja og samræma aðgerðir sem tryggja að við hönnun, undirbúning og framkvæmd verks verði gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Í því felst meðal annars gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar, eftir því sem við á, sbr. 6. mgr. Skal verkkaupi eða fulltrúi verkkaupa skipa einn eða fleiri samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála til að gegna framangreindum skyldum við undirbúning og framkvæmd verks.

Verkkaupi eða fulltrúi verkkaupa skal tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins um vinnustað áður en vinna hefst þegar um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð og ráðgert er að vinna standi yfir lengur en í 30 daga og fleiri en 20 starfsmenn verði við vinnu samtímis. Sama á við um vinnustað þar sem um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð og ráðgert er að vinna taki lengri tíma en nemur 500 dagsverkum.

Við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð skv. 5. mgr. eða við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð þar sem vinna telst sérstaklega hættuleg skal verkkaupi eða fulltrúi verkkaupa sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun áður en vinna hefst í því skyni að tryggja að við framkvæmd verks verði gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Áætlunin skal meðal annars fela í sér almennar reglur sem gilda skulu á vinnustaðnum og lýsingu á sérstökum aðgerðum sem framkvæma þarf til að unnt sé að uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum þessum í tengslum við öryggi, góðan aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Þrátt fyrir að verkkaupi eða fulltrúi verkkaupa feli samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála að gegna tilteknum skyldum samkvæmt ákvæði þessu leysir það verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa ekki undan ábyrgð samkvæmt ákvæðinu.

Þrátt fyrir að verkkaupi feli fulltrúa sínum að gegna tilteknum skyldum samkvæmt ákvæði þessu leysir það verkkaupa ekki undan ábyrgð fái hann vitneskju um að fulltrúi verkkaupa hafi ekki gegnt þeim skyldum sem verkkaupi hefur falið honum að gegna á grundvelli skriflegs samkomulags þess efnis.

Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á grundvallarregluna um ábyrgð atvinnurekanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um þau atriði sem kveðið er á um í ákvæði þessu, meðal annars um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði við hönnun, undirbúning og framkvæmd verks í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð sem og í tengslum við mat á því hvers konar vinna við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð teljist sérstaklega hættuleg, hvaða atriði skulu koma fram í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins skv. 5. mgr., skipun, skyldur og hæfni samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála sem og um gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar skv. 6. mgr., þ.m.t. þau atriði sem koma skulu fram í slíkri áætlum.

64. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sá einn má vera stjórnandi tiltekinnar vélar, sbr. 1.–5. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 46. gr., sem hefur öðlast fullgild réttindi til að stjórna þeirri vél sem um ræðir hverju sinni samkvæmt reglum sem settar hafa verið á grundvelli 3. mgr. 49. gr.

65. gr.

Á eftir 4. mgr. 82. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Upplýsingar sem eiga að vera til á vinnustöðum samkvæmt lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins, fari stofnunin fram á það, og skulu þær vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Sama gildir um upplýsingar sem tilkynna skal til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt lögum þessum.

Vinnueftirlit ríkisins getur aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem stofnuninni er það heimilt samkvæmt lögum þessum, rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður.

Vinnueftirlit ríkisins skal afhenda viðeigandi stjórnvöldum upplýsingar sem stofnuninni berast á grundvelli laga þessara, enda óski viðkomandi stjórnvald eftir því í tengslum við lögbundið eftirlit þess. Berist Vinnueftirliti ríkisins upplýsingar á grundvelli laga þessara sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða er stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Í þeim tilvikum þegar Vinnueftirlit ríkisins býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laga þessara skv. 75. gr. skal stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sem koma stofnuninni að gagni, svo sem við mat á því hvort ákvæði laga þessara hafi verið brotin, þ.m.t. upplýsingum um nöfn og kennitölur fyrirtækja og um fjölda starfsmanna þeirra sem og um nöfn og kennitölur sjálfstætt starfandi einstaklinga, og ber hlutaðeigandi aðilum að veita Vinnueftirliti ríkisins umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Berist stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum þessum er þeim skylt að afhenda Vinnueftirliti ríkisins upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

66. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu lögbundins hlutverks Vinnueftirlits ríkisins skv. 75. gr. að mati stofnunarinnar. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laga þessara, sbr. þó 6. mgr. 82. gr., og helst þagnarskylda þeirra eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar umkvörtun til stofnunarinnar, þ.m.t. nafn þess sem beinir umkvörtun til stofnunarinnar, og helst þagnarskylda þeirra hvað þetta varðar eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.

Þrátt fyrir 2. mgr. er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt í undantekningartilvikum að greina atvinnurekanda eða fulltrúa hans frá umkvörtun til stofnunarinnar þegar um er að ræða lögmætan tilgang og ekki er gengið lengra en nauðsynlegt er auk þess sem sá sem beindi umkvörtuninni til stofnunarinnar hefur veitt samþykki fyrir því.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðila sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. beinist að skal veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu Vinnueftirlits ríkisins um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir skal fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem hún beinist að eða fulltrúa hans og skal henni fylgja skriflegur rökstuðningur.

Ákvörðun um dagsektir felur það í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnueftirlits ríkisins.

Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun beinist að, hversu aðkallandi úrbætur teljast og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.
- c. Við 3. mgr. bætist: að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 105/2014.

68. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Atvinnurekanda er óheimilt að láta starfsmann sem fellur undir frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins gjalda þess hafi starfsmaðurinn leitað réttar síns samkvæmt lögnum.

Séu leiddar líkur að því að brotið hafi verið gegn 1. mgr. skal hlutaðeigandi atvinnurekandi sýna fram á að ástæður þær sem legið hafa til grundvallar þeirri meðferð sem um ræðir tengist ekki því að viðkomandi starfsmaður hafi leitað réttar síns á grundvelli laga þessara. Eigi ætlað brot sér stað meira en einu ári eftir að kvörtun, kæra eða krafa um leiðréttingu kom fram á grundvelli laganna verður þó ekki litið svo á um brot hafi verið að ræða.

69. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsta för launþega, sem vísað er til í V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 219/2015 frá 25. september 2015.

VII. KAFLI

Gildistaka.

70. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka 9., 10., 11. og 14. gr. laga þessara gildi 1. ágúst 2018 að því er varðar fyrirtæki, notendafyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstaklinga, í skilningi laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka 34. og 35. gr. laga þessara gildi 1. ágúst 2018 að því er varðar starfsmannaleigur og notendafyrirtæki, í skilningi laga um starfsmannaleigur, sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir 1. mgr. tekur 59. gr. laga þessara gildi 1. ágúst 2018 að því er varðar útlendinga sem eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir 1. mgr. tekur 63. gr. laga þessara gildi 1. ágúst 2018 að því er varðar þá aðila sem bera skyldur samkvæmt ákvæðinu sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 146. löggjafarþingi 2016–2017 (þingskjal 626–457. mál) en hlaut þó ekki afgreiðslu á því þingi. Tilteknar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu, meðal annars í ljósi athugasemda sem bárust Alþingi.

Í upphafi árs 2016 tók til starfa óformlegur starfshópur á vegum þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra vegna aukinnar þátttöku erlendra ríkisborgara á innlendum vinnumarkaði. Í samráðshópnum áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins. Auk þess áttu Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun fulltrúa í hópnum.

Hlutverk samráðshópsins var meðal annars að koma með tillögur að hugsanlegum laga-breytingum til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“). Jafnframt var það hlutverk samráðshópsins að fara yfir ákvæði laga sem gilda hér á landi um þátttöku erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði, þ.m.t. um starfsmenn erlendra fyrirtækja eða starfsmannaleigna sem sendir hafa verið tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu, og koma með tillögur til ráðherra um nauðsynlegar lagabreytingar. Þá var það hlutverk hópsins að fara yfir ákvæði annarra laga sem gilda á vinnumarkaði, meðal annars í því skyni að

bregðast við fyrrnefndri fjölgun erlendra starfsmanna á innlendum vinnumarkaði og til að bregðast við tilteknum aðstæðum sem upp hafa komið við framkvæmd viðkomandi laga.

Ljóst er að aldrei hafa fleiri erlendir ríkisborgarar starfað á vinnumarkaði hérlendis en á árinu 2017 en þá voru þeir um 12,4% af þátttakendum á innlendum vinnumarkaði. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru ríflega 24.000 erlendir starfsmenn þátttakendur á vinnumarkaði hérlendis að jafnaði á árinu 2017 og var það aukning frá árinu 2016 þegar þeir voru ríflega 20.000 að jafnaði. Til samanburðar voru um 18.200 erlendir ríkisborgarar starfandi hér á landi árið 2008 en ári áður voru þeir rúmlega 16.000 og árið 2006 ríflega 12.000. Tiltölulega lítil fækkun varð á erlendum ríkisborgurum sem störfuðu á innlendum vinnumarkaði í kjölfar efnahagsþrenginganna sem hófust hér á landi 2008. Lægst varð hlutfallið árið 2012 þegar 8,2% þátttakenda á innlendum vinnumarkaði voru erlendir ríkisborgarar sem svarar til þess að tæplega 14.700 erlendir ríkisborgarar hafi verið starfandi hér á landi það ár. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru samtals 125 erlend þjónustufyrirtæki skráð hjá stofnuninni á árinu 2017 og höfðu þau sent rúmlega 1.800 starfsmenn tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu. Fjöldi starfsmanna á vegum starfsmannaleigna, innlendra sem erlendra, var rúmlega 3.100 til viðbótar á sama tímabili. Þá gera áætlanir Vinnumálastofnunar ráð fyrir að ekki dragi úr umsvifum erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna á innlendum vinnumarkaði á næstunni heldur komi umsvifin til með að aukast enn frekar á komandi árum.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Megintilgangur frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“). Í aðfaraorðum tilskipunarinnar kemur fram að tilskipunin stuðli meðal annars að því að koma á sameiginlegum ramma viðeigandi ákvæða, ráðstafana og eftirlitakerfa sem nauðsynleg séu til að koma tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, til framkvæmda, beita henni og framfylgja betur og með samræmdari hætti í reynd innan aðildarríkjanna, þ.m.t. ráðstafana til að koma í veg fyrir og beita viðurlögum gegn brotum á gildandi reglum. Fram kemur að tilskipunin hafi þó ekki áhrif á gildissvið tilskipunar 96/71/EB sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Þannig miði tilskipun 2014/67/ESB meðal annars að því að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga sem gilda í aðildarríkjunum um réttindi starfsmanna sem sendir hafa verið tímabundið til annarra aðildarríkja í því skyni að veita þjónustu yfir landamæri.

Vinnumarkaðurinn hér á landi er vel skipulagður með öflugum samtökum launafólks og atvinnurekenda sem semja sín á milli í kjarasamningum um laun og önnur starfskjör starfsmanna sem eru þátttakendur á innlendum vinnumarkaði sem og um aðra þætti er varða hagsmuni launafólks og atvinnurekenda. Samtök aðila vinnumarkaðarins eru einnig ábyrg fyrir eftirliti með því að ákvæði kjarasamninga séu virt á innlendum vinnumarkaði. Þá hafa verið settar reglur og mótuð framkvæmd í samskiptum samtaka aðila vinnumarkaðarins sem gefur stéttarfélagum og samtökum atvinnurekenda ríkt umboð til að koma fram fyrir og gæta hagsmuna launafólks, fyrirtækja og stofnana hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða stofnanir á almennum eða opinberum vinnumarkaði.

Árið 1980 voru sett lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þar sem meðal annars er kveðið á um að laun og önnur starfskjör sem samtök aðila vinnu-

markaðarins semja um skuli vera lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt kemur fram í framangreindum lögum að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli ógildir. Lögin voru sett í því skyni að tryggja að launamenn á innlendum vinnumarkaði njóti ekki lakari kjara en þeirra sem samið er um í kjarasamningum. Þannig er öllum fyrirtækjum sem starfa hér á landi, erlendum jafnt sem innlendum, óheimilt að bjóða starfsmönnum sínum lakari kjör en samið hefur verið um í kjarasamningum óháð því hvort hlutaðeigandi fyrirtæki eru aðilar að viðkomandi kjarasamningum eða ekki. Í samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins frá árinu 2004 er meðal annars áréttað að það sé sameiginleg skylda þeirra og verkefni að verja það fyrirkomulag sem gildir á íslenskum vinnumarkaði og þá sérstaklega að ákvarða kaup og önnur starfskjör með kjarasamningum. Jafnframt er áréttað að öllum fyrirtækjum beri að virða þau lög og kjarasamninga sem hér gilda, óháð þjóðerni viðkomandi fyrirtækis eða starfsmanna þess. Þessi yfirlýsing undirstrikar mikilvægi þess fyrirkomulags á vinnumarkaði sem hér gildir. Sama gildir um þær skyldur sem samtök aðila vinnumarkaðarins hafa axlað til að fylgja því eftir að farið sé að leikreglum á vinnumarkaði.

Markmið frumvarps þessa er að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi sem og fjölda og stöðu erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum hérlendis. Enn fremur er markmiðið að styrkja það eftirlit sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði þannig að tryggja megi eins og kostur er að laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna sem sendir eru tíma- bundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu hér á landi og erlendra starfsmanna er starfa á vegum starfsmannaleigna hérlendis séu í samræmi við ákvæði laga og gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Er í því sambandi talið mikilvægt að áreiðanlegar upplýsingar um störf þeirra séu til hér á landi. Er frumvarpinu því jafnframt ætlað að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu fyrirtækja sem starfa á innlendum vinnumarkaði, hvort sem þau eru innlend eða erlend, með því að koma í veg fyrir eins og frekast er unnt að fyrirtæki er virða ákvæði laga og gildandi kjarasamninga standi frammi fyrir því að eiga í samkeppni við fyrirtæki sem koma sér hjá því að fara að ákvæðum laga og gildandi kjarasamninga en slík brot bitna oft og tíðum ekki síst á starfsmönnum hlutaðeigandi fyrirtækja.

Frumvarpi þessu er einnig ætlað að innleiða með fullnægjandi hætti tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega. Frjáls för launafólks er talin vera lykilþáttur í þróun vinnumarkaðar Evrópska efnahagssvæðisins og telst til grundvallarréttinda í því sambandi. Er tilskipuninni ætlað að styrkja enn frekar framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan svæðisins sem innleidd var með lögum nr. 105/2014, um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frelsið til að veita þjónustu yfir landamæri felur meðal annars í sér rétt fyrirtækja til að veita þjónustu í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og til að senda eigin starfsmenn tímabundið til hlutaðeigandi ríkis til að veita þjónustu í ríkinu. Mikilvægt er að gera greinarmun á störfum starfsmanna erlendra fyrirtækja á grundvelli framangreinds frelsis til að veita þjónustu yfir landamæri og frjálstri för launafólks. Launafólk sem kemur hingað til lands í frjálstri för hefur rétt til að ráða sig til starfa og taka hér upp búsetu í þeim tilgangi að taka þátt á innlendum vinnumarkaði. Um störf þeirra hér á landi gilda almennt sömu reglur og um annað

launafólk og er lögum um fjálsán atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahags-svæðisins ætlað að vernda þá einstaklinga sem hingað koma á grundvelli fjálsræðis gegn mismunum að því er varðar atvinnu, launakjör og önnur starfs- og ráðningarskilyrði í samanburði við íslenska ríkisborgara. Starfsmenn erlendra fyrirtækja koma hins vegar hingað til lands tímabundið í því skyni að veita þjónustu hér á landi á vegum erlendra fyrirtækja sem þeir starfa að jafnaði hjá í heimaríki þeirra. Tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu er ætlað að setja tiltekinn ramma um starfskjör slíkra starfsmanna þannig að þeim verði tryggð ákveðin lágmarksréttindi sem erlendum þjónustuveitendum ber að virða meðan starfsmennirnir starfa hér á landi á þeirra vegum.

Í tengslum við gildissvið tilskipunar 96/71/EB og gildissvið laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra hafa vaknað spurningar um hvort um útsenda starfsmenn geti verið að ræða í skilningi gildissviðs tilskipunarinnar sem ættu þar með einnig að falla undir gildissvið laganna þegar þjónusta er veitt yfir landamæri af erlendum starfsmönnum til annarra aðila hér á landi en notendafyrirtækja í rekstri. Í því sambandi hefur meðal annars verið litið til þess að í a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna er það gert að skilyrði að um sé að ræða þjónustusamning við notendafyrirtæki hér á landi þannig að um útsenda starfsmenn geti verið að ræða. Í því skyni að gera gildissvið laganna skýrara en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að orðalagi a-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna verði breytt þannig að skýrt sé að staflíðurinn eigi við um þau tilvik þegar starfsmaður starfar undir stjórn fyrirtækis sem sendir starfsmanninn tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu, hvort sem um er að ræða þjónustusamning milli fyrirtækisins og notendafyrirtækis hér á landi eða ekki. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við 2. gr.

Í því skyni að auðvelda fyrirtækjum, sem vilja nýta sér rétt sinn til að senda starfsmenn til annars aðildarríkis innan Evrópska efnahags-svæðisins til að veita þar þjónustu á þeirra vegum, að kynna sér lög og reglur sem gilda um réttindi starfsmanna í viðkomandi ríkjum er áréttað í tilskipun 2014/67/ESB að hvert aðildarríki skuli tryggja gott aðgengi að upplýsingum um réttindi starfsmanna sem starfa á innlendum vinnumarkaði hlutaðeigandi ríkis og erlendum fyrirtækjum ber þar af leiðandi að tryggja starfsmönnum sínum meðan þeir starfa í viðkomandi ríkjum. Þannig gerir tilskipunin ráð fyrir að aðildarríkin komi upp sérstakri upplýsingaveitu þar sem viðeigandi upplýsingar eru settar fram með greinargóðum hætti án endurgjalds. Vinnuálastofnun er sú stofnun hér á landi sem hefur verið falið að sinna stjórnarsýslu á því sviði sem lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra sem og lög um starfsmannaleigur taka til. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að svo verði áfram og er því lögð sú skylda á Vinnuálastofnun að hún, í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins, birti með aðgengilegum hætti og án endurgjalds upplýsingar um lög og reglur sem gilda á innlendum vinnumarkaði ásamt upplýsingum um hvar nálgast megi efni gildandi kjarasamninga, sbr. 4. gr. Til að uppfylla þetta ákvæði tilskipunarinnar hefur Vinnuálastofnun þegar sett upp sérstakan vef (posting.is) í samvinnu við ýmsa aðila, svo sem Alþýðusamband Íslands, ríkisskattstjóra, Samtök atvinnulífsins, Sjúkratryggingar Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins og Þjóðskrá Íslands. Um er að ræða upplýsingavef þar sem nálgast má upplýsingar um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn til starfa hingað til lands auk upplýsinga um lög og reglur sem gilda um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Er vefnum ætlað að bæta upplýsingagjöf til erlendra aðila sem starfa tímabundið hér á landi og tryggja að þeir starfi í samræmi við lög og reglur sem hér gilda á innlendum vinnumarkaði. Með tilkomu vefsins geta þessir erlendu aðilar með einföldum hætti nálgast allar helstu upplýsingar á einum stað. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um kaup

og kjör, vinnuvernd, skattamál, mat á starfsréttindum, skráningu til Þjóðskrár og upplýsingar um skráningarskyldu erlendra fyrirtækja til Vinnumálastofnunar. Jafnframt auðveldar vefurinn starfsmönnum erlendra fyrirtækja sem sendir hafa verið tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu að verða sér úti um upplýsingar um rétt sinn til launa og annarra starfskjara á meðan þeir eru þátttakendur á vinnumarkaði hérlendis.

Í aðfaraorðum tilskipunar 2014/67/ESB er meðal annars tekið fram að mikilvægt sé að bæta framkvæmd og eftirlit hvað varðar útsenda starfsmenn, ekki síst til að berjast gegn því að gildandi reglur, sem settar eru fram í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, séu misnotaðar eða sniðgengnar af fyrirtækjum sem nýta sér með óréttmætum eða sviksamlegum hætti frelsi til að veita þjónustu. Því þurfi lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins, í nánú samstarfi við staðfestuaðildarríkið ef nauðsyn krefur, að rannsaka þá efnislegu staðreyndahætti sem einkenna hið tímabundna eðli sem felst í hugtakinu útsending starfsmanna, og það hvort vinnuveitandinn hafi í raun og veru staðfestu í aðildarríkinu sem starfsmaðurinn er sendur frá og í þeirri starfsgrein sem þjónusta þess hér á landi fellur innan. Í þeim tilgangi gerir tilskipunin ráð fyrir gagnkvæmri samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðildarríkjanna í því skyni að greiða fyrir framkvæmd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Í tilskipun 2014/67/ESB er gert ráð fyrir að samstarfið felist einkum í öflun upplýsinga um starfsemi fyrirtækis í heimaríki samkvæmt beiðni frá stjórnvöldum í gistiríki enda hafi beiðnin lögmætan tilgang og ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefur. Í því skyni að tryggja skilvirka afgreiðslu slíkra erinda gerir 6. gr. tilskipunarinnar ráð fyrir að viðkomandi stjórnvald afhendi umbeðnar upplýsingar innan 25 virkra daga frá móttöku beiðni. Sé um mjög brýn tilvik að ræða ber hlutaðeigandi stjórnvöldum hins vegar að afhenda upplýsingar innan tveggja virkra daga frá móttöku beiðni. Í frumvarpinu er lagt til að Vinnumálastofnun sinni þessari upplýsingaskyldu hér á landi, sbr. 4. gr.

Enn fremur er í frumvarpinu lögð áhersla á mikilvægi þess að innlend stjórnvöld sem koma að eftirliti með fyrirtækjum á innlendum vinnumarkaði geti miðlað upplýsingum sín á milli enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu eftirlits hvers stjórnvalds. Þannig er tryggt að upplýsingar komist til viðeigandi stjórnvalds sem vinnur frekar úr þeim í því skyni að koma í veg fyrir brot á ákvæðum laga og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hérlendis.

Frumvarpið skerpir á upplýsingaskyldu fyrirtækja skv. 8. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra í samræmi við efni tilskipunar 2014/67/ESB en í tilskipuninni er aukin áhersla lögð á að fyrirtæki sýni fram á sannanlega staðfestu í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta þess hér á landi fellur innan. Lagt er til að fyrirtæki þurfi að leggja fram gögn sem sýna fram á efnahagslega starfsemi í heimaríki, svo sem gögn frá skattyfirvöldum í heimaríki og umfang veltu fyrirtækisins í heimaríki. Er því ekki nægjanlegt að fyrirtæki hafi formlega staðfestu í heimaríki heldur verður það að hafa þar einhverja efnahagslega starfsemi í þeirri starfsgrein sem þjónusta þess hér á landi fellur innan. Ekki er um nýmæli að ræða þar sem kveðið er á um slíka tilhögun í tilskipun 96/71/EB sem þegar hefur verið innleidd hér á landi með lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Er hér eingöngu um að ræða áréttingu á framangreindri tilhögun auk þess sem lögð er áhersla á að við mat á umfangi veltu hlutaðeigandi fyrirtækis beri að taka tillit til kaupmáttar í heimaríki sem og sérstakra aðstæðna þegar um er að ræða ný fyrirtæki.

Enn fremur er í 10. gr. mælt fyrir um að afrit af þjónustusamningi skuli liggja fyrir sem og afrit af ráðningarsamningum þeirra starfsmanna sem starfa munu á vegum hlutaðeigandi fyrirtækis hér á landi. Áfram er gert ráð fyrir að fyrirtæki leggi fram upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki en í aðfaraorðum tilskipunar

2014/67/ESB er tekið fram að vanti slík vottorð geti það verið vísbending um að ekki beri að líta á umræddar aðstæður þannig að starfsmaður sé sendur tímabundið til að vinna við þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki en því ríki þar sem starfsmaðurinn vinnur að jafnaði. Þá er það nýmæli í frumvarpi þessu að við 8. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra verði bætt þeirri skyldu að á þeim tíma sem fyrirtæki veitir þjónustu hér á landi hafi fyrirtækið ávallt tiltæk afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð, sem og afrit af vinnutímaskýrslum. Er tilgangurinn sá að auðvelda eftirlit Vinnumálastofnunar með því að starfsmenn erlendra fyrirtækja sem hér starfa njóti þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt lögum og reglum sem gilda á innlendum vinnumarkaði á þeim tíma sem þeir eru starfandi hér á landi.

Mikilvægt þykir að komið sé í veg fyrir að ekki sé farið að reglum sem gilda hér á landi um laun og önnur starfskjör starfsmanna erlendra fyrirtækja sem sendir eru tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu með því að halda því ranglega fram að starfsmenn erlends fyrirtækis sem sendir eru hingað til lands á vegum þess á grundvelli þjónustusamnings sem fyrirtækið hefur gert við notendafyrirtæki hér á landi starfi hérlendis sem sjálfstætt starfandi einstaklingar. Er því í 9. gr. lagt til að sjálfstætt starfandi einstaklingum sem koma hingað til lands í því skyni að veita hér tímabundna þjónustu verði gert skylt að veita Vinnumálastofnun tiltekna upplýsingar í því sambandi. Þannig er gert ráð fyrir að sömu skilyrði gildi um sjálfstætt starfandi einstaklinga og fyrirtæki hvað varðar það að efnahagsleg starfsemi í heimaríki þurfi að vera til staðar í báðum tilvikum til þess að viðkomandi aðilum sé heimilt að veita þjónustu yfir landamæri. Munurinn á sjálfstætt starfandi einstaklingi og fyrirtæki sem erlendum þjónustuveitendum í skilningi frumvarpsins er meðal annars sá að sjálfstætt starfandi einstaklingur sem veitir þjónustu hér á landi lýtur eigin verkstjórn við þá þjónustu sem hann veitir hérlendis og hefur ekki starfsmenn í vinnu. Fyrirtæki hefur aftur á móti starfsmenn í vinnu sem sjá um að veita þjónustuna hér á landi fyrir hönd fyrirtækisins og lúta í því sambandi verkstjórn fyrirtækisins. Í þessu sambandi ber þó að líta til þess að þegar um er að ræða starfsmenn starfsmannaleigna, sem leigðir eru til notendafyrirtækis hér á landi í því skyni að veita tiltekna þjónustu, starfa viðkomandi starfsmenn undir verkstjórn hlutaðeigandi notendafyrirtækis. Í ljósi framangreinds er gert ráð fyrir að litið verði á einstaklinga sem fyrirtæki hafi þeir starfsmenn í vinnu en ekki sem sjálfstætt starfandi einstaklinga í skilningi frumvarpsins.

Samkvæmt 12. gr. tilskipunar 2014/67/ESB er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um svokallaða keðjuábyrgð í tilteknum starfsgreinum og er í frumvarpi þessu kveðið á um slíka ábyrgð notendafyrirtækja í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, sbr. 15. gr. Þannig er gert ráð fyrir að notendafyrirtæki geti borið ábyrgð á vangoldnum lágmarkslaunum starfsmanna þess erlenda fyrirtækis sem veitir notendafyrirtækinu þjónustu á grundvelli þjónustusamnings og ábyrgð notendafyrirtækisins nái jafnframt til vangoldinna lágmarkslauna starfsmanna annarra fyrirtækja sem hafa gert þjónustusamninga sem byggjast á fyrrnefndum þjónustusamningi án þess að um sé að ræða beint samningssamband milli notendafyrirtækisins og þessara fyrirtækja. Með vangoldnum lágmarkslaunum er í þessu sambandi átt við laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Enn fremur er gert ráð fyrir að framangreind ábyrgð notendafyrirtækja nái til annarra vangoldinna launaþátta en lágmarkslauna sem og til vangoldinna launa fyrir yfirvinnu og vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum. Þá er gert ráð fyrir að ábyrgð notendafyrirtækisins nái til vangoldinna launatengdra gjalda hér á landi í tengslum við framangreindar vangreiðslur fyrirtækisins. Ekki er þó lagt til að ábyrgð notendafyrirtækisins nái til vangoldinna orlofslauna fyrirtækis.

Í 15. gr. er kveðið á um svokallaða keðjuábyrgð notendafyrirtækja í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð þar sem um er að ræða ábyrgð notendafyrirtækja sem ætlað er að ná til vangoldinna lágmarkslauna starfsmanna fyrirtækis sem notendafyrirtækið hefur samið beint við með þjónustusamningi sem nánar er skýrður í 5. gr. sem og annarra launabátta, yfirvinnugreiðslna og launa í veikinda og slysatilvikum, auk launatengdra gjalda hér á landi. Jafnframt er gert ráð fyrir að ábyrgð notendafyrirtækisins nái til sömu atriða vegna starfsmanna annarra fyrirtækja sem hafa gert þjónustusamninga sem byggjast á upphaflega þjónustusamningnum án þess að um beint samningssamband sé að ræða milli þeirra fyrirtækja og notendafyrirtækisins enda um undirverktaka að ræða í sama verki og upphaflegi þjónustusamningurinn laut að. Í 15. gr. er nánar kveðið á um hvernig gert er ráð fyrir að starfsmaður sem í hlut á skuli bera sig að vilji hann gera kröfu á hendur notendafyrirtæki um greiðslu vangoldinna launa eða annarra þátta sem ábyrgðin nær til. Þá er í 15. gr. tilgreint nánar í hvaða tilvikum notendafyrirtæki verði heimilt að synja um greiðslu kröfu starfsmanns, meðal annars um vangoldin lágmarkslaun. Eru þar nefnd þau tilvik þegar það fyrirtæki sem í hlut á veitir notendafyrirtæki þjónustu hér á landi skemur en tíu virka daga á tólf mánaða tímabili sem og þegar um er að ræða kröfu framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða eigenda fyrirtækisins sem í hlut á eða annarra sem eru þeim það nákomnir að unnt er að sýna fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til tiltekinna tengsla þeirra. Enn fremur verði notendafyrirtæki undanþegið ábyrgð hafi það með sannanlegum hætti gripið til ráðstafana í því skyni að tryggja eins og því er unnt að fyrirtæki greiði starfsmönnum sínum laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Lagt er til að sambærilegu ákvæði verði bætt við lög um starfsmannaleigu þar sem gert er ráð fyrir að ábyrgð notendafyrirtækis komi til tiltekinna vanefnda starfsmannaleigu gagnvart starfsmönnum sínum vegna starfa þeirra hér á landi. Ekki er þó gert ráð fyrir keðjuábyrgð í slíkum tilvikum eðli málsins samkvæmt auk þess sem ábyrgð notendafyrirtækja er ekki ætlað að takmarkast við notendafyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Ábyrgðinni er ætlað að ná til þeirra launa og starfskjara sem starfsmaður hefði að lágmarki átt að njóta, sbr. 5. gr. a laganna, á þeim tíma sem hann sinnti störfum fyrir notendafyrirtæki hér á landi á vegum viðkomandi starfsmannaleigu.

Þá er í frumvarpinu lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem veita stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum í samræmi við 8. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra sem og í þeim tilvikum þegar fyrirtæki veita stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi er að ræða af hálfu fyrirtækisins. Jafnframt verði kveðið á um samsvarandi heimild í lögum um starfsmannaleigu. Er það gert til að tryggja eins vel og unnt er að fyrirtæki sinni umræddri upplýsingaskyldu sinni þar sem tilteknar upplýsingar frá fyrirtæki eða starfsmannaleigu til Vinnumálastofnunar eru forsenda þess að stofnunin geti haft eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Því þykir mikilvægt að viðurlög liggja við því ef fyrirtæki sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni á grundvelli laganna. Er um nýmæli að ræða þar sem Vinnumálastofnun hefur ekki áður haft viðlíka heimildir í lögum þar sem stofnunin fer með framkvæmdina. Slíkar stjórnvaldssektir eru þó ekki nýmæli í íslenskum lögum en víða er að finna samsvarandi heimildir til tiltekinna stjórnvalda sem fara með eftirlit á mismunandi sviðum. Má í þessu sambandi nefna heimild Matvælastofnunar á grundvelli laga um velferð dýra og heimild Mannvirkjastofnunar á grundvelli laga um brunavarnir. Þá er kveðið á um samsvarandi heimild í lögum einstakra ríkja sem þegar hafa innleitt tilskipun 2014/67/ESB en við samningu frumvarpsins var meðal annars litið til Danmerkur og Írlands hvað það varðar.

Samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á öðrum lögum sem gilda á innlendum vinnumarkaði. Er þetta gert til að gæta samræmis. Þar á meðal eru lagðar til sambærilegar breytingar á ákvæðum laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, en mikilvægt þykir að Vinnumálastofnun verði kleift að hafa samsvarandi eftirlit með starfsemi starfsmannaleigna hér á landi og henni er ætlað að hafa með erlendum fyrirtækjum sem veita tiltekna þjónustu hér á landi. Þá er í frumvarpinu kveðið nánar á um málsmeðferð Vinnumálastofnunar þegar stofnunin ákveður að leggja á atvinnurekanda dagsektir á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Samsvarandi breytingar eru lagðar til hvað varðar dagsektarheimildir Vinnumálastofnunar í lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur og lögum nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, auk dagsektarheimilda Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í frumvarpinu eru lagðar til þýðingarmiklar breytingar á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að veita einstaklingum, sem veitt hefur verið dvalarleyfi hér á landi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals eða dvalarleyfi fyrir fórnarlamb mansals, á grundvelli laga um útlendinga, tímabundin atvinnuleyfi vegna tiltekinnar starfa hér á landi að öðrum skilyrðum laga um atvinnuréttindi útlendinga uppfylltum. Enn fremur er lagt til að þeir sem eru undanþegnir kröfu um tímabundið atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að 90 daga á ári hér á landi skuli tilkynna Vinnumálastofnun um vinnu sína hérlendis eigi síðar en sama dag og vinnan hefst í hvert skipti. Tilgangur þess er að Vinnumálastofnun fái vitneskju um vinnu hlutaðeigandi aðila hér á landi og geti þá jafnframt metið hvort umrædd undanþága eigi við. Á þetta ekki síst við um nýlegar breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem fela í sér að nú er í umræddu ákvæði laganna kveðið á um undanþágu frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi hér á landi vegna vinnu í allt að 90 daga en fram til síðustu áramóta var um að ræða undanþágu vegna vinnu hér á landi í allt að fjórar vikur.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að eftirlitsstofnanir á vinnumarkaði fái heimildir til að miðla upplýsingum sín á milli berist þeim upplýsingar sem ætla má að falli undir málefnasvið annars eftirlitsstjórnvalds. Einnig verði skylt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, verði kveðið á um svokallaða verkkaupaábyrgð í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Í þessu felst að á vinnustöðum þar sem fleiri en einn atvinnurekandi er að störfum samtímis við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð fellur það í hlut verkkaupa eða fulltrúa hans að skipuleggja og samræma aðgerðir sem tryggja að við hönnun, undirbúning og framkvæmd verks verði gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum. Á þetta við um verk þar sem ráðgert er að vinna standi yfir lengur en 30 daga og að fleiri en 20 starfsmenn verði á þeim tíma við vinnu samtímis á sama vinnustaðnum. Enn fremur er gert ráð fyrir að í slíkum tilvikum skuli verkkaupinn jafnframt tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um vinnustaðinn áður en vinnan hefst. Hið sama eigi við um byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð þar sem ráðgert er að vinna taki lengri tíma en nemur 500 dagsverkum. Enn fremur eru lagðar til breytingar á 45. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þannig að skýrt verði kveðið á um að sá einn megi stjórna vél sem hefur öðlast fullgild réttindi til þess. Er meðal annars gert ráð fyrir þessu þannig að ekki leiki vafi á að fullgild réttindi séu forsenda þess að heimilt sé að stjórna tilteknum vélum.

Þá eru lagðar til breytingar á lögum nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins sem telja verður nauðsynlegar til þess að umrædd tilskipun teljist að fullu innleidd hér á landi.

Alla jafna má ætla að þær upplýsingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að aðilum sem fara með eftirlit á innlendum vinnumarkaði verði ýmist skylt eða heimilt að miðla sín á milli, í tengslum við eftirlitið, séu þess eðlis að þær falli utan við gildissvið laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þrátt fyrir framangreint verður að gera ráð fyrir að í einhverjum tilvikum sé um að ræða persónuupplýsingar í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í því sambandi er vert að nefna að lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Í ljósi þess er í frumvarpinu almennt ekki tekið fram sérstaklega að fara skuli að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þegar um er að ræða upplýsingar eða gögn sem falla undir gildissvið þeirra laga enda litið svo á að almennt beri að fara að ákvæðum laganna. Þrátt fyrir framangreint þykir mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að fara beri að ákvæðum laganna með því að kveða sérstaklega á um það þegar um er að ræða tilvik þar sem aðrir aðilar en stjórnvöld eiga í hlut, svo sem eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, samtök aðila vinnumarkaðarins eða stéttarfélag, og um er að ræða upplýsingar sem falla undir gildissvið laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með þessu er þó ekki verið að draga úr skyldu stjórnvalda til að fara að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þegar það á við þótt það sé ekki tekið sérstaklega fram í hlutaðeigandi ákvæðum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Að mati ráðuneytisins gefur efni frumvarps þessa ekki sérstakt tilefni til mats á samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Líkt og komið hefur fram er frumvarpinu ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“). Tilskipun þessi er hluti af regluverki sem ætlað er að gilda á sameiginlegum vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins og er hún því hluti af alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins sem aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í velferðarráðuneytinu í samráði við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnumálastofnun. Fundað var reglulega þar sem fyrrnefndir aðilar komu að ábendingum um ýmsa þætti frumvarpsins sem litið var til við vinnslu þess, eftir því sem unnt var, og er efni frumvarpsins afrakstur þeirrar vinnu.

6. Mat á áhrifum.

Efni frumvarps þessa er meðal annars liður í því að styrkja það eftirlit sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði í því skyni að tryggja eins vel og unnt er að staða starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu eða starfa á vegum starfsmannaleigna, hvað varðar laun og önnur starfskjör, verði í samræmi við lög og kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði. Í því skyni er frumvarpinu ætlað að

skerpa á skyldum erlendra fyrirtækja sem veita þjónustu hérlendis á grundvelli þjónustusamnings við notendafyrirtæki hér á landi til að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um starfsemi sína í samræmi við efni tilskipunar 2014/67/ESB. Enn fremur eru eftirlitsheimildir þeirra stofnana er fara með eftirlit á innlendum vinnumarkaði rýmkaðar í því skyni að efla samvinnu þeirra á milli sem og samvinnu þeirra og samtaka aðila vinnumarkaðarins í tengslum við eftirlit með því að ákvæðum laga og kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði sé fylgt í þeim tilvikum þegar um er að ræða starfsmenn erlendra fyrirtækja eða starfsmannaleigna sem hafa verið sendir tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu.

Þá er frumvarpi þessu ætlað að hafa áhrif á notendafyrirtæki hér á landi sem semja við erlend fyrirtæki um tiltekna þjónustu í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Á það ekki síst við í ljósi þess að gert er ráð fyrir að lögð verði á notendafyrirtæki svokölluð keðjuábyrgð, meðal annars í samræmi við efni 12. gr. tilskipunar 2014/67/ESB. Markmiðið með því er meðal annars að stuðla að því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða, auk kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði, meðal annars til að sporna gegn félagslegum undirboðum eins og frekast er kostur. Er frumvarpinu því meðal annars ætlað að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu fyrirtækja sem starfa á innlendum vinnumarkaði, hvort sem þau eru innlend eða erlend, með því að koma í veg fyrir eins og frekast er unnt að fyrirtæki er virða ákvæði laga og gildandi kjarasamninga standi frammi fyrir því að eiga í samkeppni við fyrirtæki sem koma sér hjá því að fara að ákvæðum laga og gildandi kjarasamninga en slík brot bitna oft og tíðum ekki síst á starfsmönnum hlutaðeigandi fyrirtækja. Jafnframt er gert ráð fyrir auknu eftirliti stjórnvalda sem fara með eftirlit á vinnumarkaði auk þess sem frumvarpinu er ætlað að auka yfirsýn fyrrnefndra stjórnvalda yfir umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda á innlendum vinnumarkaði. Í því sambandi gerir frumvarpið einnig ráð fyrir auknu samstarfi fyrrnefndra stjórnvalda í því skyni að sem bestur árangur náist á sem skilvirkastan hátt.

Einnig er í frumvarpinu lagt til að verkkaupi beri aukna ábyrgð á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum þar sem fleiri en einn atvinnurekandi er að störfum samtímis í byggingarstarfsemi eða við mannvirkjagerð en í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að verkkaupinn skipuleggi og samræmi aðgerðir þannig að á öllum stigum verksins verði gætt að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á viðkomandi vinnustað, sbr. 63. gr.

Líkt og rakið hefur verið í umfjöllun um meginefni frumvarpsins þá er lagt til að ákvæðum laga nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, verði breytt, meðal annars í því skyni að innleiða tilskipun 2014/67/ESB um framfylgd eldri tilskipunar um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu. Þá eru samhliða lagðar til breytingar á ýmsum öðrum lögum sem gilda á innlendum vinnumarkaði, meðal annars þannig að samræmis sé gætt milli breytinga á fyrrnefndum lögum og sambærilegra ákvæða í öðrum lögum og jafnframt í því skyni að bregðast við tilteknum aðstæðum sem upp hafa komið við framkvæmd viðkomandi laga, meðal annars í tengslum við eftirlit á vinnumarkaði. Þannig gerir frumvarp þetta ráð fyrir að eftirlit Vinnumálastofnunar á þessu sviði verði öflugara og markvissara en nú er, ekki síst þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin fái auknar heimildir til samstarfs við önnur stjórnvöld sem fara með eftirlit á vinnumarkaði. Þrátt fyrir framangreint er ekki talið að þær breytingar sem hér um ræðir komi til með að auka útgjöld ríkissjóðs. Líkt og komið hefur fram hafa umsvif erlendra fyrirtækja á vinnumarkaði hér á landi aukist á undanförunum mánuðum og eru líkur taldar á áframhaldandi aukningu á komandi misserum. Má því ætla að umsvif Vinnumálastofnunar vegna eftirlits með erlendum fyrirtækjum sem eru með starfsemi á innlendum vinnumarkaði muni aukast að sama skapi.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði þar sem þeim er ætlað að gilda um fyrirtæki sem starfa á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra, óháð því hvort viðkomandi starfsmenn sem um ræðir hverju sinni eru karlar eða konur. Þó verður að ætla að fyrirhugaðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra sem og á lögum um starfsmannaleigur, er lúta að réttindum starfsmanna og eftirliti með því að farið sé að lögum og reglum á innlendum vinnumarkaði sem og ákvæðum viðeigandi kjarasamninga, geti haft áhrif á fleiri karla en konur þar sem mun fleiri karlar en konur starfa hér á landi sem útsendir starfsmenn eða sem starfsmenn starfsmannaleigna. Þannig voru um 1.640 karlar á móti um 160 konum starfandi hér á landi sem útsendir starfsmenn á árinu 2017 samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni störfuðu á innlendum vinnumarkaði um 3.100 starfsmenn starfsmannaleigna á árinu 2017 en þar af voru um 2.900 karlar og 200 konur.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 1. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að lögin gildi um fyrirtæki sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu í nánar tilgreindum tilvikum. Þar sem í 3. gr. laganna er að finna nánari skýringu á orðinu *fyrirtæki* þykir ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um það í 1. gr. laganna hvar það fyrirtæki sem um ræðir hverju sinni hefur staðfestu heldur þykir nægjanlegt að vísa einungis til fyrirtækis þar sem gera verður ráð fyrir að þar sé verið að vísa til fyrirtækis í skilningi laganna. Er því í þessari grein lagt til að fellt verði brott úr 1. gr. laganna að um fyrirtæki sé að ræða sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum enda um að ræða atriði sem gerð eru að skilyrði fyrir því að um geti verið að ræða fyrirtæki í skilningi laganna, sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna.

Í a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um þau tilvik þegar fyrirtæki sendir starfsmann tímabundið hingað til lands og starfsmaðurinn starfar undir stjórn þess í tengslum við samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi. Til þess að erlendir starfsmenn teljist útsendir starfsmenn í skilningi a-liðar 1. mgr. ákvæðisins hefur þannig verið gert að skilyrði að þjónusta sem veitt er hér á landi sé á grundvelli samnings við notendafyrirtæki. Jafnframt er í b-lið 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um þau tilvik þegar fyrirtæki sendir starfsmann tímabundið til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi. Þá er í c-lið 1. mgr. ákvæðisins kveðið á um þau tilvik þegar fyrirtæki leigir starfsmann gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess.

Í tengslum við gildissvið tilskipunar 96/71/EB og gildissvið laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra hafa vaknað spurningar um hvort um útsenda starfsmenn geti verið að ræða í skilningi gildissviðs tilskipunarinnar og ætti þar með einnig að falla undir gildissvið laganna þegar þjónusta er veitt hér á landi yfir landamæri af erlendum starfsmönnum til annarra aðila en notendafyrirtækja í rekstri. Í því sambandi hefur meðal annars verið litið til þess að í fyrrnefndum a-lið 1. mgr.

1. gr. laganna er það gert að skilyrði að þjónusta sem veitt er hér á landi sé á grundvelli samnings við notendafyrirtæki þannig að um útsenda starfsmenn geti verið að ræða.

Í a-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/71/EB segir á ensku „... *post workers to the territory of a Member State on their account and under their direction, under a contract concluded between the undertaking making the posting and the party for whom the services are intended, operating in that Member State, provided there is an employment relationship between the undertaking making the posting and the worker during the period of posting ...*“. Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar hefur þessi texti verið þýddur með eftirfarandi hætti: „... *senda starfsmenn til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis á sínum vegum og undir sinni stjórn, samkvæmt samningi milli fyrirtækisins sem sendir starfsmanninn og aðilans sem þjónustan er ætluð og rekur fyrirtæki í því aðildarríki, að því tilskildu að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins, sem sendir starfsmanninn, og starfsmannsins sjálfs á útsendingartímabilinu ...*“. Ekki verður annað séð en að íslenska þýðingin þrengi merkingu enska textans að því leyti að í íslensku þýðingunni er gert að skilyrði að kaupandi þjónustunnar sé aðili sem rekur fyrirtæki í öðru aðildarríki.

Sé litið til innleiðingar á tilskipun 96/71/EB í Noregi verður ekki annað séð en að ekki sé gerður greinarmunur á því hver kaupandi þjónustunnar er til þess að um útsenda starfsmenn geti verið að ræða. Í Noregi hefur tilskipunin verið innleidd með reglugerð um útsenda starfsmenn (n. *Forskrift om utsendte arbeidstakere*) en í 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að hún gildi í þeim tilvikum þegar erlend fyrirtæki senda starfsmenn til Noregs í tengslum við veitingu þjónustu (n. *Forskriften gjelder når utenlandsk virksomhet sender arbeidstaker til Norge i forbindelse med tjenesteyting ...*). Þá hefur tilskipunin verið innleidd í Svíþjóð með lögum um útsenda starfsmenn (s. *Lag om utstationering av arbetstagare*). Í 1. gr. laganna kemur fram að lögin gildi þegar atvinnurekandi, sem hefur staðfestu í öðru ríki en Svíþjóð, sendir starfsmenn til Svíþjóðar í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri (s. *Denna lag gäller när en arbetsgivare som är etablerad i ett annat land än Sverige utstationerar arbetstagare här i landet i samband med att arbetsgivaren tillhandahåller tjänster över gränserna*).

Við mat á því með hvaða hætti túlka beri gildissvið tilskipunar 96/71/EB þykir jafnframt mikilvægt að líta til tilgangs tilskipunarinnar. Meðal annars þykir mikilvægt að líta til þess að frelsi til að eiga þjónustuviðskipti yfir landamæri innan Evrópska efnahagssvæðið felur meðal annars í sér möguleika fyrirtækja innan svæðisins til að senda tímabundið eigin starfsmenn til annarra aðildarríkja til þess að veita þar þjónustu. Í því sambandi virðast engin höft vera á því hver er kaupandi þjónustunnar í gistiríkinu en í 56. gr. Rómarsáttmálans segir á ensku: „... *restrictions on the freedom to provide services in the Union shall be prohibited in respect of nationals of Member States who are established in a Member State other than that of the person to whom the services are intended.*“ Samsvarandi ákvæði er að finna í 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig 1. mgr. 36. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið þar sem tekið er fram að engin höft skuli vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð.

Tilskipun 96/71/EB var meðal annars ætlað að koma á jafnvægi milli þess að stuðla að frjálsum þjónustuviðskiptum milli ríkja annars vegar og þess að vernda réttindi útsendra starfsmanna hins vegar, meðal annars með það að markmiði að tryggja sanngjarna samkeppni milli erlendra og innlendra þjónustuveitenda. Þessi tilgangur tilskipunarinnar er ítrekaður í gögnum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þar á meðal í tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á tilskipuninni (2016/0070(COD) frá 8. mars 2016).

Fram kemur í skýringargögnum með framangreindum tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á tilskipun 96/71/EB að tilskipunin geri ráð fyrir þrenns konar tilvikum þar sem um útsenda starfsmenn geti verið að ræða.

1. Þegar um er að ræða þjónustu fyrirtækis á grundvelli þjónustusamnings (e. *The direct provision of services by a company under a service contract.*)
2. Þegar fyrirtæki sendir starfsmann tímabundið til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi (e. *Posting in the context of an establishment or company belonging to the same group ('intra-group posting')*).
3. Þegar fyrirtæki/starfsmannaleiga leigir starfsmann gegn gjaldi til að sinna störfum í öðru aðildarríki. (e. *Posting through hiring out a worker through a temporary work agency established in another Member State*).

Ekki verður séð af framangreindri túlkun framkvæmdastjórnarinnar á tilskipun 96/71/EB hvað varðar þau tilvik þar sem um útsenda starfsmenn geti verið að ræða í skilningi tilskipunarinnar að framkvæmdastjórnin líti sérstaklega til þess hver viðtakandi þjónustunnar í gistiríkinu þurfi að vera þannig að um útsenda starfsmenn geti verið að ræða. Þá hefur framkvæmdastjórnin skilgreint útsendan starfsmann meðal annars með þeim hætti að um sé að ræða starfsmann sem vinnuveitandi sendir tímabundið til annars ríkis innan Evrópusambandsins í því skyni að veita þar þjónustu (e. *A "posted worker" is an employee who is sent by his employer to carry out a service in another EU Member State on a temporary basis.*)

Af framangreindu má ráða að framkvæmdastjórnin hafi túlkað gildissvið tilskipunar 96/71/EB með þeim hætti að undir tilskipunina falli veiting þjónustu yfir landamæri óháð því hver kaupandi þjónustunnar er þar sem eingöngu er gert að skilyrði að þjónustan sé veitt yfir landamæri.

Í ljósi framangreinds er í þessari grein lagt til að orðalagi a-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna verði breytt þannig að skýrt sé að staflíðurinn eigi við um þau tilvik þegar starfsmaður er sendur tímabundið hingað til lands á vegum þess fyrirtækis sem hann starfar hjá til að veita hér þjónustu, hvort sem þjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamnings milli fyrirtækisins og notendafyrirtækis eða ekki. Er gert ráð fyrir þessu þar sem í ljósi þess sem að framan er rakið þykja rök ekki standa til þess að erlent fyrirtæki sem sendir starfsmenn tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu fyrirtækisins hér á landi falli ekki undir gildissvið laganna ef þjónustan er ekki veitt á grundvelli þjónustusamnings við notendafyrirtæki heldur við annan aðila, svo sem einstakling eða hugsanlega nokkra einstaklinga. Þykir rétt að kveða með skýrum hætti á um það í lögnum að ákvæði þeirra gildi um öll fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu hérlendis án tillits til þess hvort gerður hefur verið þjónustusamningur við notendafyrirtæki eða annan aðila. Með þessu þykir tryggt að allir starfsmenn sem sendir eru tímabundið hingað til lands af erlendum fyrirtækjum í því skyni að veita þjónustu hérlendis njóti þeirra réttinda sem lög, reglugerðir og kjarasamningar sem gilda á íslenskum vinnumarkaði kveða á um meðan þeir starfa hér á landi óháð því hver kaupandi þjónustunnar er. Sem dæmi um þjónustu sem veitt er hér á landi án þess að um þjónustuna hafi verið gerður sérstakur þjónustusamningur við notendafyrirtæki í skilningi gildandi a-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna má nefna nýbyggingu íbúðarhúsnæðis og sumarbústaða og viðgerðir á slíku húsnæði sem og leiðsögn, fararstjórn og akstur með ferðamenn um landið í hópferðabifreiðum. Í sambandi við síðarnefnda dæmið má nefna að í 11. lið aðfaraorða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009, um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþjónu milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 og 17. lið aðfaraorða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009, um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa, kemur

fram að ákvæði tilskipunar 96/71/EB skuli gilda um flutningafyrirtæki sem starfrækja gestaflutninga. Vert er að geta þess að innan Evrópusambandsins hafa verið umræður um hvort rétt sé að flutningaþjónusta milli ríkja (e. *road transport*) falli undir gildissvið tilskipunar 96/71/EB en sá hreyfanleiki sem einkennir þá þjónustu hefur þótt falla illa að efni tilskipunarinnar og þá sérstaklega hversu skamman tíma bifreiðastjórar verja í hverju landi fyrir sig þegar ekið er milli ríkja. Ekki hefur verið tekin ákvörðun innan sambandsins hvað þetta varðar en Evrópuþingið hefur lagt á það áherslu að flutningaþjónusta milli ríkja falli áfram undir gildissvið tilskipunarinnar þar til annað hefur verið ákveðið innan sambandsins, svo sem samræmdar reglur um framkvæmd hvað varðar flutningaþjónustu milli ríkja.

Þykir breyting sú sem hér er lögð til á a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna jafnframt mikilvæg til að tryggja að sömu reglur gildi um fyrirtæki sem senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu hérlendis hver sem kaupandi þjónustunnar er. Er þannig stuðlað að jafnri samkeppnisstöðu fyrirtækja sem starfa á innlendum vinnumarkaði með því að koma í veg fyrir eins og frekast er unnt að fyrirtæki sem falla undir gildissvið laganna þar sem þau hafa gert þjónustusamning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi standi frammi fyrir því að eiga í samkeppni við fyrirtæki sem falla utan við gildissvið laganna í þeim tilvikum þar sem ekki er um þjónustusamning við notendafyrirtæki að ræða þrátt fyrir að um sé að ræða veitingu sambærilegrar þjónustu hér á landi.

Ljóst þykir að með tilkomu innri markaðar Evrópska efnahagssvæðisins hefur skapast virkt umhverfi fyrir veitingu þjónustu milli ríkja sem hvetur sífellt fleiri fyrirtæki til að senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess ríkis þar sem þeir starfa að jafnaði. Með aukinni tækni og lægri ferðakostnaði milli landa má jafnframt ætla að það reynist erlendum þjónustuveitendum auðveldara en áður að veita hvers konar þjónustu í öðrum aðildarríkjum. Þykir því ekki sjálfgefið að kaupendur þjónustu erlendra þjónustuveitenda sem veita þjónustu hér á landi séu í öllum tilvikum notendafyrirtæki. Verður því ekki séð að rök hnigi að því að takmarka gildissvið tilskipunar 96/71/EB og þar með vernd útsendra starfsmanna við þau tilvik þegar þjónustukaupandinn er notendafyrirtæki eða með öðrum orðum að sú félagslega vernd sem útsendum starfsmönnum er ætlað að njóta á grundvelli tilskipunarinnar sé háð því hver kaupandi þjónustunnar er líkt og gert er í gildandi a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna.

Þá þykir skilgreining framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á gildissviði tilskipunar 96/71/EB samrýmast betur þeirri þróun sem orðið hefur á vinnumarkaði síðan tilskipunin var birt árið 1996 en líkt og áður hefur komið fram hefur með tilkomu innri markaðarinnar skapast virkt umhverfi fyrir veitingu þjónustu milli landa. Auk þess hefur tækninni fleygt fram síðan tilskipunin tók gildi og má ætla að hluti þeirra álitaefna sem staðið er frammi fyrir í dag hafi verið ófyrirséð á þeim tíma. Með vísan til framangreinds er því ekki óvarlegt að líta svo á að túlkun á ákvæði tilskipunarinnar þar sem kveðið er á um gildissvið hennar taki breytingum í tímans rás enda sömu sjónarmið sem ávallt skal hafa að leiðarljósi við túlkun á ákvæðum tilskipunarinnar, svo sem að tryggja útsendum starfsmönnum ákveðna lágmarksvernd hvað varðar laun og önnur starfskjör í því ríki sem þeir eru sendir til hverju sinni í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Þá þykir það orðalag a-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna sem hér er lagt til í meira samræmi við sambærileg ákvæði í nágrennaríkjunum en gildandi orðalag ákvæðisins.

Í c-lið 1. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að þau gildi meðal annars í þeim tilvikum þegar fyrirtæki í skilningi laganna sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess. Í þessari grein er gert ráð fyrir breytingum á c-lið 1. mgr. 1. gr. laganna þannig að skýrt sé að í framangreindum tilvikum sé átt við starfsmenn sem hingað koma til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verk-

stjórn þess á grundvelli þjónustusamnings samkvæmt lögum nr. 139/2005, um starfsmanna-leigur, sem gerður hefur verið á milli fyrirtækis, sem í þessu tilviki er starfsmannaleiga, og notendafyrirtækisins um leigu á tilteknum fjölda starfsmanna gegn gjaldi en ekki um veitingu tiltekinnar þjónustu hér á landi að öðru leyti en því sem snýr að leigu starfsmannsins eða starfsmannanna. Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur eingöngu gert ráð fyrir að orðalagi c-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna verði breytt til skýringar.

Auk þess er í þessari grein lagt til að í 1. gr. laganna verði kveðið á um að lögin gildi um upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga í skilningi laganna sem koma sjálfir tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Er þannig gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingur sem er ríkisborgari og hefur staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum sem kemur sjálfur tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum veiti Vinnumálastofnun tiltekna upplýsingar eigi síðar en sama dag og hann hefur störf hér á landi í hvert skipti, sbr. 9. gr. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að umræddur einstaklingur starfi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í einhverju af framangreindum ríkjum en veiti sjálfur tímabundna þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sbr. d-lið 5. gr. Er meðal annars gert ráð fyrir þessu í samræmi við markmið frumvarpsins þess efnis að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn en nú er yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi. Líkt og fram kemur í skýringum með 9. gr. er jafnframt gert ráð fyrir þessu þannig að tryggt sé að Vinnumálastofnun hafi vitneskju um þá sjálfstætt starfandi einstaklinga sem koma tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu hérlendis. Þannig er stofnuninni gert kleift að leggja mat á hvort um sjálfstætt starfandi einstaklinga sé að ræða eða ekki, meðal annars í þeim tilvikum þegar upp kemur grunur um að raunverulega sé um að ræða starfsmenn fyrirtækis sem sendir hafa verið tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu en ekki sjálfstætt starfandi einstaklinga. Þykir framangreint mat Vinnumálastofnunar mikilvægur þáttur í eftirliti stofnunarinnar á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, ekki síst í ljósi þess að stofnunin hefur meðal annars eftirlit með því að þeir starfsmenn sem sendir eru tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu njóti þeirra réttinda sem lög, reglugerðir og kjarasamningar sem gilda á vinnumarkaði hérlendis kveða á um. Ljóst er að sjálfstætt starfandi einstaklingum sem koma hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu ber að upplýsa innlend skattyfirvöld um störf sín hér á landi. Þrátt fyrir framangreint þykir mikilvægt að kveða á um skyldu þessara aðila til að veita Vinnumálastofnun tiltekna upplýsingar þannig að stofnunin fái þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að henni sé unnt að meta hvort um sé að ræða raunverulega sjálfstætt starfandi einstaklinga eða hvort um svokallaða gerviverktöku sé að ræða þannig að unnt sé að tryggja raunverulega útsendum starfsmönnum þau réttindi sem lög, reglugerðir og kjarasamningar sem gilda á vinnumarkaði hérlendis kveða á um meðan þeir eru að störfum hér á landi.

Þar sem í 1. tölul. 3. gr. laganna er kveðið á um að fyrirtæki í skilningi laganna geti meðal annars verið einstaklingur sem stundar atvinnurekstur með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum er vert að ítreka að með sjálfstætt starfandi einstaklingi í þessari grein er átt við einstakling sem stundar atvinnurekstur í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum sem kemur sjálfur tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu en sendir ekki starfsmann eða starfsmenn á sínum vegum hingað til

lands í því skyni. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til umfjöllunar í skýringum við 17. gr., eftir því sem við á.

Þá er lagt til að í 1. gr. laganna verði kveðið á um að lögin gildi enn fremur um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja í tengslum við þjónustusamninga þeirra við fyrirtæki. Þykir það mikilvægt þar sem notendafyrirtæki bera nokkrar skyldur sem og ábyrgð samkvæmt lögnum í tengslum við þá þjónustusamninga sem þau gera við fyrirtæki. Auk þess er gert ráð fyrir að kveðið verði skýrt á um að ákvæði laganna gildi enn fremur um starfsmenn þeirra fyrirtækja sem ákvæði laganna gilda um. Þá verði kveðið á um í 1. gr. laganna að þegar um er að ræða fyrirtæki skv. c-lið 1. mgr. 1. gr. laganna gildi enn fremur lög um starfsmannaleigur, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, um viðkomandi fyrirtæki og starfsmenn þess hér á landi, eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að sama eigi við um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja sem gert hafa þjónustusamning við slíkt fyrirtæki. Er þetta lagt til þannig ljóst sé að fara skuli að ákvæðum laga um starfsmannaleigur sem og laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra í þeim tilvikum þegar um er að ræða fyrirtæki sem sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess siðarnefnda á grundvelli þjónustusamning þess efnis milli fyrirtækisins og notendafyrirtækisins samkvæmt lögum um starfsmannaleigur.

Um 3. gr.

Í lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er ekki að finna ákvæði þar sem gerð er grein fyrir markmiðum laganna. Hér er því lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði þar sem nánar er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem lögunum er ætlað að ná. Er þannig gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um að markmið laganna sé að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna sem erlend fyrirtæki senda tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hérlendis séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi. Það sé jafnframt markmið laganna að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir eðli og umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og eftir atvikum í heimaríki þeirra, hvort sem þeir veita sjálfir þjónustu hérlendis sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða senda starfsmann sinn eða starfsmenn sína tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu, í því skyni að tryggja að erlendir þjónustuveitendur starfi löglega hér á landi.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að tveimur nýjum málsgreinum verði bætt við 2. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Kveðið verði á um að Vinnumálastofnun skuli í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins birta með aðgengilegum hætti, svo sem rafrænt, og án endurgjalds upplýsingar um lög og reglur sem gilda á vinnumarkaði hér á landi sem og upplýsingar um hvar nálgast megi gildandi kjarasamninga hverju sinni. Er þannig gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun birti með aðgengilegum hætti upplýsingar um gildandi löggjöf á innlendum vinnumarkaði á hverjum tíma, svo sem hvað varðar útsenda starfsmenn. Jafnframt birti Vinnumálastofnun með aðgengilegum hætti upplýsingar um hvar nálgast megi gildandi kjarasamninga þannig að erlendir þjónustuveitendur geti með einföldum hætti kynnt sér viðeigandi kjarasamninga hverju sinni, svo sem varðandi starfskjör starfsmanna sem fyrirtæki sendir tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hérlendis, sbr. 4. gr. laganna, sem og rétt þeirra til launa í veikinda- og slysatilvikum, sbr. 5. gr. laganna. Er þetta lagt til í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2014/67/ESB.

Þess ber að geta að Vinnumálastofnun hefur nú þegar, í samvinnu við önnur stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins, sett upp vef (<http://posting.is>) þar sem unnt er að nálgast framan­greindar upplýsingar.

Enn fremur er lagt til að Vinnumálastofnun skuli veita þar til bærum stjórnvöldum í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðrum EFTA-ríkjum eða Færeyjum aðstoð til að auðvelda eftirlit með þjónustuviðskiptum yfir landamæri í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í þeim tilvikum þegar íslensk fyrirtæki senda starfsmenn sína til viðkomandi ríkja í því skyni að veita þar þjónustu. Felst aðstoðin meðal annars í því að veita þar til bærum stjórn­völdum fyrrnefndra ríkja upplýsingar um íslensk fyrirtæki sem veita þjónustu í viðkomandi ríki, svo sem upplýsingar sem sýna fram á efnahagslega starfsemi viðkomandi fyrirtækis hér á landi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun beri að aðstoða þar til bær stjórnvöld í við­komandi ríki vegna samskipta umræddra stjórnvalda við íslensk fyrirtæki í viðkomandi ríki, þ.m.t. vegna innheimtu sekta. Í því sambandi er bæði átt við stjórnvaldssektir og dagsektir, eftir því sem við á, óski þar til bær stjórnvöld í gistiríki íslensks fyrirtækis eftir slíkri aðstoð. Er gert ráð fyrir að beiðnin hafi lög­mætan tilgang auk þess sem hún gangi ekki lengra en nauðsyn krefur. Jafnframt er lagt til að sé um að ræða beiðni um upplýsingar skuli Vinnumálastofnun veita umbeðnar upplýsingar innan 25 virkra daga frá móttöku beiðninnar. Sé hins vegar um að ræða brýnt tilvik sem rökstutt er af þar til bæru stjórnvaldi í gistiríkinu skuli Vinnumálastofnun veita umbeðnar upplýsingar innan tveggja virkra daga frá móttöku beiðninnar. Eru framangreindir tímafrestrir í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2014/67/ESB en þar er gert ráð fyrir að sé erindi frá stjórnvöldum gistiríkis fyrirtækis brýnt eða þegar óskað er eftir upplýsingum í tengslum við staðfestu eða efnahagslega starfsemi fyrirtækisins hér á landi, svo sem gögnum frá skattyfirvöldum, þ.m.t. virðisaukaskattsnúmeri, skuli lög­bær stjórnvöld í heimaríki hlutaðeigandi fyrirtækis svara beiðni gistiríkisins eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá mót­ttöku umræddrar beiðni. Sé óskað eftir annars konar upplýsingum skuli stjórnvöld heimaríkis hlutaðeigandi fyrirtækis hins vegar svara beiðninni eigi síðar en 25 virkum dögum frá móttöku beiðninnar.

Um 5. gr.

Í 3. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra eru tiltekin hugtök sem koma fyrir í lög­unum skýrð nánar en þetta eru hugtökin fyrirtæki, notendafyrirtæki og starfsmaður. Hér eru lagðar til ákveðnar breytingar hvað varðar skýringar á framangreindum hugtökum auk þess sem fleiri hugtök sem koma fyrir í lög­unum verði skýrð nánar. Er það meðal annars gert í því skyni að auka skýrleika þeirra hugtaka. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í 2. gr., sbr. einnig 9. gr., hvað varðar upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga þykir nauðsynlegt að skýra nánar í lög­unum hvað átt er við með hugtakinu sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laganna. Í því sambandi má jafnframt nefna að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fram komi í 12. gr. laganna að eitt af þeim atriðum sem Vinnumálastofnun beri að hafa eftirlit með sé hvort um sé að ræða fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstakling í skilningi laganna, sbr. 17. gr.

Þannig er lagt til að í 5. tölul. 3. gr. laganna verði kveðið á um að með sjálfstætt starfandi einstaklingi sé átt við einstakling sem er ríkisborgari og hefur staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðkomandi starfi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og komi sjálfur tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar

Færeyja hins vegar. Auk þess er gert ráð fyrir að þjónustan sem um ræðir hverju sinni sé innan þeirrar starfsgreinar sem sjálfstætt starfandi einstaklingurinn starfar við í heimaríki. Að öðrum kosti telst viðkomandi vera að nýta sér staðfesturéttinn og fer þá um starfsemi hans hér á landi eins og um innlenda starfsemi sé að ræða.

Enn fremur er lagt til að í stað þess að í lögnum sé eingöngu kveðið á um að fyrirtæki geti verið einstaklingur, félag eða annar sá sem stundar atvinnurekstur með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og veitir þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar verði bætt við því skilyrði að viðkomandi hafi starfsmann eða starfsmenn í vinnu sem sendir eru tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu. Þannig sé skýrt að ekki geti verið um fyrirtæki að ræða í skilningi laganna nema viðkomandi aðili hafi ráðið starfsmann eða starfsmenn í vinnu sem sendir eru, einn eða fleiri, tímabundið hingað til lands á vegum fyrirtækisins í því skyni að veita hér þjónustu. eru þannig gerð skýr skil á milli þeirra aðila sem teljast vera fyrirtæki og þeirra aðila sem teljast vera sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laganna þar sem gert er ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar hafi ekki ráðið starfsmann eða starfsmenn í vinnu sem sendir eru hingað til lands á vegum fyrirtækisins í því skyni að veita hér þjónustu heldur komi þeir sjálfir hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hér á landi, sbr. d-lið. Þá er gert ráð fyrir að til viðbótar við þá aðila sem geta verið fyrirtæki í skilningi laganna og að framan eru nefndir geti starfsmannaleiga í skilningi laga um starfsmannaleigur jafnframt verið fyrirtæki í skilningi laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Er gert ráð fyrir þessu þar sem í c-lið 1. mgr. 1. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að ákvæði laganna gildi þegar starfsmaður er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis hér á landi undir verkstjórn þess. Í slíkum tilvikum er um að ræða þjónustusamning á grundvelli laga um starfsmannaleigur milli starfsmannaleigu og notendafyrirtækis um leigu á starfsmanni eða starfsmönnum til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis hér á landi undir verkstjórn þess, sbr. 4. tölul. c-liðar 30. gr. Þykir því mikilvægt að ljóst sé að starfsmannaleiga í skilningi laga um starfsmannaleigur geti verið einn af þeim aðilum sem fellur undir fyrirtæki samkvæmt lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Í þessu sambandi skal þó bent á að skv. 3. mgr. 1. gr. laganna gilda ákvæði 8.–11. gr. laganna ekki um starfsmannaleigur.

Jafnframt er lagt til að við skýringu á því hver geti talist starfsmaður í skilningi laganna bætist að starfsmaður sé hver sá sem vinnur launað starf í þjónustu fyrirtækis. Er þetta gert til að gera greinarmun á milli starfsmanns sem sendur er tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu fyrir hönd fyrirtækis og sjálfstætt starfandi einstaklings sem kemur sjálfur tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu en slíkur greinarmunur þykir mikilvægur, ekki síst svo koma megi í veg fyrir svokallaða gerviverktöku. Gert er ráð fyrir að starfsmaður í skilningi laganna geti jafnframt verið hver sá sem ráðinn er til starfa hjá fyrirtæki og er leigður gegn gjaldi til notendafyrirtækis hér á landi á grundvelli þjónustusamnings þess efnis milli fyrirtækisins og notendafyrirtækisins samkvæmt lögum um starfsmannaleigur. Er gert ráð fyrir þessu þar sem tiltekin ákvæði laganna gilda um slíka starfsmenn, sbr. c-lið 1. mgr. og 3 mgr. 1. gr. laganna. Þrátt fyrir framangreint verður að telja að ávallt þurfi þó að fara fram heildstætt mat á því út frá lykilþáttum hverju sinni hvort um er að ræða sjálfstætt starfandi einstakling eða starfsmann sem sendur hefur verið tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu fyrir

hönd fyrirtækis. Í því sambandi má almennt ætla að meðal annars sé litið til þess hvort kostnaður, annars vegar við ferðir viðkomandi til Íslands og til baka til heimaríkis og hins vegar vegna gistingar og uppihalds meðan á dvöl hans stendur hér á landi, sé greiddur af honum sjálfum eða af fyrirtæki. Þá má ætla að alla jafna sjái sjálfstætt starfandi einstaklingur um að útvega sér þau tæki og þau verkfæri sem hann þarf til að geta veitt tiltekna þjónustu þó það sé eflaust ekki algilt. Er þetta í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/67/ESB en þar kemur fram að við mat á því hvort um starfsmann sé að ræða sem innir starf sitt af hendi tímabundið í öðru ríki en því sem hann starfar í að jafnaði skuli kanna alla staðreyndabætti sem einkenni slíka vinnu og aðstæður starfsmannsins. Í því sambandi er sem dæmi nefnt hvort starfið sé innt af hendi í tiltekinn tíma, hvort viðkomandi verði sendur til baka til þess ríkis sem hann starfar í að jafnaði eftir að starfi hans í öðru ríki er lokið og hvort fyrirtækið greiði kostnað vegna ferða viðkomandi fram og til baka sem og vegna gistingar og uppihalds hans meðan á dvöl hans stendur í öðru ríki en hann starfar í að jafnaði. Hvað varðar frekari umfjöllun um þau sjónarmið sem ætla má að Vinnuálastofnun líti til við heildarmat á því hvort um sé að ræða sjálfstætt starfandi einstakling eða starfsmann sem sendur hefur verið tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu fyrir hönd fyrirtækis vísast til skýringa við 17. gr.

Þá er lagt til að hugtökin fyrirtækjasamstæða og þjónustusamningur verði skýrð nánar. Er þannig gert ráð fyrir að kveðið verði á um að fyrirtækjasamstæða sé samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðist því sem móðurfyrirtæki en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Jafnframt er gert ráð fyrir að til fyrirtækjasamstæðu teljist einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eigi saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fari með meiri hluta atkvæða í þeim. Er skýring þessi í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005. Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að með þjónustusamningi sé átt við samning milli fyrirtækis eða sjálfstætt starfandi einstaklings og kaupanda þjónustu um að fyrirtækið eða sjálfstætt starfandi einstaklingurinn veiti kaupanda þjónustunnar tiltekna þjónustu hér á landi innan ákveðins tíma gegn greiðslu kaupandans.

Auk þess er gert ráð fyrir að í stað þess að í lögnum sé eingöngu kveðið á um að notendafyrirtæki sé einstaklingur, félag, opinber aðili eða annar sá sem stundar atvinnurekstur og kaupir þjónustu af fyrirtæki sé jafnframt kveðið á um að fyrirtæki geti verið framangreindir aðilar sem kaupir þjónustu af sjálfstætt starfandi einstaklingi. Er það jafnframt í samræmi við 9. gr. þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar veiti Vinnuálastofnun upplýsingar um nafn notendafyrirtækis sem og kennitölu þess eða annað sambærilegt auðkenni þess, ef við á.

Auk þess sem að framan greinir er lagt til í þessari grein að skýrt verði í lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra hvað átt er við með þar til bæru stjórnvaldi. Er þannig í 3. tölul. b-liðar greinarinnar lagt til að í lögnum verði kveðið á um að með þar til bæru stjórnvaldi sé átt við stjórnvald sem heimaríki fyrirtækis eða sjálfstætt starfandi einstaklings hefur skilgreint sem það stjórnvald heimaríkisins sem skal eiga í samskiptum við stjórnvöld í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðrum EFTA-ríkjum eða Færeyjum vegna þjónustviðskipta.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að sé um að ræða fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru skuli tiltekin ákvæði laganna er varða starfskjör starfsmanna ekki eiga við ef það tímabil sem starfsmaðurinn er hér á landi varir ekki lengur en átta daga. Er jafnframt skilyrði að umræddur þáttur verks sé í samningi um veitingu vöru og sé nauðsynlegur til að taka megi vöruna í notkun ásamt því að faglærðir eða sérhæfðir starfsmenn fyrirtækis framkvæmi verkið. Í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að framangreint eigi þó ekki við um hvers konar vinnu á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem vinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga.

Í þessari grein er lagt til að í stað þess að vísa til fyrirtækja í bygginga- og mannvirkjagerð í framangreindu samhengi verði vísað til fyrirtækja á sviði hvers konar byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar. Er það gert þannig að skýrt sé við túlkun ákvæðisins að átt er við fyrirtæki á sviði hvers konar byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í F-bálki í ÍSAT2008, íslenski atvinnugreinaflokkun. Í b-lið 14. gr. er gert ráð fyrir sambærilegri breytingu á 2. mgr. 11. gr. laganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í einhverjum tilvikum hefur komið upp grunur hér á landi þess efnis að sjálfstætt starfandi einstaklingar sem eru ríkisborgarar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa komið tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu séu í raun starfsmenn fyrirtækja en ekki sjálfstætt starfandi einstaklingar. Leikur grunur á að í einhverjum slíkra tilvika séu fyrirtæki að leitast við að koma sér undan gildissviði laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör þeirra og þar með upplýsingaskyldu til Vinnumálastofnunar og eftirliti stofnunarinnar, meðal annars með því að starfsmenn þeirra njóti réttinda í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hérlendis. Þykir því mikilvægt að Vinnumálastofnun sé gert kleift að meta hvort um sé að ræða starfsmenn fyrirtækis sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum eða sjálfstætt starfandi einstaklinga þegar um er að ræða störf erlendra aðila hér á landi í tengslum við veitingu þjónustu hérlendis.

Hér er því lagt til að í 7. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra verði kveðið á um upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga í skilningi laganna sem hafa í hyggju að veita þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum. Er það gert til að tryggj sé að Vinnumálastofnun hafi vitneskju um þá sjálfstætt starfandi einstaklinga sem koma tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Þannig er stofnuninni gert kleift að leggja mat á hvort um raunverulega sjálfstætt starfandi einstaklinga sé að ræða eða ekki, meðal annars í þeim tilvikum þegar upp kemur grunur um að um sé að ræða starfsmenn fyrirtækis sem sendir hafa verið tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu.

Einnig er gert ráð fyrir að stofnunin kanni hvort þeim sjálfstætt starfandi einstaklingum sem hingað koma í því skyni að veita hér þjónustu sé heimilt að veita þjónustu hér á landi en almennt er litið svo á að viðkomandi þurfi að hafa staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta hans hér á landi fellur innan, sbr. d-lið 5. gr. Að öðrum kosti telst viðkomandi vera að nýta sér staðfesturéttinn og fer þá um starfsemi hans hér á landi

eins og um innlenda starfsemi sé að ræða. Er þannig gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laganna sem hafa í hyggju að veita þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skuli veita Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum eigi síðar en sama dag og þeir hefja störf hér á landi í hvert skipti. Meðal annars er um að ræða upplýsingar um nafn viðkomandi einstaklings, fæðingardag hans, heimilisfang hans í heimaríki, ríkisfang hans, hvort hann nýtur almannatryggingaverndar í heimaríki, netfang hans, dvalarstað, áætlaðan starfstíma hans hér á landi og starfsréttindi eftir því sem við á. Enn fremur er gert ráð fyrir að fram komi hvers konar þjónustu viðkomandi einstaklingur veitir hér á landi, nafn notendafyrirtækis og kennitala þess eða annað sambærilegt auðkenni þess, ef við á, og hvar þjónustan er veitt. Þá er gert ráð fyrir að fram komi upplýsingar um staðfestu og starfsemi viðkomandi einstaklings í heimaríki, eða með öðrum orðum staðfesting á að viðkomandi einstaklingur sé sannanlega með staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta hans hér á landi fellur innan. Enn fremur þykir mikilvægt að gengið sé úr skugga um að hann starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis. Er meðal annars átt við upplýsingar og gögn í tengslum við staðfestu viðkomandi einstaklings og efnahagslega starfsemi hans í heimaríki, þ.m.t. gögn frá skattyfirvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki, svo sem virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild, og upplýsingar um starfsleyfi, eftir því sem við á, sem og umfang veltu hans í heimaríki. Í því sambandi má nefna að almennt má ætla að við mat á umfangi veltu þess sjálfstætt starfandi einstaklings sem í hlut á sé meðal annars litið til kaupmáttar í heimaríki viðkomandi einstaklings hverju sinni sem og sérstakra aðstæðna þegar viðkomandi einstaklingur hefur nýlega hafið sjálfstæða starfsemi.

Loks er mælt fyrir um að sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur í hyggju að veita þjónustu hér á landi lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skuli veita Vinnumálastofnun aðrar þær upplýsingar sem stofnunin kann að óska eftir, í þágu eftirlits, meðal annars í því skyni að ganga úr skugga um að viðkomandi einstaklingur veiti sannanlega þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Er í þessu sambandi meðal annars átt við afrit af þjónustusamningi, hafi slíkur samningur verið gerður, sem og afrit af reikningum fyrir vinnu hans hér á landi. Jafnframt er gert ráð fyrir að verði breytingar á þeim upplýsingum sem sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa veitt Vinnumálastofnun, sbr. framangreint, beri viðkomandi að tilkynna um breytingarnar til stofnunarinnar án ástæðulausrar tafar.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um skyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum komi sú staða upp að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi í upphafi ekki haft í hyggju að veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, og hafi því ekki borið að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum eigi síðar en sama dag og starfsemin hófst hér á landi, en veiti samt sem áður þjónustu hér á landi sem varir lengur. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum verði hlutaðeigandi sjálfstætt starfandi einstaklingum skylt að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum, eftir því sem við á, eigi síðar en á ellefta virka degi sem þjónustan hefur varað hér á landi í hvert skipti. Er gert ráð fyrir þessu þannig að skýrt sé hvenær sjálfstætt starfandi einstaklingum ber að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum vari þjónusta þeirra hér á landi lengur en áætlað hefur verið í upphafi.

Þá er í greininni lagt til að Vinnumálastofnun verði skylt að afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skattyfirvöldum, tollyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendinga-

stofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands, þær upplýsingar sem sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa veitt stofnuninni skv. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. ákvæðisins, eftir því sem við á, enda sé eingöngu um að ræða upplýsingar sem ætla má að falli undir málefnasvið viðkomandi stjórnvalds og nýttist þannig stjórnvaldinu, svo sem við lögbundið eftirlit þess. Í þessu sambandi verður að ætla að Vinnumálastofnun veiti framangreindum aðilum jafnframt upplýsingar um breytingar á áður veittum upplýsingum frá sjálfstætt starfandi einstaklingi til stofnunarinnar samkvæmt umræddum tölulíðum 1. mgr., eftir því sem við á, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Er gert ráð fyrir þessu í ljósi mikilvægis þess að framangreindum upplýsingum frá sjálfstætt starfandi einstaklingum til Vinnumálastofnunar, sem varða málefnasvið annarra stjórnvalda, verði komið til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau hafi í það minnsta vitneskju um að viðkomandi aðilar séu starfandi hér á landi. Geti viðkomandi stjórnvöld þá jafnframt metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda, svo sem hvort þörf sé á tilteknum aðgerðum í ljósi upplýsinganna. Á sama tíma er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem ætla má að komi viðkomandi stjórnvaldi að gagni í störfum sínum, svo sem við lögbundið eftirlit, enda þykir mikilvægt að ekki sé miðlað óþarflega miklum upplýsingum milli aðila.

Í 5. mgr. 8. gr. laganna er kveðið á um að Vinnumálastofnun skuli halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína hér á landi. Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við ákvæðið bætist að Vinnumálastofnun skuli birta fyrrnefnda skrá með aðgengilegum hætti og að í skránni skuli meðal annars koma fram upplýsingar um nafn fyrirtækis og netfang þess auk upplýsinga um virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild þess í heimaríki. Fram kemur í skýringum með 10. gr. að gert sé ráð fyrir þessu þannig að ávallt sé unnt að nálgast á aðgengilegan hátt, svo sem rafrænt, lágmarks upplýsingar um þau erlendu fyrirtæki sem eru að veita þjónustu hér á landi á hverjum tíma. Í ljósi þessa er lagt til að kveðið verði á um í 7. gr. laganna að Vinnumálastofnun skuli halda sambærilega skrá og að framan greinir yfir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hér starfa þar sem fram komi upplýsingar um nöfn viðkomandi aðila og netföng þeirra sem og upplýsingar um virðisaukaskattsnúmer eða sambærilega heimild um efnahagslega starfsemi þeirra í heimaríki. Þykir þetta nauðsynlegt þannig að unnt sé að nálgast á aðgengilegan hátt, svo sem rafrænt, lágmarks upplýsingar um alla erlenda þjónustuveitendur sem hér starfa á hverjum tíma en ekki eingöngu um erlend fyrirtæki sem veita tímabundna þjónustu hér á landi.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra sem mælir fyrir um upplýsingaskyldu fyrirtækis til Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í ákvæðinu að fyrirtæki sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, sbr. þó 9. gr. laganna, skuli veita Vinnumálastofnun upplýsingar og/eða aðgang að gögnum, eftir því sem við á, um nafn fyrirtækis, heimilisfang þess í heimaríki og netfang þess sem og um nafn fyrirsvarsmanns þess og netfang hans. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um að fyrirtækjum beri að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um framangreind netföng en mikilvægt þykir að kveða á um slíka upplýsingaskyldu í lögnum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum hvað varðar samskipti einstaklinga en mikill hluti samskipta, meðal annars í tengslum við viðskipti, fer nú fram rafrænt. Auk þess er gert ráð fyrir að við 1. mgr. 8. gr. laganna verði bætt tveimur nýjum tölulíðum þar sem kveðið verði á um að fyrirtæki skuli afhenda Vinnumálastofnun gögn sem staðfesta að fyrirtækið sé sannanlega með staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta þess

hér á landi fellur innan. Enn fremur er gert ráð fyrir að fyrirtæki þurfi að sýna fram á að það starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis. Í því sambandi er meðal annars átt við gögn frá skattyfirvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki, svo sem virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild, og upplýsingar um starfsleyfi, eftir því sem við á, og umfang veltu í heimaríki. Almennt má ætla að við mat á umfangi veltu þess fyrirtækis sem í hlut á sé meðal annars litið til kaupmáttar í heimaríki hlutaðeigandi fyrirtækis hverju sinni sem og sérstakra aðstæðna þegar um er að ræða fyrirtæki sem nýlega hefur hafið starfsemi. Þá er gert ráð fyrir að fyrirtæki veiti Vinnumálastofnun upplýsingar um nafn notendafyrirtækis og kennitölu þess eða annað sambærilegt auðkenni þess, ef við á, hvers konar þjónustu fyrirtækið veitir hér á landi, hvar þjónustan er veitt og hversu lengi áætlað er að starfsemi fyrirtækisins hér á landi standi yfir auk þess sem veita skal stofnuninni afrit af þjónustusamningi, eftir því sem við á. Jafnframt er gert ráð fyrir að verði breytingar á þeim upplýsingum sem fyrirtæki hafa veitt Vinnumálastofnun, sbr. framangreint, beri viðkomandi að tilkynna um breytingarnar til stofnunarinnar án ástæðulausrar tafar.

Jafnframt er lagt til að bætt verði við ákvæðið nýrri 2. mgr. þar sem kveðið verði á um skyldu fyrirtækja til að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum komi sú staða upp að fyrirtæki hafi í upphafi ekki haft í hyggju að veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, og hafi því ekki borið að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum eigi síðar en sama dag og starfsemin hófst hér á landi, en veiti samt sem áður þjónustu hér á landi sem varir lengur, sbr. þó 9. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum verði hlutaðeigandi fyrirtækjum skylt að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum, eftir því sem við á, eigi síðar en á ellefta virka degi sem þjónustan hefur varað hér á landi í hvert skipti. Er gert ráð fyrir þessu þannig að skýrt sé hvenær fyrirtækjum ber að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum vari þjónusta þeirra hér á landi lengur en áætlað hefur verið í upphafi.

Enn fremur er lagt til að tekið verði fram í 3. mgr. 8. gr. laganna að fyrirtæki beri að afhenda notendafyrirtæki staðfestingu Vinnumálastofnunar á því að stofnunin hafi mótttekið gögn skv. 1.–9. tölul. 1. mgr. sama ákvæðis eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að fyrirtækið hefur mótttekið staðfestinguna frá Vinnumálastofnun. Í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga er hins vegar kveðið á um að fyrirtæki beri að afhenda notendafyrirtæki staðfestingu Vinnumálastofnunar um að stofnunin hafi mótttekið tiltekin gögn eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi. Er breytingin lögð til þar sem þau tilvik hafa komið upp við framkvæmd laganna að fyrirtæki hafi hafið starfsemi hér á landi án þess að Vinnumálastofnun hafi getað veitt því umrædda staðfestingu en mikilvægt þykir að skýrt sé að fyrirtækinu beri að afhenda notendafyrirtækinu staðfestingu Vinnumálastofnunar innan tiltekins tíma þegar því verður það kleift. Á þetta við þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi valdið því að Vinnumálastofnun hafi ekki verið unnt að veita fyrirtækinu umrædda staðfestingu með nægum fyrirvara þannig að það hafi getað afhent notendafyrirtækinu staðfestinguna innan tveggja virkra daga frá því að starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi líkt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Þykir því nauðsynlegt að rýmka frest fyrirtækja að þessu leyti og miða við að þau afhendi notendafyrirtæki umrædda staðfestingu Vinnumálastofnunar innan tveggja virkra daga frá því að fyrirtækið hefur mótttekið staðfestinguna frá Vinnumálastofnun.

Gert er ráð fyrir að á þeim tíma sem fyrirtæki veitir þjónustu hér á landi og í einn mánuð eftir að það hættir að veita þjónustu hér á landi beri því að hafa ákveðin gögn ávallt tiltæk og afhenda þau Vinnumálastofnun eigi síðar en tveimur virkum dögum frá því að beiðni stofnunarinnar þess efnis berst fyrirtækinu, svo sem rafrænt á það netfang sem sem viðkomandi fyrirtæki hefur

upplýst stofnunina um skv. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Framangreind gögn eru afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og staðfesting á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðlum, meðal annars hvað varðar launafjárhæð, sem og afrit af vinnutímaskýrslum sem sýna vinnutíma hvers starfsmanns. Þá er gert ráð fyrir að eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í hvert skipti skuli fyrirtæki upplýsa Vinnu-málastofnun um hvernig stofnunin geti nálgast framangreindar upplýsingar. Með þessu er átt við að fyrirtæki láti Vinnu-málastofnun í té upplýsingar um hvaða starfsmann stofnunin geti haft samband við, svo sem rafrænt, til að nálgast umræddar upplýsingar eða hvernig stofnunin geti á annan hátt komið beiðni til fyrirtækisins þar sem óskað er eftir umræddum upplýsingum.

Í 5. mgr. 8. gr. laganna er kveðið á um að Vinnu-málastofnun skuli halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína hér á landi. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að fyrrnefnd 5. mgr. 8. gr. laganna verði 7. mgr. ákvæðisins og að við ákvæðið bætist að Vinnu-málastofnun skuli birta fyrrnefnda skrá með aðgengilegum hætti og að í skránni skuli meðal annars koma fram upplýsingar um nafn fyrirtækis og netfang þess auk upplýsinga um virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild um efnahagslega starfsemi þess í heimaríki. Er gert ráð fyrir þessu þannig að ávallt sé unnt að nálgast á aðgengilegan hátt, svo sem rafrænt, lágmarks upplýsingar um þau erlendu fyrirtæki sem eru að veita þjónustu hér á landi á hverjum tíma.

Í 4. mgr. 8. gr. laganna er kveðið á um að Vinnu-málastofnun skuli afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattfyrvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnu-efirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands tiltekna upplýsingar. Í þessari grein er gert ráð fyrir að fyrrnefnd 4. mgr. 8. gr. laganna verði 6. mgr. ákvæðisins og að Vinnu-málastofnun verði jafnframt skylt að veita lögreglu og töllyfyrvöldum umræddar upplýsingar. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að eingöngu sé um að ræða upplýsingar sem ætla má að falli undir málefnasvið viðkomandi stjórnvalds og nýtist þannig stjórnvaldinu, svo sem við lögbundið eftirlit þess. Í þessu sambandi verður að ætla að Vinnu-málastofnun veiti framangreindum aðilum jafnframt upplýsingar um breytingar á áður veittum upplýsingum sem við eiga frá fyrirtækjum til stofnunarinnar, eftir því sem við á, sbr. 4. mgr. ákvæðisins samkvæmt frumvarpi þessu. Er gert ráð fyrir þessu í ljósi mikilvægis þess að upplýsingum frá fyrirtækjum til Vinnu-málastofnunar, sem varða málefnasvið annarra stjórnvalda, verði komið til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau hafi í það minnsta vitneskju um að viðkomandi fyrirtæki séu starfandi hér á landi. Geta viðkomandi stjórnvöld þá jafnframt metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda, svo sem hvort þörf sé á tilteknum aðgerðum í ljósi upplýsinganna. Á sama tíma er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem ætla má að komi viðkomandi stjórnvaldi að gagni í störfum sínum, svo sem við lögbundið eftirlit, enda þykir mikilvægt að ekki sé miðlað óþarflega miklum upplýsingum milli aðila. Er því gert ráð fyrir að skylda Vinnu-málastofnunar að þessu leyti lúti að upplýsingum um nafn viðkomandi fyrirtækis, heimilisfang þess í heimaríki og netfang þess, nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og netfang hans sem og nafn fulltrúa fyrirtækisins hér á landi, eftir því sem við á, og netfang hans. Einnig er átt við upplýsingar um hvers konar þjónustu viðkomandi fyrirtæki er að veita hér á landi, nafn notendafyrirtækis, sem og kennitala þess eða annað sambærilegt auðkenni þess, ef við á, og hvar þjónustan verður veitt sem og hversu lengi áætlað er að starfsemin hér á landi standi yfir. Enn fremur er átt við upplýsingar um staðfestu og starfsemi viðkomandi fyrirtækis í heimaríki, eða með öðrum orðum staðfesting á að viðkomandi fyrirtæki sé sannanlega með staðfestu og þar með efnahagslega starfsemi í heimaríki í þeirri starfsgrein sem þjónusta hans hér á landi fellur innan. Þá er átt við upplýsingar um að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis. Er meðal annars átt við upplýs-

ingar og gögn í tengslum við staðfestu viðkomandi fyrirtækis og efnahagslega starfsemi þess í heimaríki, þ.m.t. gögn frá skattyfirvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki, svo sem virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild, og upplýsingar um starfsleyfi, eftir því sem við á, sem og umfang veltu fyrirtækisins í heimaríki.

Um 11. gr.

Í 9. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að þegar um er að ræða þjónustu sem felur í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja og er ekki ætlað að vara lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum þurfi fyrirtæki ekki að veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 8. gr. laganna. Jafnframt er kveðið á um að vari þjónusta fyrirtækisins lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gildi ákvæði laganna um starfsemi þess hér á landi.

Hér er lagt til að hið sama gildi hvað varðar upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklings, skv. 7. gr. laganna, sbr. 9. gr., þar sem mikilvægt þykir að sömu reglur gildi að þessu leyti hvort sem um er að ræða sjálfstætt starfandi einstakling eða fyrirtæki. Jafnframt verði kveðið á um að vari framangreind þjónusta sjálfstætt starfandi einstaklings eða fyrirtækis lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum skuli hlutaðeigandi veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 7. gr. laganna, sbr. 9. gr., eða 8. gr. laganna, eftir því sem við á, eigi síðar en fyrsta virka dag eftir að þjónustan hefur varað fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum. Er gert ráð fyrir þessu þannig að skýrt sé hvenær sjálfstætt starfandi einstaklingar eða fyrirtæki skuli veita Vinnumálastofnun upplýsingar samkvæmt lögnum í umræddum tilvikum.

Um 12. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 10. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra þess efnis að ekki verði eingöngu kveðið á um að fyrirtæki skuli tilkynna Vinnumálastofnun um nafn, kennitölu eða fæðingardag, lögheimili eða dvalarstað fulltrúa síns hér á landi heldur verði einnig kveðið á um að fyrirtæki skuli tilkynna Vinnumálastofnun um netfang fulltrúans. Er það gert þar sem mikilvægt þykir að kveða á um slíka upplýsingaskyldu í lögnum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum hvað varðar samskipti einstaklinga en mikill hluti samskipta, meðal annars í tengslum við viðskipti, fer nú fram rafrænt.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er mælt fyrir um að notendafyrirtæki skuli óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. laganna, um að fyrirtæki hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 8. gr., eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis hófst hér á landi. Hér er lagt til að fyrrnefnd 2. mgr. 8. gr. laganna verði 3. mgr. ákvæðisins og að notendafyrirtæki skuli óska eftir umræddri staðfestingu eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að starfsemi fyrirtækis hófst hér á landi í stað tveggja virkra daga. Er þetta í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 10. gr. hvað varðar 2. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 3. mgr. ákvæðisins, sbr. 10. gr. Að öðru leyti er ekki þörf á að skýra þær breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. 11. gr. laganna.

Í 2. mgr. 11. gr. laganna er kveðið á um að þegar fyrirtæki á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki sem undirverktaka um veitingu tiltekinnar þjónustu, í heild eða að hluta, skuli fyrstnefnda fyrirtækið afhenda upphaflegu notendafyrirtæki skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. laganna vegna allra fyrirtækja sem koma að veitingu þjónustunnar. Jafnframt er kveðið á um að hið sama eigi við um aðalverktaka á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar sem hefur staðfestu hér á landi en hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki sem undirverktaka um veitingu þjónustunnar, í heild eða að hluta. Í þessari grein er gert ráð fyrir að fyrstnefnd 2. mgr. 8. gr. verði 3. mgr. ákvæðisins og að í stað þess að vísa til fyrirtækja í bygginga- og mannvirkjagerð í framangreindu samhengi verði vísað til fyrirtækja á sviði hvers konar byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar. Er það gert þannig að skýrt sé við túlkun ákvæðisins að átt er við fyrirtæki á sviði hvers konar byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í F-bálki í ÍSAT2008, íslenski atvinnugreinaflokkun. Í 7. gr. er gert ráð fyrir sambærilegri breytingu á 2. mgr. 6. gr. laganna.

Í 3. mgr. 11. gr. laganna er kveðið á um að verði fyrirtæki ekki við beiðni notendafyrirtækis um skriflega staðfestingu á því að fyrirtækið hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skuli notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita stofnuninni upplýsingar um nafn fyrirtækisins, nafn fyrirsvarsmanns þess, heimilisfang í heimaríki og tegund þjónustunnar sem veita skal. Jafnframt ber notendafyrirtækinu að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um nafn þess aðila er kom fram fyrir hönd fyrirtækisins við gerð þjónustunnar þegar nafn fyrirsvarsmanns þess er ekki þekkt. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar er í þessari grein lagt til að notendafyrirtækinu verði skylt að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um netföng þeirra aðila sem um ræðir við þessar tilteknu aðstæður. Er það gert þar sem mikilvægt þykir að kveða á um slíka upplýsingaskyldu í lögnum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförmum árum hvað varðar samskipti einstaklinga en mikill hluti samskipta, meðal annars í tengslum við viðskipti, fer nú fram rafrænt.

Þá er lagt til að við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að verði notendafyrirtæki vart við að fyrirtæki sem það hefur gert þjónustusamning við brjóti gegn lögnum, svo sem hvað varðar laun eða önnur starfskjör starfsmanna sinna, skuli notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar. Er það gert þannig að Vinnumálastofnun geti í slíkum tilvikum beitt þeim úrræðum sem henni er heimilt samkvæmt lögnum til að knýja á um að hlutaðeigandi fyrirtæki fari að ákvæðum laga og kjarasamninga, eftir því sem við á. Í 35. gr. eru lagðar til sambærilegar breytingar á lögum um starfsmannaleigur.

Um 15. gr.

Um a-lið (11. gr. a).

Hér er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um óskipta ábyrgð notendafyrirtækis komi til tiltekinna vanefnda fyrirtækis gagnvart starfsmönnum sínum vegna starfa þeirra hér á landi á vegum fyrirtækisins við veitingu þjónustu á grundvelli þjónustusamnings milli fyrirtækisins og notendafyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að ábyrgðin nái til vangoldinna lágmarkslauna, annarra vangoldinna launaþátta og vangoldinna launa fyrir yfirvinnu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, og til vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum, sbr. 5. gr. laganna. Með vangoldnum lágmarkslaunum er í þessu sambandi átt við laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Jafnframt er gert ráð fyrir að ábyrgð notenda-

fyrirtækisins nái til vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi í tengslum við framangreindar vangreiðslur fyrirtækis. Ekki er þó gert ráð fyrir að ábyrgð notendafyrirtækis nái til vangoldinna orlofslauna starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir að sé notendafyrirtæki hluti fyrirtækjasamstæðu beri móðurfélagið sameiginlega ábyrgð með notendafyrirtækinu sem á í hlut auk þess sem hið sama eigi við um annað félag ef það er raunverulegur stjórnandi notendafyrirtækisins.

Um svokallaða keðjuábyrgð er að ræða en með því er átt við að notendafyrirtæki sem gerir þjónustusamning við fyrirtæki um að fyrirtækið veiti notendafyrirtækinu tiltekna þjónustu geti borið framangreinda ábyrgð komi til þess að fyrirtækið efni ekki skuldbindingar sínar gagnvart þeim starfsmönnum sínum sem sinna störfum fyrir notendafyrirtækið á grundvelli þjónustusamningsins. Jafnframt er með keðjuábyrgð átt við að fyrirnemt notendafyrirtæki geti borið framangreinda ábyrgð vegna starfsmanna annarra fyrirtækja sem hafa gert þjónustusamninga sem byggjast á upphaflega þjónustusamningnum þar sem samið er um það verk eða hluta þess verks sem vinna skal fyrir notendafyrirtækið komi til þess að fyrirnemt fyrirtæki efni ekki skyldur sínar gagnvart starfsmönnum sínum. Þetta eigi við þrátt fyrir að ekki sé um beint samnings-samband að ræða milli notendafyrirtækisins og viðkomandi fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að um óskipta ábyrgð notendafyrirtækisins sé að ræða þannig að viðkomandi starfsmaður sem telur á sér brotið geti gert kröfu um að notendafyrirtækið sem er efst í keðjunni greiði þær vangreiðslur sem ábyrgð þess nær yfir án þess að þurfa að sýna fram á að hann hafi áður reynt án árangurs að krefja vinnuveitanda sinn eða önnur notendafyrirtæki í keðjunni um greiðslu. Þannig er gert ráð fyrir að það notendafyrirtæki sem fyrst gerir þjónustusamning við fyrirtæki í skilningi laganna þannig að ákvæði laganna eiga við hvað varðar starfsmenn fyrirtækisins sé sá aðili sem starfsmenn fyrirtækja sem á eftir koma í keðjunni geta krafist um vangreiðslur sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækisins. Með keðjuábyrgð er þannig átt við að notendafyrirtæki beri framangreinda ábyrgð gagnvart starfsmönnum allra fyrirtækja, hvort sem þau eru eitt eða fleiri, sem veita því þjónustu í tengslum við sama þjónustusamninginn þrátt fyrir að ekki sé um beint samnings-samband að ræða milli notendafyrirtækisins og hlutaðeigandi fyrirtækis sem vanefnt hefur um-ræddar greiðslur til starfsmanna sinna.

Fyrst um sinn er ekki gert ráð fyrir að öll notendafyrirtæki í skilningi laganna geti borið framangreinda ábyrgð heldur er í frumvarpinu eingöngu lagt til að um verði að ræða notendafyrirtæki sem eru með atvinnustarfsemi sem fellur undir byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í F-bálki í ÍSAT2008, íslenskri atvinnugreina-flokkun. Í því sambandi verði horft til þeirrar starfsemi sem viðkomandi notendafyrirtæki hefur með höndum í reynd en ekki til þess hvaða starfsemi hefur verið skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, sé um misræmi að ræða milli þeirrar starfsemi sem skráð hefur verið hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og raunverulegrar starfsemi notendafyrirtækisins, við mat á því hvort um er að ræða notendafyrirtæki sem ber framangreinda ábyrgð samkvæmt lögnum. Er gert ráð fyrir þessu þar sem flestir þjónustusamningar sem gerðir eru hér á landi á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra lúta að veitingu þjónustu í tengslum við ýmiss konar byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Í ljósi framangreinds á ábyrgðin fyrst um sinn einungis við vegna starfsmanna fyrirtækja sem eru með atvinnustarfsemi sem fellur undir byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í F-bálki í ÍSAT2008, íslenskri atvinnugreinaflokkun, en ekki allra starfsmanna í skilningi laganna. Er þetta í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/67/ESB en þar er gert ráð fyrir að komið verði á keðjuábyrgð í aðildarríkjum sambandsins að því er varðar þá starfsemi sem um getur í viðauka við tilskipun 96/71/EB en í fyrirnemdum viðauka kemur fram að meðal þeirrar starfsemi sem minnst er á í öðrum undirlið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar

sé hvers kyns byggingarvinna sem lýtur að smíði, viðgerðum, lagfæringu, breytingum eða niðurrifi bygginga. Í tilskipuninni kemur fram að markmiðið með þessu sé að taka á svikum og misnotkun hvað varðar laun og önnur starfskjör starfsmanna sem sendir hafa verið tímabundið til annarra aðildarríkja, en þeirra ríkja þar sem þeir starfa að jafnaði, í því skyni að veita þar þjónustu.

Þrátt fyrir að í frumvarpi þessu sé lagt til að fyrst um sinn eigi umrædd ábyrgð notendafyrirtækis einungis við um notendafyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð er gert ráð fyrir að fylgst verði grannt með aðstæðum á vinnumarkaði þannig að unnt verði að grípa inn í með því að leggja til breytingu á lögnum verði aðstæður á vinnumarkaði með þeim hætti að mikilvægt þyki að kveða á um að notendafyrirtæki með starfsemi innan fleiri atvinnugreina beri umrædda ábyrgð á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Komi til aðstæðna á vinnumarkaði sem kalla á slíka lagabreytingu er gert ráð fyrir að frumvarp til breytinga á fyrrnefndum lögum verði lagt fram á Alþingi að höfðu samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Lagt er til að krafa vegna vangreiðslna fyrirtækis sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækis skuli hafa borist notendafyrirtæki innan fjögurra mánaða frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Þó er gert ráð fyrir að hafi notendafyrirtæki vitað eða mátt vita af bersýnilegri vanefnd hvað varðar greiðslur vegna starfsmanns fyrirtækis sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækisins megi með ákvörðun dómstóla lengja ábyrgðartíma notendafyrirtækisins í allt að tólf mánuði. Gert er ráð fyrir að litið verði svo á að krafa teljist hafa borist notendafyrirtæki þegar starfsmaður krefur notendafyrirtækið skriflega, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír, um vangoldin laun og/eða aðrar vangreiðslur sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækis þar sem meðal annars er gerð grein fyrir í hverju vanefnd fyrirtækisins hefur falist, þ.m.t. hvenær viðkomandi krafa hafi fallið í gjalddaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að starfsmaðurinn verði að tilgreina í kröfu sinni með hvaða hætti hann óski eftir að svar berist frá notendafyrirtækinu. Er það gert þar sem oft getur verið vandkvæðum bundið fyrir notendafyrirtæki að hafa samband við starfsmenn sem sendir hafa verið tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu þar sem upplýsingar um símanúmer og/eða netföng viðkomandi starfsmanna liggja alla jafna ekki fyrir hjá hlutaðeigandi notendafyrirtæki. Í þessu sambandi er unnt að taka sem dæmi að óski starfsmaður eftir að svar frá notendafyrirtæki berist honum með tölvubréfi þurfi hann að tilgreina netfang sitt í kröfunni. Þá er gert ráð fyrir að krafa teljist einnig hafa borist notendafyrirtæki ef samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangreiðslur tiltekins fyrirtækis, sem veitir notendafyrirtækinu þjónustu, gagnvart starfsmönnum þess. Samkvæmt fyrrnefndu ákvæði er gert ráð fyrir að unnt sé að setja á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmálum á grundvelli samninga samtaka aðila vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga.

Berist notendafyrirtæki krafa á grundvelli ákvæðisins er gert ráð fyrir að það geri hlutaðeigandi fyrirtæki grein fyrir kröfunni án ástæðulausrar tafar og skori jafnframt á fyrirtækið að greiða kröfuna eða að öðrum kosti gera grein fyrir afstöðu sinni til hennar innan sjö virkra daga frá móttöku áskorunar um greiðslu kröfunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að telji notendafyrirtæki vafa leika á réttmæti kröfu, hafi það í hyggju að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 6. mgr. ákvæðisins samkvæmt þessari grein, eða synja um greiðslu kröfu á grundvelli undanþágu frá ábyrgð notendafyrirtækis skv. 11. gr. b, sbr. b-lið þessarar greinar, skuli það gera fyrirtækinu og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir þeirri afstöðu sinni innan sjö virkra daga frá því að frestur fyrirtækisins til að greiða kröfuna eða lýsa afstöðu sinni til hennar rann út, sbr.

framangreint, og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja með afstöðu notendafyrirtækisins. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að notendafyrirtækið skuli greiða viðkomandi kröfu innan 24 virkra daga frá því að krafan barst því.

Lagt er til að notendafyrirtæki og starfsmanni fyrirtækis verði heimilt að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um réttmæti kröfu innan sjö virkra daga frá því að frestur fyrirtækisins til að greiða kröfuna eða lýsa afstöðu sinni til hennar rann út, sbr. framangreint. Jafnframt er gert ráð fyrir að óski notendafyrirtæki eða starfsmaður fyrirtækis eftir slíkri umsögn skuli hún liggja fyrir eigi síðar en sjö virkum dögum eftir að óskað var eftir henni. Þá er gert ráð fyrir að nýti notendafyrirtæki eða starfsmaður fyrirtækis heimild sína til að óska eftir umsögn fyrrnefndrar samráðsnefndar skuli notendafyrirtækið að nýju gera fyrirtækinu og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir afstöðu sinni til kröfunnar innan þriggja virkra daga frá því að notendafyrirtækinu barst umsögn samráðsnefndarinnar í hendur.

Komi til þess að notendafyrirtæki greiði kröfu á grundvelli ákvæðisins er gert ráð fyrir að því verði heimilt að draga frá greiðslu til fyrirtækis, sem það er í samningssambandi við, þá fjárhæð sem nemur þeim kostnaði sem það verður fyrir í tengslum við greiðslu kröfunnar, þ.m.t. vegna greiðslu vaxtakostnaðar, innheimtukostnaðar og málskostnaðar, eftir því sem við á. Á það við hvort sem umrætt fyrirtæki er það fyrirtæki sem hefur vanefnt greiðslur til sinna starfsmanna eða hvort fyrirtækið sem vanefnt hefur greiðslur til starfsmanna sinna er neðar í fyrirtækjakeðjunni. Þannig er gert ráð fyrir að hvert fyrirtæki sem kemur í keðju fyrirtækja á eftir notendafyrirtæki, sem greitt hefur kröfu vegna vanefnda fyrirtækis í keðjunni, geti dregið framangreinda fjárhæð frá greiðslu til þess fyrirtækis sem það er í samningssambandi við þar til kemur að því fyrirtæki í keðjunni sem hefur vanefnt greiðslur til sinna starfsmanna og krafa sem notendafyrirtæki ofar í keðjunni hefur greitt byggist á en það er þá síðasta fyrirtækið þar sem heimilt er að draga framangreinda fjárhæð frá samningsbundnum greiðslum.

Loks er gert ráð fyrir að höfði starfsmaður fyrirtækis dómsmál hér á landi vegna ábyrgðar notendafyrirtækis samkvæmt ákvæðinu skuli starfsmaðurinn gera það innan átta mánaða frá því að afstaða notendafyrirtækisins til viðkomandi kröfu lá fyrir enda þykir mikilvægt að ljóst sé sem fyrst hvort starfsmaður hyggst láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum hafi hann ekki fengið kröfu sína greidda. Á það ekki síst við þar sem nauðsynlegt þykir að það liggi fyrir hvort starfsmaður hyggst nýta rétt sinn að þessu leyti áður en lokauppgjör í tengslum við greiðslur vegna kaupa notendafyrirtækis á tiltekinni þjónustu fer fram þannig að notendafyrirtæki geti við lokauppgjorið nýtt sér rétt sinn skv. 7. mgr. ákvæðisins samkvæmt þessari grein hvað varðar þann kostnað sem notendafyrirtækið hefur orðið fyrir vegna vanefnda hlutaðeigandi fyrirtækis gagnvart starfsmönnum sínum og notendafyrirtækið ber ábyrgð á. Jafnframt er gert ráð fyrir að höfði starfsmaður fyrirtækis dómsmál hér á landi á grundvelli ábyrgðar notendafyrirtækis skuli starfsmaðurinn einnig stefna hlutaðeigandi fyrirtæki þar sem notendafyrirtækið á varnarþing.

Lög um persónuvernd og meðferð perónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Þrátt fyrir framangreint er í þessari grein gert ráð fyrir að sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga. Þykir mikilvægt að leggja með þessum hætti áherslu á að í þeim tilvikum þegar þær upplýsingar sem um ræðir hverju sinni, í tengslum við ábyrgð notendafyrirtækja í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, eru persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um

persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Um b-lið (11. gr. b).

Í 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 2014/67/ESB kemur fram að aðildarríkjum sé heimilt að kveða á um ákveðnar undanþágur frá ábyrgð notendafyrirtækis að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í ljósi þess er lagt til að þrátt fyrir að kveðið verði á um tiltekna ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð í nýrri 11. gr. a laganna verði notendafyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð í tilteknum tilvikum heimilt að synja um greiðslu kröfu vegna vangoldinna lágmarkslauna og/eða annarra vangreiðslna skv. 3. mgr. 11. gr. a laganna samkvæmt þessari grein. Gert er ráð fyrir að þau tilvik þegar fyrirtæki veitir notendafyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð þjónustu skemur en samtals tíu virka daga á tólf mánaða tímabili falli meðal annars undir framangreinda undanþágu. Jafnframt er gert ráð fyrir að þau tilvik þegar um er að ræða kröfu framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða eiganda þess fyrirtækis sem um ræðir sem og kröfu maka eða annarra skyldmenna framangreindra aðila eða annarra sem eru þeim það nákomnir að unnt er að sýna fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til tengsla þeirra falli undir framangreinda undanþágu.

Enn fremur er lagt til að notendafyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð geti orðið undanþegið ábyrgð skv. 11. gr. a laganna samkvæmt þessari grein hafi það með sannanlegum hætti reynt að tryggja eins og því er unnt að fyrirtæki sem veitir því þjónustu á grundvelli þjónustusamnings, þrátt fyrir að ekki sé um beint samningssamband að ræða, greiði starfsmönnum sínum er starfa við veitingu þjónustunnar laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Í því sambandi er meðal annars átt við að notendafyrirtæki hafi aflað tiltekinn upplýsinga hjá því fyrirtæki sem um ræðir hverju sinni um þá starfsmenn fyrirtækisins sem veita notendafyrirtækinu þjónustu hér á landi. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að notendafyrirtækið óski meðal annars eftir lista yfir nöfn viðkomandi starfsmanna sem og afritum að ráðningarsamningum þeirra en ætla má að notendafyrirtæki geti almennt nálgast þessar upplýsingar áður en það undirritar þjónustusamning við fyrirtæki um kaup á tiltekinni þjónustu af því fyrirtæki sem í hlut á hverju sinni.

Enn fremur er gert ráð fyrir að í þessu sambandi óski notendafyrirtæki jafnframt eftir afritum af vinnutímaskýrslum og launaseðlum hvers starfsmanns sem og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð. Eðli málsins samkvæmt verður að ætla að notendafyrirtæki óski eftir þessum upplýsingum frá fyrirtæki meðan á veitingu þjónustunnar stendur. Jafnframt verður að ætla að sé um veitingu þjónustu að ræða sem áætlað er að standi yfir í langan tíma beri notendafyrirtæki að kalla eftir þessum upplýsingum frá fyrirtæki oftar en einu sinni á samningstímanum þannig að unnt sé að meta það svo að notendafyrirtæki hafi uppfyllt það skilyrði ákvæðisins að hafa með sannanlegum hætti reynt að tryggja eins og því er unnt að fyrirtæki sem er að veita því þjónustu á grundvelli þjónustusamnings greiði starfsmönnum sínum er starfa við veitingu þjónustunnar laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að óski notendafyrirtæki eftir framangreindum upplýsingum hjá því fyrirtæki sem um ræðir hverju sinni sé hlutaðeigandi fyrirtæki skylt að veita notendafyrirtækinu upplýsingarnar.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Þrátt fyrir framangreint er í þessari grein gert ráð fyrir að sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær upplýsingar, svo sem hvað

varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga. Þykir mikilvægt að leggja með þessum hætti áherslu á að í þeim tilvikum þegar þær upplýsingar sem um ræðir hverju sinni, í tengslum við ábyrgð notendafyrirtækja í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, eru persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Loks er lagt til að kveðið verði skýrt á um að verði fyrirtæki gjaldþrota gildi lög nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, enda séu skilyrði laganna uppfyllt, og þá eigi ekki við ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð skv. 11. gr. a laganna samkvæmt þessari grein.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að Vinnumálastofnun skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Í þessari grein er lagt til að við málsgreinina verði bætt í dæmaskyni tilteknum atriðum sem stofnuninni ber að hafa eftirlit með í því skyni að leggja áherslu á mikilvægi þeirra. Í því sambandi er vert að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að þau atriði sem Vinnumálastofnun ber að hafa eftirlit með á grundvelli ákvæðisins verði tæmandi talin í ákvæðinu. Er þannig tekið fram í ákvæðinu að eftirlit Vinnumálastofnunar á grundvelli laganna skuli meðal annars felast í eftirliti með því að um sé að ræða fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr. laganna, eða sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. 5. tölul. 3. gr. laganna, sem og hvort sannanlega sé um að ræða starfsmann, sbr. 6. tölul. 3. gr. laganna. Tekið skal fram að framangreindar tilvísanir í ákvæði laganna miðast við þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði á umræddum lögum. Er þetta meðal annars í samræmi við 10. tölul. aðfaraorða tilskipunar 2014/67/ESB þar sem fram kemur að bætt eftirlit stjórnvalda með því þegar starfsmenn eru sendir tímabundið til að vinna við þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki en í því ríki þar sem þeir vinna að jafnaði auki réttarvissu og verði gagnlegt tæki til að berjast gegn atvinnustarfsemi sem sé einungis sjálfstæð að nafninu til. Þannig verði komið í veg fyrir að ranglega sé haldið fram að starfsmenn, sem sendir eru til starfa í öðru aðildarríki en í því ríki þar sem þeir starfa að jafnaði, séu sjálfstæðir atvinnurekendur og um leið komið í veg fyrir að gildandi reglur í gistiríki séu sniðgengnar. Gera verður ráð fyrir að niðurstaða mats á því hvort um sé að ræða fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstakling sem og hvort um sé að ræða starfsmann í skilningi laganna ráðist af heildarmati Vinnumálastofnunar hverju sinni þar sem stofnunin hefur litið til ýmissa þátta sem ætla má að hafi mismikið vægi. Í því sambandi ber að nefna að í frumvarpi þessu er meðal annars gert ráð fyrir að í stað þess að eingöngu sé kveðið á um í 1. tölul. 3. gr. laganna að fyrirtæki geti verið einstaklingur, félag eða annar sá sem stundar tiltekinn atvinnurekstur verði bætt við því skilyrði að viðkomandi hafi starfsmann eða starfsmenn í vinnu sem sendir eru tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu, sbr. 2. tölul. a-liðar 5. gr. Er þannig gert ráð fyrir að í ákvæðinu verði tekið skýrt fram að ekki geti verið um fyrirtæki að ræða nema viðkomandi aðili sendi starfsmann eða starfsmenn sína tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu. Því verður að ætla að við mat Vinnumálastofnunar á því hvort um fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstakling sé að ræða hafi það sérstaka þýðingu hvort viðkomandi hafi ráðið starfsmenn í vinnu. Jafnframt verður að ætla að það hafi sérstaka þýðingu við mat Vinnumálastofnunar á því hvort um starfsmann eða

sjálfstætt starfandi einstakling er að ræða hvernig greiðslum er háttáð til viðkomandi fyrir unnið verk sem og hver leggur til vinnuáðstöðu, verkfæri og efni. Enn fremur má ætla að við matið hafi það þýðingu hvernig launagreiðslum er háttáð, hver ákveður hvar, hvenær og hvernig vinnan er unnin, með öðrum orðum hver fer með verkstjórn, auk þess sem gera verður ráð fyrir að ábyrgð sjálfstætt starfandi einstaklings á unnu verki sé víðtækari en ábyrgð starfsmanns fyrirtækis. Skylda þess sem á að vinna umsamið verk til að vinna verkið sjálfur og skráning hans í tiltekið stéttarfélag eru jafnframt atriði sem ætla má að auki líkur á að um starfsmann fyrirtækis sé að ræða og gera má ráð fyrir að Vinnumálastofnun líti til við umrætt mat. Þá má ætla að réttur til orlofslauna og greiðslna í veikinda og slysaforföllum samkvæmt ákvæðum tiltekins kjarasamnings sé eitt af þeim atriðum sem benda til að um starfsmann fyrirtækis sé að ræða frekar en sjálfstætt starfandi einstakling. Auk þess verður að ætla að nauðsynlegt sé að kanna aðstæður sérstaklega í þeim tilvikum þegar margir erlendir starfsmenn koma saman hingað til lands sem sjálfstætt starfandi einstaklingar í því skyni að veita hér tiltekna þjónustu án þess að skýr afmörkun sé til staðar í tengslum við störf þeirra, svo sem hvað varðar ábyrgð hvers og eins á tilteknum verkþáttum verksins sem um ræðir, en telja verður að slíkar aðstæður geti bent til þess að um hugsanlega gerviverktöku sé að ræða. Þá verður að gera ráð fyrir að Vinnumálastofnun líti til þess hvernig önnur ríki í Evrópu sem og Evrópudómstóllinn hafa túlkað tilskipanir Evrópusambandsins um útsenda starfsmenn við mat á því hvort um gerviverktöku er að ræða. Það sem hér hefur verið nefnt sem dæmi um atriði sem ætla má að Vinnumálastofnun líti til við heildstætt mat á því hvort um fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstakling sé að ræða er ekki tæmandi talið og gera verður ráð fyrir að ýmis önnur atriði komi jafnframt til skoðunar hverju sinni. Um nánari skýringar vísast til umfjöllunar í skýringum við 5. gr., eftir því sem við á.

Þá er í greininni gert ráð fyrir að kveðið verði á um eftirlit á vinnustöðum í 12. gr. laganna með skýrum hætti. Er þannig lagt til að í ákvæðinu komi meðal annars fram að starfsmönnum Vinnumálastofnunar sé heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði í því skyni að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og skal þeim þá veittur aðgangur að hlutaðeigandi vinnustöðum óski þeir eftir því. Einnig er gert ráð fyrir að við framangreint eftirlit á vinnustöðum skuli starfsmenn Vinnumálastofnunar sýna sérstök skilríki sem stofnunin gefur út. Þá er gert ráð fyrir að starfsmönnum Vinnumálastofnunar verði heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framangreint eftirlit á vinnustöðum þegar slíkt þykir nauðsynlegt að mati stofnunarinnar. Þetta er meðal annars í samræmi við 27. lið aðfaraorða tilskipunar 2014/67/ESB þar sem fram kemur að aðildarríkin eigi að tryggja að skilvirkar og fullnægjandi skoðanir fari fram og leggja þannig sitt af mörkum, meðal annars í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi í tengslum við fyrirtæki sem sent hafa starfsmenn sína tímabundið til annarra aðildarríkja en þeirra ríkja þar sem þeir starfa að jafnaði í því skyni að veita þar þjónustu.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna er mælt fyrir um að berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laganna beri stofnuninni að kanna málið frekar. Komist Vinnumálastofnun að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laganna skuli stofnunin krefjast þess að fyrirtækið starfi í samræmi við lög. Lagt er til að í stað þess að Vinnumálastofnun þurfi rökstudda kvörtun til að geta aðhafst í málum verði nægjanlegt að stofnunin hafi fengið upplýsingar sem gefa til kynna að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laganna. Enn fremur er í þessari grein lagt til að eftirlit Vinnumálastofnunar taki ekki eingöngu til fyrirtækja í þessu samhengi heldur taki það jafnframt til notendafyrirtækja og sjálfstætt starfandi einstaklinga í skilningi laganna enda er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna í heild sinni.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 13. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra þar sem kveðið er á um upplýsingar í þágu eftirlits. Gert er ráð fyrir að kveðið verði skýrt á um í ákvæðinu að með upplýsingum og gögnum sem stofnunin telur nauðsynlegt að fá frá fyrirtækjum til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna sé meðal annars átt við afrit af þjónustusamningum í skilningi laganna eða samkvæmt lögum um starfsmannaleigur, eftir því sem við á, ráðningarsamningum og öðrum gögnum varðandi ráðningarkjör þeirra starfsmanna sem starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi. Í því sambandi er meðal annars átt við afrit af vinnutímaskýrslum, launaseðlum og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð.

Sambærilegar breytingar eru lagðar til hvað varðar 2. mgr. ákvæðisins í tengslum við upplýsingar og gögn sem Vinnumálastofnun telur nauðsynlegt að fá frá notendafyrirtækjum til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Lagt er til að við 13. gr. laganna verði bætt nýrri 3. mgr. þar sem kveðið verði á um skyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita Vinnumálastofnun upplýsingar og gögn í tengslum við þá þjónustu sem þeir veita hér á landi er stofnunin telur nauðsynleg til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Er í þessu sambandi meðal annars átt við upplýsingar um það hvers konar þjónustu viðkomandi einstaklingur veitir hér á landi, nafn notendafyrirtækis og kennitölu eða sambærilegt auðkenni þess, ef við á, og hvar þjónustan er veitt. Er þetta lagt til þar sem nauðsynlegt þykir að kveða á um skyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga ekki síður en skyldu fyrirtækja og notendafyrirtækja að þessu leyti, ekki síst það sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að tekið verði skýrt fram í lögnum að eftirlit Vinnumálastofnunar snúi að öllum þessum aðilum, sbr. 17. gr.

Til viðbótar við nýja 3. mgr. er lagt til að við ákvæðið bætist fimm nýjar málsgreinar. Er þannig gert ráð fyrir að kveðið verði á um að upplýsingar sem notendafyrirtæki, fyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu veita Vinnumálastofnun samkvæmt lögnum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skuli vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Auk þess er gert ráð fyrir að þegar um afhendingu gagna er að ræða skuli notendafyrirtæki, fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, eftir því sem við á, afhenda Vinnumálastofnun gögnin á því tungumáli sem þau eru ásamt þýðingum á íslensku eða ensku, ef við á. Tilgangurinn er að tryggja að þau gögn sem hlutaðeigandi aðilar afhenda Vinnumálastofnun séu á því tungumáli sem ætla má að starfsmenn stofnunarinnar geti almennt skilið og þannig verði stofnuninni kleift að meta hvort þær upplýsingar sem um ræðir séu fullnægjandi hverju sinni í skilningi laganna. Þrátt fyrir að meginreglan verði sú að notendafyrirtæki, fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingar afhendi Vinnumálastofnun þýdd gögn á íslensku eða ensku ásamt því skjali sem um ræðir hverju sinni á því tungumáli sem það er, sbr. framangreint, er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði í undantekningartilvikum heimilt að ákveða að taka við gögnum á öðrum tungumálum, svo sem þegar stofnunin telur af einhverjum ástæðum ekki þörf á þýðingu viðkomandi gagna á íslensku eða ensku.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um í ákvæðinu að Vinnumálastofnun geti aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem lögin heimila, annaðhvort rafrænt eða á annan máta sem stofnunin ákveður.

Gert er ráð fyrir að berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laganna sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða verði stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja að Vinnumálastofnun hafi heimild til að miðla slíkum upplýsingum til viðeig-

andi stjórnvalda þannig að þau geti þá metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um að í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að stofnunin geti haft eftirlit með framkvæmd laganna skuli stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skattyfirvöldum, tollyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti er í þessu sambandi eingöngu átt við að Vinnumálastofnun óski eftir upplýsingum sem koma stofnuninni að gagni við eftirlit með framkvæmd laganna, svo sem við mat á því hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Í þessu sambandi er meðal annars átt við upplýsingar um nöfn og kennitölur fyrirtækja, notendafyrirtækja og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem og upplýsingar um launagreiðslur til starfsmanna. Lagt er til að tekið verði fram í ákvæðinu að hlutaðeigandi aðilum sé skylt að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar búi þeir yfir þeim. Er það gert þar sem upplýsingar frá framangreindum aðilum geta verið nauðsynlegar, meðal annars til að Vinnumálastofnun fái vitneskju um starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og geti þannig haft eftirlit með því hvort brotið sé gegn ákvæðum laganna. Tilgangur þessa er meðal annars að gera eftirlit Vinnumálastofnunar, sem fer með lögbundið eftirlit á vinnumarkaði samkvæmt lögunum, skilvirkara en nú er auk þess að tryggja betur en áður að stofnunin fái þær upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að geta haft eftirlit með framkvæmd laganna. Tilgangur þessa er jafnframt að tryggja betur en áður að Vinnumálastofnun geti haft yfirsýn yfir umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda á innlendum vinnumarkaði, þar á meðal fjölda erlendra ríkisborgara sem hér starfa í tengslum við veitingu tímabundinnar þjónustu hér á landi, þannig að stofnunin geti sinnt lögbundnu eftirliti. Slíkt eftirlit þarf meðal annars að vera reglubundið og skilvirkt til að árangur náist og krefst það því samvinnu þeirra stjórnvalda sem koma að eftirliti á vinnumarkaði. Ekki er þó gert ráð fyrir að umræddir aðilar sendi Vinnumálastofnun allar hugsanlegar upplýsingar sem ætla má að geti komið stofnuninni að notum við framkvæmd eftirlits á grundvelli laganna heldur er gert ráð fyrir að um sé að ræða upplýsingar sem stofnunin býr ekki yfir en telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar og óskar því eftir þeim frá öðrum aðilum. Er þannig lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma Vinnumálastofnun að gagni við lögbundið eftirlit á sama tíma og verið er að undirstrika mikilvægi þess að opinberir aðilar og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, hafi með sér samstarf að því marki sem nauðsynlegt er í því skyni að stuðla að því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða sem og ákvæðum kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði. Þykir slíkt samstarf mikilvægt, ekki síst til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð eins og frekast er kostur.

Þrátt fyrir að í þessari grein sé gert ráð fyrir að stjórnvöld, svo sem lögregla, skattyfirvöld, tollyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirlit ríkisins og Þjóðskrá Íslands og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, veiti Vinnumálastofnun upplýsingar sem stofnunin óskar eftir og telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að berist stjórnvöldum, svo sem fyrrnefndum stjórnvöldum, eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laganna sé þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Þá er í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2014/67/ESB gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti óskað eftir aðstoð frá þar til bærur stjórnvöldum í heimaríki fyrirtækis eða sjálfstætt starfandi

einstaklings, svo sem hvað varðar öflun upplýsinga um fyrirtækið eða sjálfstætt starfandi einstaklinginn sem og samskipti við fyrirtækið eða sjálfstætt starfandi einstaklinginn í heimaríki, þ.m.t. vegna innheimtu sekta en í því sambandi er bæði átt við stjórnvaldssektir og dagsektir, eftir því sem við á, enda hafi beiðnin lögmætan tilgang auk þess sem hún gangi ekki lengra en nauðsyn krefur.

Loks er gert ráð fyrir að 3. mgr. ákvæðisins verði 9. mgr. og að málsgreininni verði breytt þannig að skýrt verði kveðið á um að starfsmenn Vinnumálastofnunar séu bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna, sbr. þó 5. mgr. ákvæðisins eins og grein þessi gerir ráð fyrir að ákvæðinu verði breytt en þar er meðal annars gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum að því marki sem stofnuninni er heimilt samkvæmt lögnum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þagnarskylda starfsmanna Vinnumálastofnunar haldist eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum sem hún fær við eftirlit með framkvæmd laganna samkvæmt þeim heimildum sem lögin kveða á um en að öðru leyti séu starfsmenn stofnunarinnar bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna og skiptir þá hvorki máli í hvaða tilgangi né með hvaða hætti upplýsingarnar berast stofnuninni.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 14. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, sem verði 1. mgr. ákvæðisins, þar sem kveðið verði á um að Vinnumálastofnun sé heimilt að óska eftir umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélags, eftir því sem við á, um hvort efni ráðningarsamnings eða þær upplýsingar um laun sem fram koma á launaseðli starfsmanns, meðal annars með tilliti til upplýsinga í vinnutímaskýrslum starfsmannsins, séu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram. Þykir þetta mikilvægt þar sem það kann að vera nauðsynlegt fyrir Vinnumálastofnun að fá framangreinda umsögn við mat á því hvort ákvæði kjarasamninga hafi verið brotin en almennt fellur það í hlut samtaka aðila vinnumarkaðarins að túlka efni kjarasamninga.

Í 14. gr. laganna er kveðið á um skyldu Vinnumálastofnunar til að afhenda afrit af ráðningarsamningi starfsmanns fyrirtækis til stéttarfélags í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem starfsmaðurinn starfar á óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Í þessari grein er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um að um sé að ræða það svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram og að skylda Vinnumálastofnunar að þessu leyti taki til afrita af ráðningarsamningi, launaseðlum og vinnutímaskýrslum starfsmannsins sem og afrita af þeim gögnum sem borist hafa Vinnumálastofnun og ætlað er að staðfesta að laun starfsmannsins hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð, sé óskað eftir slíkum afritum af samtökum aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélagi, enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram. Er gert ráð fyrir þessu þar sem mikilvægt þykir að hlutaðeigandi stéttarfélag eða samtök aðila vinnumarkaðarins, eftir því sem við á, fái afrit af umræddum gögnum í því skyni að meta hvort um brot á gildandi kjarasamningi hefur verið að ræða þegar fyrir liggur grunur um slíkt brot. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að afhenda samtökum aðila vinnumarkaðarins afrit af umræddum gögnum sem og hlutaðeigandi stéttarfélagi en samkvæmt gildandi lögum nær heimild Vinnumálastofnunar hvað þetta varðar eingöngu til stéttarfélags í viðkomandi

starfsgrein á því svæði þar sem starfsmaðurinn starfar. Þykir mikilvægt að heimild Vinnumálastofnunar að þessu leyti nái jafnframt til samtaka aðila vinnumarkaðarins, ekki síst þar sem sú staða getur komið upp að ekki sé til staðar stéttarfélag í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem starfsmaður fyrirtækisins starfar en í slíkum tilvikum þykir mikilvægt að Vinnumálastofnun geti afhent samtökum aðila vinnumarkaðarins afrit af umræddum gögnum þegar fyrir liggur grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

Markmiðið með framangreindum breytingum á 14. gr. laganna er meðal annars að styrkja það samstarf sem opinberir aðilar og samtök aðila vinnumarkaðarins, sbr. einnig lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, hafa haft með sér í því skyni að stuðla að því að staða starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands á vegum erlendra fyrirtækja í tengslum við veitingu þjónustu hérlendis sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem og ákvæði kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði. Er með þessu gert ráð fyrir að koma megi í veg fyrir félagsleg undirboð eins og frekast er kostur í tengslum við störf umræddra starfsmanna hér á landi.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Þrátt fyrir framangreint er í þessari grein gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í 14. gr. laganna að samtök aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélag, eftir því sem við á, skuli fara með persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem fram koma í þeim upplýsingum og gögnum sem fyrrnefndir aðilar fá afrit af frá Vinnumálastofnun á grundvelli ákvæðisins, í samræmi við ákvæði þeirra laga, svo sem hvað varðar vinnslu og varðveislu upplýsinganna. Þykir mikilvægt að leggja áherslu á skyldu fyrrnefndra aðila með þessum hætti en í því sambandi má nefna að upplýsingar um uppruna og upplýsingar um stéttarfélag aðild teljast viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. a og e-lið 8. tölul. 2. gr. gildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sambærilegum breytingum á lögum um starfsmannaleigur, sbr. 42. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á greinarfyrirsögn 14. gr. laganna þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 20. gr.

Í 15. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að hafi Vinnumálastofnun krafist þess að fyrirtæki fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar innan þess frests sem gefinn var geti stofnunin krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar. Í þessari grein er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um að framangreind heimild Vinnumálastofnunar nái einnig til þess þegar notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingar verða ekki við kröfu stofnunarinnar um úrbætur.

Um 21. gr.

Lagðar eru til breytingar á 15. gr. a laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra þar sem kveðið er á um dagsektir. Gert er ráð fyrir að 1. mgr. ákvæðisins, er kveður á um heimild Vinnumálastofnunar til að krefjast þess að fyrirtæki sem ekki fer að ákvæðum laganna bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum, verði breytt þannig að umrædd heimild Vinnumálastofnunar nái einnig til notendafyrirtækja og sjálfstætt starfandi einstaklinga. Er gert ráð fyrir

Þessu í samræmi við þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar skyldur notendafyrirtækja og sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt lögnum.

Í 2. mgr. 15. gr. a laganna er kveðið á um að ákvörðun um dagsektir skuli tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að í stað þess að vísa eingöngu til fyrirtækis hvað þetta varðar verði kveðið á um að aðila sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir beinist að skuli veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Er þannig gert ráð fyrir að sá aðili sem ákvörðun Vinnumálastofnunar beinist að geti verið fyrirtæki, notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að skriflegur rökstuðningur skuli fylgja tilkynningu Vinnumálastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir.

Þá er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir skuli tilkynnt þeim aðila sem ákvörðunin beinist að með sannanlegum hætti auk þess sem gert er ráð fyrir að sé um fyrirtæki að ræða verði heimilt að tilkynna um ákvörðun Vinnumálastofnunar til fulltrúa fyrirtækisins þegar um slíkan fulltrúa er að ræða, sbr. 10. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að umrædd tilkynning um ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir skuli vera skrifleg. Almennt má ætla að tilkynning Vinnumálastofnunar um ákvörðun stofnunarinnar um dagsektir geti verið með ýmsum hætti, svo sem send með hefðbundnum bréfpósti, með ábyrgðarpósti eða rafrænt með tölvubréfi, svo fremi sem Vinnumálastofnun geti fært sönnur á að tilkynningin hafi borist réttum aðila. Í því sambandi má ætla að almennt sé erfiðara að færa sönnur á að tilkynning, sem send hefur verið rafrænt með tölvubréfi, hafi borist réttum aðila en tilkynning sem send hefur verið með ábyrgðarpósti.

Þá er lagt til að skýrt verði tekið fram í ákvæðinu að ákvörðun um dagsektir feli það í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skuli greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og að gjalddagi kröfunnar skuli jafnframt miðast við það tímamark. Einnig er gert ráð fyrir að miða skuli síðasta sektardag við þann dag þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnumálastofnunar.

Í 2. mgr. 15. gr. a laganna er kveðið á um að dagsektir geti numið allt að 100.000 kr. hvern dag en í frumvarpinu er lagt til að sú fjárhæð verði hækkuð til samræmis við fjárhæðir dagsekta skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þannig að þær geti numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Samsvarandi breytingar eru lagðar til í 43., 48. og 67. gr. á ákvæðum um dagsektir í lögum um starfsmannaleigur, lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá er gert ráð fyrir að áfram verði litið til sömu sjónarmiða við ákvörðun dagsekta og samkvæmt gildandi lögum, svo sem til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að og til þess hve umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. a laganna skulu dagsektir renna í ríkissjóð en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dagsektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Er það gert þannig að skýrt sé að ekki er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun beri kostnað af því að beita heimild sinni samkvæmt ákvæðinu. Samsvarandi breytingar eru lagðar til í 43., 48. og 67. gr. á ákvæðum um dagsektir í lögum um starfsmannaleigur, lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í þessari grein er loks gert ráð fyrir að kveðið verði á um í nýrri 8. mgr. 15. gr. a laganna að um ákvörðun Vinnumálastofnunar um dagsektir fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórn-sýslulaga.

Um 22. gr.

Skv. 47. lið aðfaraorða tilskipunar 2014/67/ESB skal í löggjöf aðildarríkjanna kveðið á um viðurlög við brotum á ákvæðum tilskipunarinnar og skulu viðurlögin vera skilvirk, í hlutfalli við alvarleika brotsins og hafa varnaðaráhrif. Í samræmi við framangreint er því í þessari grein lagt til að við lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra bætist nýtt ákvæði þar sem kveðið verði á um það nýmæli að Vinnumálastofnun hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssektir í þeim tilvikum þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1., 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 9. gr., á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar. Að sama skapi er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki ef það veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1., 2., 4. eða 5. mgr. 8. gr. sem og 2. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 10. gr., á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar.

Með ófullnægjandi upplýsingum er meðal annars átt við þau tilvik þegar gögn sem stofnuninni berast uppfylla ekki þær kröfur sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerðar verði til slíkra ganga, sbr. 2. mgr. c-liðar 18. gr. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði í fyrrnefndum tilvikum heimilt að leggja á stjórnvaldssektir óháð því hvort um ásetning eða gáleysi af hálfu fyrirtækisins eða sjálfstætt starfandi einstaklingsins, eftir því sem við á, hefur verið að ræða í þessu sambandi. Er gert ráð fyrir að stjórnvaldssektir geti numið allt að 5.000.000 kr. og er það í samræmi við 25. gr. e laga um brunavarnir. Gert er ráð fyrir að við mat á því hvort leggja skuli stjórnvaldssekt á fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstakling verði meðal annars litið til alvarleika brots, til þess hve lengi það hefur staðið yfir, hvort um ítrekað brot sé að ræða og til samstarfsvilja hins brotlega aðila. Þá skuli litið til þess hvort ætla má að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings. Enn fremur að kveðið verði á um að Vinnumálastofnun beri að tilkynna ákvörðun stofnunarinnar um stjórnvaldssekt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem hún beinist að eða fulltrúa hans hér á landi þegar um fyrirtæki er að ræða sem og þegar um slíkan fulltrúa er að ræða, sbr. 10. gr. laganna, auk þess sem gert er ráð fyrir að ákvörðuninni fylgi skriflegur rökstuðningur.

Með sannanlegum hætti er meðal annars átt við að Vinnumálastofnun geti fært sönnur á að tilkynning stofnunarinnar um ákvörðun um stjórnvaldssekt hafi borist réttum aðila. Almennt má ætla að tilkynning Vinnumálastofnunar um ákvörðun stofnunarinnar um stjórnvaldssekt geti verði með ýmsum hætti, svo sem send með hefðbundnum bréfpósti, með ábyrgðarpósti eða rafrænt með tölvubréfi. Í því sambandi má ætla að almennt sé erfiðara að færa sönnur á að tilkynning, sem send hefur verið rafrænt með tölvubréfi, hafi borist réttum aðila en tilkynning sem send hefur verið með ábyrgðarpósti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjalddagi stjórnvaldssektar verði 30 dögum eftir að ákvörðun var tekin um sektina en hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skuli greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu. Enn fremur er lagt til að sett verði ákveðin tímamörk í tengslum við heimild Vinnumálastofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir en gert er ráð fyrir að heimildin falli niður að fimm árum liðnum frá því að þeirri háttsemi sem um ræðir lauk. Gert er ráð fyrir að stjórnvaldssektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu auk þess sem þær verði aðfararhæfar. Loks er tekið fram að um ákvarðanir Vinnumálastofnunar um stjórnvaldssektir fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 23. og 24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. 17. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra er kveðið á um að heimilt sé að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar til ráðuneytisins innan tiltekinna tímamarka. Í þessari grein er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í ákvæðinu að allar stjórnvaldsákvæðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna séu kærnanlegar til ráðuneytisins á grundvelli ákvæðisins.

Um 26. gr.

Lagt er til að við reglugerðarheimild ráðherra í 19. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra verði bætt heimild til ráðherra til að mæla í reglugerð fyrir um rafræna málsmeðferð á grundvelli laganna. Vísast í því sambandi til IX. kafla stjórnsýslulaga þar sem kveðið er á um rafræna meðferð stjórnsýslumála. Rétt er að taka fram að áfram er gert ráð fyrir að skrifleg málsmeðferð á grundvelli laganna geti farið fram á pappír og er það í samræmi við það sem fram kemur í skýringum við 2. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 51/2003, um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, þess efnis að 35. gr. stjórnsýslulaga veiti ekki heimild til að einskorða meðferð stjórnsýslumála við rafræna meðferð. Jafnframt kemur þar fram að telja verði að almenn jafnræðisrök leiði til þess að almenningur verði að geta borið erindi sín upp við stjórnvöld án tillits til þess hvort hann eigi þess kost að gera það rafrænt eða ekki.

Um 27. gr.

Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra voru meðal annars sett til innleiðingar á tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, sbr. 20. gr. laganna. Í þessari grein er gert ráð fyrir að fyrrnefndri 20. gr. laganna verði breytt þannig að fram komi í ákvæðinu að með lögunum sé jafnframt innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“).

Um 28. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á heiti laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra í því skyni að það verði einfaldara og skýrara með tilliti til efnis laganna. Gert er ráð fyrir að heiti laganna verði „Lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda.“

Um 29. gr.

Lagðar eru til breytingar á 1. gr. laga um starfsmannaleigur þar sem kveðið er á um hvert gildissvið laganna sé en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Til skýringar er gert ráð fyrir að 1. mgr. ákvæðisins verði skipt upp í tvær málsgreinar og að orðalagi 2. másl. verði breytt þannig að skýrt verði tekið fram í ákvæðinu að þegar um er að ræða erlenda starfsmannaleigu sem veitir þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og

ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar gildi enn fremur að hluta lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, sbr. 4. mgr. 1. gr. þeirra laga, um viðkomandi starfsmannaleigu og starfsmenn hennar hér á landi, eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að sama eigi við um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja sem gert hafa þjónustusamning við slíka starfsmannaleigu, eftir því sem við á. Í þessari grein er því gert ráð fyrir að heiti laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra verði breytt líkt og lagt er til í 28. gr. Er þetta lagt til þannig ljóst sé að fara skuli að ákvæðum laga um starfsmannaleigur sem og laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra að hluta, eftir því sem við á, í þeim tilvikum þegar um er að ræða framangreindar starfsmannaleigur, starfsmenn þeirra og notendafyrirtæki sem gert hafa þjónustusamninga við slíkar starfsmannaleigur.

Þá er gert ráð fyrir að 2., 3. og 4. mgr. ákvæðisins verði fluttar í nýtt ákvæði, 1. gr. c, þar sem kveðið verði á um merkingu tiltekinna hugtaka í lögnum, sbr. c-lið 30. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Hér er gert ráð fyrir að á eftir 1. gr. laga um starfsmannaleigur komi þrjú ný ákvæði, 1. gr. a, 1. gr. b og 1. gr. c. Lagt er til að í 1. gr. a laganna verði kveðið á um markmið laganna en sérstakt markmiðsákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Þannig verði tilgreint að markmið laganna sé að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna starfsmannaleigna sem starfa á innlendum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hérlendis. Þá er gert ráð fyrir að fram komi í ákvæðinu að markmið laga um starfsmannaleigur sé jafnframt að tryggja að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir eðli og umfang starfsemi starfsmannaleigna sem starfa á innlendum vinnumarkaði.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir að í 1. gr. b laganna verði kveðið á um stjórnsýslu þar sem fram komi að ráðherra fari með stjórnsýslu á því sviði sem lögini taka til. Auk þess verði kveðið á um að Vinnuálastofnun annist framkvæmd laganna innan stjórnsýslunnar.

Þá er lagt til að við lög um starfsmannaleigur verði bætt sérstöku ákvæði, 1. gr. c, þar sem kveðið verði á um merkingu tiltekinna hugtaka í lögnum. Er þannig gert ráð fyrir að fram komi í ákvæðinu að með hugtakinu notendafyrirtæki sé átt við einstakling, félag, opinberan aðila eða annan þann sem stundar atvinnurekstur og hefur á grundvelli þjónustusamnings í skilningi laganna leigt starfsmann starfsmannaleigu gegn gjaldi til að sinna tímabundnum störfum á vinnustað sínum undir verkstjórn sinni. Hugtakið var áður skýrt á þann veg í lögum um starfsmannaleigur að átt væri við einstakling, fyrirtæki, opinberan aðila eða annan þann sem stundar atvinnurekstur og hefur starfsmenn starfsmannaleigu til að sinna tímabundnum störfum undir verkstjórn sinni. Með breytingunni er lögð áhersla á að gerður hafi verið þjónustusamningur um leigu á starfsmanni eða starfsmönnum gegn gjaldi til að um notendafyrirtæki geti verið að ræða. Jafnframt eru lagðar til minni háttar orðalagsbreytingar til nánari skýringa á hugtökunum starfsmannaleiga og starfsmaður starfsmannaleigu sem skýrð eru í 2. og 4. mgr. 1. gr. gildandi laga um starfsmannaleigur. Þannig er gert ráð fyrir að hugtakið starfsmaður starfsmannaleigu verði skýrt sem hver sá sem er ráðinn til starfa hjá starfsmannaleigu og er leigður gegn gjaldi til notendafyrirtækis á grundvelli þjónustusamnings. Breytingin felst í því að tekið verði fram að starfsmaður starfsmannaleigu sé leigður gegn gjaldi til notendafyrirtækis á grundvelli þjónustusamnings í skilningi laganna.

Enn fremur er gert ráð fyrir að fram komi í ákvæðinu að með hugtakinu starfsmannaleiga sé átt við sjálfstætt starfandi einstakling eða félag sem samkvæmt þjónustusamningi í skilningi laganna leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis

undir verkstjórn þess síðarnefnda. Breytingin felst í því að tekið verði fram í ákvæðinu til skýringar að starfsmannaleiga geti bæði verið sjálfstætt starfandi einstaklingur sem og félag svo fremi sem viðkomandi aðili leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi á grundvelli þjónustusamnings til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.

Þá er gert ráð fyrir að hugtakið þjónustusamningur verði skýrt í nýjum 4. tölul. 1. gr. c laganna á þann veg að með hugtakinu sé átt við samning milli notendafyrirtækis og starfsmannaleigu um að notendafyrirtækið leigi gegn gjaldi tiltekinn starfsmann eða tiltekna starfsmenn af starfsmannaleigunni í ákveðinn tíma til að sinna störfum á vinnustað sínum undir verkstjórn sinni. Þess ber að geta að ekki er að finna nánari skýringar á hugtakinu þjónustusamningur í gildandi lögum um starfsmannaleigur.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um starfsmannaleigur er kveðið á um að hver sá sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi skuli tilkynna um það til Vinnumálastofnunar eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst í fyrsta skipti. Í 2. mgr. ákvæðisins er síðan kveðið á um hvaða upplýsingar skulu koma fram í tilkynningu fyrrnefndra aðila til Vinnumálastofnunar. Hér er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í ákvæðinu að starfsmannaleigum beri að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um nafn starfsmannaleigu, heimilisfang hennar og netfang sem og nafn fyrirsvarsmanns starfsmannaleigunnar og netfang hans. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um að starfsmannaleigum beri að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um framangreind netföng en mikilvægt þykir að kveða á um slíka upplýsingaskyldu í lögnum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum hvað varðar samskipti einstaklinga en mikill hluti samskipta, meðal annars í tengslum við viðskipti, fer nú fram rafrænt.

Jafnframt þykir mikilvægt að í þeim tilvikum þegar um er að ræða starfsmannaleigu sem hefur staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki verði kveðið á um að viðkomandi starfsmannaleigu beri að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um heimilisfang starfsmannaleigunnar í heimaríki sem og upplýsingar um sannanlega staðfestu starfsmannaleigunnar í heimaríki, svo sem gögn sem sýna fram á efnahagslega starfsemi, þ.m.t. gögn frá skatt- yfirvöldum eða sambærilegum stjórnvöldum í heimaríki.

Í 3. mgr. 2. gr. laganna er kveðið á um að Vinnumálastofnun skuli halda skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig samkvæmt lögnum og birta hana með aðgengilegum hætti. Í þessari grein er gert ráð fyrir að bætt verði við ákvæðið að með aðgengilegum hætti sé meðal annars átt við rafrænt. Jafnframt er gert ráð fyrir að bætt verði við ákvæðið að í skránni skuli meðal annars koma fram upplýsingar um nafn starfsmannaleigu og netfang hennar sem og upplýsingar um virðis- aukaskattsúmer eða aðra sambærilega heimild um efnahagslega starfsemi hennar í heimaríki. Er gert ráð fyrir þessu þannig að ávallt sé unnt að nálgast á aðgengilegan hátt lágmarks- upplýsingar um þær starfsmannaleigur sem veita þjónustu hér á landi á hverjum tíma.

Um nánari skýringar hvað varðar fyrrnefndar breytingar á lögum um starfsmannaleigur vísast til skýringa við 10. gr., eftir því sem við á, þar sem sambærilegar breytingar eru lagðar til á 8. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið hingað til lands í því skyni að veita hér þjónustu.

Um 33. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga um starfsmannaleigur þess efnis að ekki verði eingöngu kveðið á um að starfsmannaleiga skuli tilkynna Vinnumálastofnun um nafn, kennitölu og lögheimili eða dvalarstað fulltrúa síns hér á landi heldur verði einnig kveðið á um að fyrirtæki skuli tilkynna Vinnumálastofnun um fæðingardag fulltrúans ef kennitala er ekki fyrir hendi. Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að starfsmannaleiga skuli veita Vinnumálastofnun upplýsingar um netfang fulltrúans en slíkt þykir mikilvægt í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum hvað varðar samskipti einstaklinga en mikill hluti samskipta, meðal annars í tengslum við viðskipti, fer nú fram rafrænt.

Um nánari skýringar hvað varðar framangreindar breytingar á lögum um starfsmannaleigur vísast til skýringa við 12. gr., eftir því sem við á, þar sem sambærilegar breytingar eru lagðar til á 10. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Um 34. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um starfsmannaleigur. Í 1. málsl. 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skuli veita Vinnumálastofnun tiltekna upplýsingar eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í hvert skipti. Í þessari grein er gert ráð fyrir að jafnframt verði kveðið á um skyldu viðkomandi starfsmannaleigu til að veita Vinnumálastofnun aðgang að gögnum í tengslum við upplýsingarnar, eftir því sem við á. Jafnframt er gert ráð fyrir að í 5. tölul. 1. mgr. verði kveðið á um að meðal þeirra upplýsinga og/eða gagna sem viðkomandi starfsmannaleiga skuli veita Vinnumálastofnun sé afrit af ráðningarsamningum þeirra starfsmanna sem starfa munu á vegum starfsmannaleigunnar hér á landi. Jafnframt er gert ráð fyrir að verði breytingar á þeim upplýsingum sem starfsmannaleigur hafa veitt Vinnumálastofnun, sbr. framangreint, beri viðkomandi að tilkynna um breytingarnar til stofnunarinnar án ástæðulausrar tafar.

Enn fremur er gert ráð fyrir að bætt verði við ákvæðið nýrri 2. mgr. þar sem kveðið verði á um skyldu starfsmannaleigna til að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum komi sú staða upp að starfsmannaleiga, sem hafði í upphafi ekki haft í hyggju að veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum og hafði því ekki borið að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum, veiti samt sem áður þjónustu hér á landi sem varir lengur. Lagt er til að í slíkum tilvikum verði hlutaðeigandi starfsmannaleigum skylt að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum eigi síðar en á ellefta virka degi sem þjónustan hefur varað hér á landi í hvert skipti. Þannig verði skýrt kveðið á um hvenær starfsmannaleigum beri að veita Vinnumálastofnun framangreindar upplýsingar og/eða aðgang að gögnum vari þjónusta þeirra hér á landi lengur en áætlað hefur verið í upphafi.

Auk þess er gert ráð fyrir að tekið verði fram í 3. mgr. 4. gr. laganna að hlutaðeigandi starfsmannaleigu beri að afhenda því notendafyrirtæki sem í hlut á staðfestingu Vinnumálastofnunar um að stofnunin hafi mótttekið gögn skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. sama ákvæðis eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsmannaleigan hefur mótttekið staðfestinguna frá Vinnumálastofnun. Í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um starfsmannaleigur er hins vegar kveðið á um að starfsmannaleigunni beri að afhenda notendafyrirtækinu staðfestingu Vinnumálastofnunar um að stofnunin hafi mótttekið gögn skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. sama ákvæðis eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi starfsmannaleigunnar hófst hér á landi. Er breytingin lögð til þar sem þau tilvik hafa komið upp við framkvæmd laganna að starfsmannaleiga hafi hafði starfsemi hér á

landi án þess að Vinnumálastofnun hafi getað veitt henni umrædda staðfestingu en mikilvægt þykir að skýrt sé að starfsmannaleigunni beri að afhenda notendafyrirtækinu staðfestingu Vinnumálastofnunar innan ákveðins tíma eftir að henni verður það kleift. Á þetta við þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi valdið því að Vinnumálastofnun hafi ekki unnt að veita starfsmannaleigunni umrædda staðfestingu með nægum fyrirvara þannig að starfsmannaleigan hafi getað afhent notendafyrirtækinu staðfestinguna innan tveggja virkra daga frá því að starfsemi starfsmannaleigunnar hófst hér á landi líkt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Þykir því nauðsynlegt að rýmka frest starfsmannaleigna að þessu leyti og miða við að starfsmannaleiga afhendi notendafyrirtæki umrædda staðfestingu Vinnumálastofnunar innan tveggja virkra daga frá því að starfsmannaleigan hefur mótttekið staðfestinguna frá Vinnumálastofnun.

Þá er gert ráð fyrir að á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna, sem verður 4. mgr. ákvæðisins samkvæmt þeim breytingum sem grein þessi gerir ráð fyrir á ákvæðinu, komi ný málsgrein þar sem mælt verði fyrir um að á þeim tíma sem starfsmannaleiga veitir þjónustu hér á landi og í einn mánuð eftir að hún hættir að veita þjónustu hér á landi beri henni að hafa ákveðin gögn ávallt tiltæk og afhenda þau Vinnumálastofnun eigi síðar en tveimur virkum dögum frá því að beiðni stofnunarinnar þess efnis berst starfsmannaleigunni. Framangreind gögn eru afrit af launaseðlum hvers starfsmanns og staðfesting á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðlum, meðal annars hvað varðar launafjárhæð, sem og afrit af vinnutímaskýrslum sem sýna vinnutíma hvers starfsmanns. Þá er gert ráð fyrir að eigi síðar en sama dag og starfsemin hefst hér á landi í hvert skipti skuli starfsmannaleiga upplýsa Vinnumálastofnun um hvernig stofnunin geti nálgast framangreindar upplýsingar. Með þessu er átt við að hlutaðeigandi starfsmannaleiga láti Vinnumálastofnun í té upplýsingar um hvaða starfsmann stofnunin geti haft samband við, svo sem rafrænt, til að nálgast umræddar upplýsingar eða hvernig stofnunin geti á annan hátt komið beiðni til starfsmannaleigunnar þar sem óskað er eftir umræddum upplýsingum.

Í 4. mgr. 4. gr. laganna er kveðið á um að Vinnumálastofnun sé heimilt að afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands tiltekna upplýsingar. Í þessari grein er gert ráð fyrir að fyrrnefnd 4. mgr. 4. gr. laganna verði 6. mgr. ákvæðisins og að Vinnumálastofnun verði skylt að afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem þeim sem að framan eru rakin og til viðbótar lögreglu og töllyfirvöldum, tiltekna upplýsingar. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að eingöngu sé um að ræða upplýsingar sem ætla má að falli undir málefna svið viðkomandi stjórnvalds og nýtist þannig stjórnvaldinu, svo sem við lögbundið eftirlit þess. Í þessu sambandi verður að ætla að Vinnumálastofnun veiti framangreindum aðilum jafnframt upplýsingar um breytingar á áður veittum upplýsingum sem við eiga frá fyrirtækjum til stofnunarinnar, eftir því sem við á, sbr. 4. mgr. ákvæðisins samkvæmt frumvarpi þessu. Er gert ráð fyrir þessu í ljósi mikilvægis þess að upplýsingum frá starfsmannaleigum til Vinnumálastofnunar, sem varða málefna svið annarra stjórnvalda, verði komið til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau hafi í það minnsta vitneskju um að viðkomandi starfsmannaleigur séu starfandi hér á landi. Geta viðkomandi stjórnvöld þá jafnframt metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda, svo sem hvort þörf sé á tilteknum aðgerðum í ljósi upplýsinganna. Á sama tíma er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem ætla má að komi viðkomandi stjórnvaldi að gagni í störfum sínum, svo sem við lögbundið eftirlit, enda þykir mikilvægt að ekki sé miðlað óþarflega miklum upplýsingum milli aðila. Er því gert ráð fyrir að skylda Vinnumálastofnunar að þessu leyti lúti að upplýsingum sem starfsmannaleigur veita stofnuninni skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. ákvæðisins, eftir því sem við á.

Í 10. gr. eru lagðar til sambærilegar breytingar á 8. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Loks er lögð til breyting á greinarfyrirsögn til skýringar.

Um 35. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 4. gr. a laga um starfsmannaleigur þar sem mælt er fyrir um skyldu notendafyrirtækis til að óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 4. gr. laganna um að starfsmannaleiga hafi sinnt tilkynningarskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 4. gr. eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi hlutaðeigandi starfsmannaleigu hófst hér á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fresturinn sem notendafyrirtæki hefur til að óska eftir skriflegri staðfestingu um að starfsmannaleiga hafi sinnt framangreindri tilkynningarskyldu sinni verði lengdur úr tveimur virkum dögum í tíu virka daga. Er þetta í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 2. mgr. 4. gr. laganna, sem verður 3. mgr. ákvæðisins, sbr. 34. gr., og vísast því til skýringa við þá grein, eftir því sem við á. Enn fremur er gert ráð fyrir að við 4. gr. a laganna bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að verði notendafyrirtæki vart við að starfsmannaleiga sem það hefur gert þjónustusamning við brjóti gegn lögnum, svo sem hvað varðar laun eða önnur starfskjör starfsmanna sinna, skuli notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar. Er gert ráð fyrir þessu þannig að Vinnumálastofnun geti í slíkum tilvikum beitt þeim úrræðum sem henni er heimilt samkvæmt lögnum til að knýja á um að hlutaðeigandi starfsmannaleiga fari að ákvæðum laga og kjarasamninga, eftir því sem við á.

Þá er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í lögnum að notendafyrirtækjum beri að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um nafn hlutaðeigandi starfsmannaleigu, heimilisfang hennar hér á landi eða í heimaríki, eftir því sem við á, og netfang sem og um nafn fyrirsvarsmanns starfsmannaleigunnar eða þess aðila sem kemur fram fyrir hönd hennar ef nafn fyrirsvarsmanns er ekki þekkt, og netfang viðkomandi aðila verði starfsmannaleiga ekki við beiðni notendafyrirtækis um skriflega staðfestingu þess að starfsmannaleigan hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um að notendafyrirtækjum beri að veita Vinnumálastofnun upplýsingar um framangreind netföng en mikilvægt þykir að kveða á um slíka upplýsingaskyldu í lögnum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanföllum árum hvað varðar samskipti einstaklinga en mikill hluti samskipta, meðal annars í tengslum við viðskipti, fer nú fram rafrænt. Í 14. gr. eru lagðar til sambærilegar breytingar á 11. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Um 36. gr.

Um a-lið (4. gr. b).

Gert er ráð fyrir að nýju ákvæði verði bætt við lög um starfsmannaleigur þar sem gert er ráð fyrir að kveðið verði á um óskipta ábyrgð notendafyrirtækis komi til tiltekinna vanefnda starfsmannaleigu gagnvart starfsmönnum sínum vegna starfa þeirra hér á landi á vegum starfsmannaleigunnar við veitingu þjónustu á grundvelli þjónustusamnings milli starfsmannaleigunnar og notendafyrirtækisins um leigu á starfsmönnum. Gert er ráð fyrir að ábyrgðin nái til vangoldinna launa og starfskjara sem starfsmaður hefði að lágmarki átt að njóta, sbr. 5. gr. a laganna, á þeim tíma sem hann sinni störfum fyrir notendafyrirtækið. Með þeim launum og starfskjörum sem starfsmaður hefði að lágmarki átt að njóta, sbr. 5. gr. a laganna, sbr. framangreint, er í þessu sambandi átt við laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Jafnframt er gert ráð fyrir að ábyrgð notendafyrirtækisins

nái til vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi í tengslum við framangreindar vangreiðslur fyrirtækis. Ekki er þó gert ráð fyrir að ábyrgð notendafyrirtækis nái til vangoldinna orlofslauna starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir að sé notendafyrirtæki hluti fyrirtækjasamstæðu beri móðurfélagið sameiginlega ábyrgð með notendafyrirtækinu sem á í hlut auk þess sem gert er ráð fyrir að hið sama eigi við um annað félag ef það er raunverulegur stjórnandi notendafyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að krafa vegna vangreiðslna starfsmannaleigu sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækis skuli hafa borist notendafyrirtæki innan fjögurra mánaða frá gjalddaga viðkomandi kröfu. Þó er gert ráð fyrir að hafi notendafyrirtæki vitað eða mátt vita af bersýnilegri vanefnd hvað varðar greiðslur vegna starfsmanns starfsmannaleigu sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækisins megi með ákvörðun dómstóla lengja ábyrgðartíma notendafyrirtækisins í allt að tólf mánuði. Gert er ráð fyrir að litið verði svo á að krafa teljist hafa borist notendafyrirtæki þegar starfsmaður krefur notendafyrirtækið skriflega, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír, um vangoldin laun og/eða aðrar vangreiðslur sem falla undir ábyrgð notendafyrirtækis þar sem meðal annars er gerð grein fyrir í hverju vanefnd starfsmannaleigunnar hefur falist, þ.m.t. hvenær viðkomandi krafa hafi fallið í gjalddaga. Jafnframt er gert ráð fyrir að starfsmaðurinn verði að tilgreina í kröfu sinni með hvaða hætti hann óski eftir að svar berist frá notendafyrirtækinu. Í þessu sambandi er unnt að taka sem dæmi að óski starfsmaður eftir að svar frá notendafyrirtæki berist honum í gegnum tölvubréf er gert ráð fyrir að hann tilgreini netfang sitt í kröfunni. Þá er gert ráð fyrir að krafa teljist einnig hafa borist notendafyrirtæki ef samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangreiðslur tiltekinnar starfsmannaleigu, sem notendafyrirtækið hefur gert þjónustusamning við um leigu á starfsmönnum, gagnvart starfsmönnum starfsmannaleigunnar. Skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er gert ráð fyrir að unnt sé að setja á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmálum á grundvelli samninga samtaka aðila vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga.

Berist notendafyrirtæki krafa á grundvelli ákvæðisins er gert ráð fyrir að það geri hlutaðeigandi starfsmannaleigu grein fyrir kröfunni án ástæðulausrar tafar og skori jafnframt á starfsmannaleiguna að greiða kröfuna eða að öðrum kosti gera grein fyrir afstöðu sinni til hennar innan sjö virkra daga frá móttöku áskorunarinnar um greiðslu kröfunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að telji notendafyrirtæki vafa leika á réttmæti kröfu, hafi það í hyggju að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 5. mgr. ákvæðisins samkvæmt þessari grein eða synja um greiðslu kröfu á grundvelli undanþágu frá ábyrgð notendafyrirtækis skv. 4. gr. c, sbr. b-lið þessarar greinar, skuli það gera starfsmannaleigunni og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir þeirri afstöðu sinni innan sjö virkra daga frá því að frestur starfsmannaleigunnar til að greiða kröfuna eða lýsa afstöðu sinni til hennar rann út, sbr. framangreint, og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja með afstöðu notendafyrirtækisins. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að notendafyrirtækið skuli greiða viðkomandi kröfu innan 24 virkra daga frá því að krafan barst því.

Gert er ráð fyrir að notendafyrirtæki og starfsmanni starfsmannaleigu verði heimilt að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um réttmæti kröfu innan sjö virkra daga frá því að frestur starfsmannaleigunnar til að greiða kröfuna eða lýsa afstöðu sinni til hennar rann út, sbr. framangreint. Jafnframt er gert ráð fyrir að óski notendafyrirtæki eða starfsmaður starfsmannaleigu eftir slíkri umsögn skuli hún liggja fyrir eigi síðar en sjö virkum dögum eftir að óskað var eftir henni. Þá er gert ráð fyrir að nýti notendafyrirtæki eða starfsmaður starfsmannaleigu heimild sína til að óska eftir umsögn samráðsnefndar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks

og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skuli notendafyrirtækið að nýju gera starfsmannaleigunni og starfsmanninum sem í hlut eiga grein fyrir afstöðu sinni til kröfunnar innan þriggja virkra daga frá því að notendafyrirtækinu barst umsögn samráðsnefndarinnar í hendur.

Komi til þess að notendafyrirtæki greiði kröfu á grundvelli ákvæðisins er gert ráð fyrir að því verði heimilt að draga frá greiðslu til starfsmannaleigu þá fjárhæð sem nemur þeim kostnaði sem það verður fyrir í tengslum við greiðslu kröfunnar, þ.m.t. vegna greiðslu vaxtakostnaðar, innheimtukostnaðar og málskostnaðar, eftir því sem við á.

Loks er gert ráð fyrir að höfði starfsmaður starfsmannaleigu dómsmál hér á landi vegna ábyrgðar notendafyrirtækis samkvæmt ákvæðinu skuli starfsmaðurinn gera það innan átta mánaða frá því að afstaða notendafyrirtækisins til viðkomandi kröfu lá fyrir. Er gert ráð fyrir þessu þar sem mikilvægt þykir að ljóst sé sem fyrst hvort starfsmaður hyggst láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum hafi hann ekki fengið kröfu sína greidda af notendafyrirtæki. Á það ekki síst við þar sem nauðsynlegt þykir að það liggja fyrir hvort starfsmaður hyggst nýta rétt sinn að þessu leyti áður en lokauppgjör í tengslum við greiðslur notendafyrirtækis til hlutaðeigandi starfsmannaleigu fer fram þannig að notendafyrirtæki geti við lokauppgjörið nýtt sér rétt sinn skv. 6. mgr. ákvæðisins samkvæmt þessari grein hvað varðar þann kostnað sem notendafyrirtækið hefur orðið fyrir vegna vanefnda hlutaðeigandi starfsmannaleigu gagnvart starfsmönnum sínum og notendafyrirtækið ber ábyrgð á. Jafnframt er gert ráð fyrir að höfði starfsmaður starfsmannaleigu dómsmál hér á landi á grundvelli ábyrgðar notendafyrirtækis skuli starfsmaðurinn einnig stefna hlutaðeigandi starfsmannaleigu þar sem notendafyrirtækið á varnarþing.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Þrátt fyrir framangreint er í þessari grein gert ráð fyrir að sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga. Þykir mikilvægt að leggja með þessum hætti áherslu á að í þeim tilvikum þegar þær upplýsingar sem um ræðir hverju sinni, í tengslum við ábyrgð notendafyrirtækja, eru persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Um b-lið (4. gr. c).

Gert er ráð fyrir að notendafyrirtæki verði í tilteknum tilvikum heimilt að synja um greiðslu kröfu vegna vangreiðslna, sbr. 2. mgr. 4. gr. b samkvæmt þessari grein. Þannig er gert ráð fyrir að þau tilvik þegar starfsmannaleiga leigir notendafyrirtæki starfsmenn skemur en samtals tíu virkra daga á tólf mánaða tímabili falli meðal annars undir framangreinda undanþágu. Jafnframt er gert ráð fyrir að þau tilvik þegar um er að ræða kröfu framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða eiganda þeirrar starfsmannaleigu sem um ræðir sem og kröfu maka eða annarra skyldmenna framangreindra aðila eða annarra sem eru þeim það nákomnir að unnt er að sýna fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til tengsla þeirra falli undir framangreinda undanþágu.

Jafnframt er gert ráð fyrir að notendafyrirtæki geti orðið undanþegið ábyrgð skv. 4. gr. b. laganna samkvæmt þessari grein ef það hefur gert þjónustusamning við starfsmannaleigu sem samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, hefur veitt viðurkenningu á grundvelli kjarasamninga samtaka aðila vinnumarkaðarins með þeim takmörkunum sem í samningunum felast hverju sinni. Gert er ráð fyrir að þær starfsmannaleigur sem fá slíka viðurkenningu hafi sýnt samráðsnefnd, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, fram á að þær fari að lögum og reglum sem gilda á innlendum vinnumarkaði, meðal annars hvað varðar launagreiðslu.

ur til starfsmanna sinna. Er þannig gert er ráð fyrir að slík viðurkenning geti meðal annars aukið traust til starfsemi starfsmannaleigna og geti tryggt um leið réttindi starfsmanna þeirra auk þess sem ætla má að slík viðurkenning geti í einhverjum tilvikum aðveldað ákvörðun notendafyrirtækja um val á starfsmannaleigu þegar kemur að leigu á starfsmönnum. Jafnframt má ætla að slíkar viðurkenningar geti stuðlað að heilbrigðum vinnumarkaði þar sem farið er að lögum og reglum í hvívetna. Þrátt fyrir að hér sé gert ráð fyrir að samtök aðila vinnumarkaðarins geti, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, veitt starfsmannaleigu tiltekna viðurkenningu, sem felur meðal annars í sér staðfestingu á að viðkomandi starfsmannaleiga fari að þeim reglum sem gilda á vinnumarkaði, er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á lögbundinni skyldu Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum um starfsmannaleigur til að hafa eftirlit með starfsmannaleigum sem starfa á innlendum vinnumarkaði.

Enn fremur er gert ráð fyrir að notendafyrirtæki geti orðið undanþegið ábyrgð skv. 4. gr. b laganna samkvæmt þessari grein hafi það með sannanlegum hætti reynt að tryggja eins og því er unnt að starfsmannaleiga sem er að leiga því starfsmenn á grundvelli þjónustusamnings um leigu á starfsmönnum greiði starfsmönnum sínum er starfa hjá notendafyrirtækinu laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Í því sambandi er meðal annars átt við að notendafyrirtæki hafi aflað tiltekinna upplýsinga hjá þeirri starfsmannaleigu sem um ræðir hverju sinni um þá starfsmenn starfsmannaleigunnar sem starfa hjá notendafyrirtækinu hér á landi. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að notendafyrirtækið óski meðal annars eftir lista yfir nöfn viðkomandi starfsmanna sem og afritum að ráðningarsamningum þeirra en ætla má að notendafyrirtæki geti almennt nálgast þessar upplýsingar áður en það undirritar þjónustusamning við starfsmannaleigu um leigu á starfsmönnum hverju sinni. Enn fremur er gert ráð fyrir að í þessu sambandi óski notendafyrirtæki jafnframt eftir afritum af vinnutímaskýrslum og launaseðlum hvers starfsmanns sem og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð. Eðli málsins samkvæmt verður að ætla að notendafyrirtæki óski eftir þessum upplýsingum frá starfsmannaleigu meðan viðkomandi starfsmannaleigustarfsmenn eru starfandi hjá notendafyrirtækinu. Jafnframt verður að ætla að sé um að ræða leigu á starfsmönnum sem áætlað er að standi yfir í langan tíma beri notendafyrirtæki að kalla eftir þessum upplýsingum frá hlutaðeigandi starfsmannaleigu oftár en einu sinni á samningstímanum þannig að unnt sé að meta það svo að notendafyrirtæki hafi uppfyllt það skilyrði ákvæðisins að hafa með sannanlegum hætti reynt að tryggja eins og því er unnt að starfsmannaleiga sem er að leigja því starfsmenn á grundvelli þjónustusamnings greiði hlutaðeigandi starfsmönnum laun í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgreinum á því svæði þar sem vinnan fer fram. Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að óski notendafyrirtæki eftir framangreindum upplýsingum hjá þeirri starfsmannaleigu sem um ræðir hverju sinni sé hlutaðeigandi starfsmannaleigu skylt að veita notendafyrirtækinu upplýsingarnar.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Þrátt fyrir framangreint er í þessari grein gert ráð fyrir að sé um persónuupplýsingar, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, að ræða í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær upplýsingar, svo sem hvað varðar vinnslu upplýsinganna og varðveislu þeirra, í samræmi við ákvæði þeirra laga. Þykir mikilvægt að leggja með þessum hætti áherslu á að í þeim tilvikum þegar þær upplýsingar sem um ræðir hverju sinni, í tengslum við ábyrgð notendafyrirtækja, eru persónuupplýsingar, þ.m.t.

viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skuli fara með þær í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Loks er gert ráð fyrir að kveðið verði skýrt á um að verði starfsmannaleiga gjaldþrota gildi lög nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, enda séu skilyrði laganna uppfyllt, og þá eigi ekki við ábyrgð notendafyrirtækis skv. 4. gr. b laganna samkvæmt þessari grein.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 9. gr. laga um starfsmannaleigur þar sem kveðið á um eftirlit með framkvæmd laganna. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru sambærilegar þeim breytingum sem lagðar eru til í 17. gr. hvað varðar ákvæði laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Um nánari skýringar vísast því til skýringa við 17. gr., eftir því sem við á. Þess ber þó að geta að í greininni er gert ráð fyrir að fellt verði brott úr 9. gr. laga um starfsmannaleigur að Vinnumálastofnun skuli krefjast þess með hæfilegum fyrirvara að hlutaðeigandi starfsmannaleiga starfi í samræmi við lög. Er gert ráð fyrir því þar sem ekki er talin þörf á að kveða sérstaklega á um hæfilegan fyrirvara Vinnumálastofnunar í þessu sambandi í ákvæðinu sjálfu þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin fari að ákvæðum stjórnslulaga við slíkar aðstæður og gæti þannig í störfum sínum að meðalhófi og andmælarétti í samræmi við ákvæði þeirra laga svo dæmi sé tekið.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 10. gr. laga um starfsmannaleigur þar sem kveðið er á um að starfsmannaleiga skuli láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laganna, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör. Gert er ráð fyrir að í ákvæðinu verði tekið fram til nánari skýringa að með öðrum gögnum varðandi ráðningarkjör sé jafnframt átt við afrit af vinnutímaskýrslum og launaseðlum sem og staðfestingu á að laun hvers starfsmanns hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð.

Enn fremur er gert ráð fyrir að við ákvæðið bætist fjórar nýjar málsgreinar. Er þannig gert ráð fyrir að kveðið verði á um að upplýsingar sem notendafyrirtæki og starfsmannaleigur skulu veita Vinnumálastofnun samkvæmt lögunum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skuli vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Auk þess er gert ráð fyrir að þegar um afhendingu gagna er að ræða skuli notendafyrirtæki eða starfsmannaleiga, eftir því sem við á, afhenda Vinnumálastofnun gögnin á því tungumáli sem þau eru ásamt þýðingum á íslensku eða ensku, ef við á. Tilgangurinn er að tryggja að þau gögn sem hlutaðeigandi aðilar afhenda Vinnumálastofnun séu á því tungumáli sem ætla má starfsmenn stofnunarinnar geti almennt skilið og þannig verði stofnuninni kleift að meta hvort þær upplýsingar sem um ræðir séu fullnægjandi hverju sinni í skilningi laganna. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að meginreglan verði sú

að notendafyrirtæki eða starfsmannaleiga, eftir því sem við á, afhendi Vinnumálastofnun þýdd gögn á íslensku eða ensku ásamt því skjali sem um ræðir hverju sinni á því tungumáli sem það er, sbr. framangreint, er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði í undantekningar-tilvikum heimilt að ákveða að taka við gögnum á öðrum tungumálum, svo sem þegar stofnunin telur af einhverjum ástæðum ekki þörf á þýðingu viðkomandi gagna á íslensku eða ensku.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um í ákvæðinu að Vinnumálastofnun geti aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem löggin heimila, annaðhvort rafrænt eða á annan máta sem stofnunin ákveður.

Gert er ráð fyrir að berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laganna sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða verði stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja að Vinnumálastofnun hafi heimild til að miðla slíkum upplýsingum til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau geti þá metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um að í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laganna skuli stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skattfyrvöldum, töllyfyrvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti er í þessu sambandi eingöngu átt við að Vinnumálastofnun óski eftir upplýsingum sem koma stofnuninni að gagni við eftirlit með framkvæmd laganna, svo sem við mat á því hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Í þessu sambandi er meðal annars átt við upplýsingar um nöfn og kennitölur starfsmannaleigna sem starfa hér á landi sem og upplýsingar um launagreiðslur til starfsmanna. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram í ákvæðinu að hlutaðeigandi aðilum sé skylt að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Er gert ráð fyrir þessu þar sem upplýsingar frá framangreindum aðilum geta verið nauðsynlegar, meðal annars til að Vinnumálastofnun fái vitneskju um starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og geti þannig haft eftirlit með því hvort brotið sé gegn ákvæðum laganna. Tilgangur þessa er meðal annars að gera eftirlit Vinnumálastofnunar, sem fer með lögbundið eftirlit á vinnumarkaði samkvæmt lögnum, skilvirkara en nú er auk þess að tryggja betur en áður að stofnunin fái þær upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að geta haft eftirlit með framkvæmd laganna. Tilgangur þessa er jafnframt að tryggja betur en áður að Vinnumálastofnun geti haft yfirsýn yfir umfang starfsemi starfsmannaleigna á innlendum vinnumarkaði, þar á meðal fjölda þeirra og fjölda starfsmanna sem hjá þeim starfa, þannig að stofnunin geti sinnt lögbundnu eftirliti. Slíkt eftirlit þarf meðal annars að vera reglubundið og skilvirkt til að árangur náist og krefst það því samvinnu þeirra stjórnvalda sem koma að eftirliti á vinnumarkaði. Ekki er þó gert ráð fyrir að umræddir aðilar sendi Vinnumálastofnun allar hugsanlegar upplýsingar sem ætla má að geti komið stofnuninni að notum við framkvæmd eftirlits á grundvelli laganna heldur er gert ráð fyrir að um sé að ræða upplýsingar sem stofnunin býr ekki yfir en telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar og óskar því eftir þeim frá öðrum aðilum. Er þannig lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma Vinnumálastofnun að gagni við lögbundið eftirlit á sama tíma og verið er að undirstrika mikilvægi þess að opinberir aðilar og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, hafi með sér samstarf að því marki sem nauðsynlegt er í því skyni að stuðla að því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða sem og ákvæðum kjarasamninga er gilda á innlendum vinnumarkaði. Þykir

slíkt samstarf mikilvægt, ekki síst til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð eins og frekast er kostur.

Þrátt fyrir að í þessari grein sé gert ráð fyrir að stjórnvöld, svo sem lögregla, skattyfirvöld, tollyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnueftirlit ríkisins og Þjóðskrá Íslands og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, veiti Vinnumálastofnun upplýsingar sem stofnunin óskar eftir og telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að berist stjórnvöldum, svo sem fyrrnefndum stjórnvöldum, eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laganna sé þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Loks er gert ráð fyrir að 3. mgr. 10. gr. laganna verði 7. mgr. ákvæðisins og að málsgreininni verði breytt þannig að skýrt verði kveðið á um að starfsmenn Vinnumálastofnunar séu bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna, sbr. þó 4. mgr. ákvæðisins eins og grein þessi gerir ráð fyrir að ákvæðinu verði breytt en þar er meðal annars gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum að því marki sem stofnuninni er heimilt samkvæmt lögnum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þagnarskylda starfsmanna Vinnumálastofnunar haldist eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum sem hún fær við eftirlit með framkvæmd laganna samkvæmt þeim heimildum sem löggin kveða á um en að öðru leyti séu starfsmenn stofnunarinnar bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna og skiptir þá hvorki máli í hvaða tilgangi né með hvaða hætti upplýsingarnar berast stofnuninni.

Um nánari skýringar hvað þessar breytingar varðar vísast til skýringa við 18. gr., eftir því sem við á, þar sem sambærilegar breytingar eru lagðar til í tengslum við 13. gr. laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Jafnframt eru sambærilegar breytingar lagðar til í 60. gr. á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og í 65. og 66. gr. á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í tengslum við Vinnueftirlit ríkisins.

Um 42. gr.

Hér er gert ráð fyrir að á eftir 10. gr. laga um starfsmannaleigu komi nýtt ákvæði, 10. gr. a, þar sem kveðið verði á um heimild Vinnumálastofnunar til að óska eftir umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélags, eftir því sem við á, um hvort efni ráðningarsamnings eða þær upplýsingar um laun sem fram koma á launaseðli starfsmanns starfsmannaleigu, meðal annars með tilliti til upplýsinga í vinnutímaskýrslum starfsmannsins, séu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram. Gert er ráð fyrir að jafnframt verði kveðið á um skyldu Vinnumálastofnunar til að afhenda samtökum aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélagi afrit af ráðningarsamningi, launaseðlum og vinnutímaskýrslum starfsmanns starfsmannaleigu sem og þeim gögnum sem borist hafa Vinnumálastofnun og ætlað er að staðfesta að laun starfsmannsins hafi verið greidd í samræmi við það sem fram kemur á launaseðli, meðal annars hvað varðar launafjárhæð. Gert er ráð fyrir að skylda Vinnumálastofnunar að þessu leyti sé bundin því að óskað hafi verið eftir slíkum afritum af samtökum aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélagi, enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmannsins fer fram. Með hlutaðeigandi stéttarfélagi er átt við

stéttarfélag í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna starfsmanns starfsmannaleigu fer fram.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hafa almennt gildi hér á landi og því má ætla að óþarft sé að kveða í öðrum lögum sérstaklega á um að lögin gildi enda sé ekki gert ráð fyrir að gengið sé lengra en lögin heimila. Þrátt fyrir framangreint er í þessari grein gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í að samtök aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélag, eftir því sem við á, skuli fara með persónuupplýsingar, þ.m.t viðkvæmar persónuupplýsingar, í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem fram koma í þeim upplýsingum og gögnum sem fyrrnefndir aðilar fá afrit af frá Vinnumálastofnun á grundvelli ákvæðisins, í samræmi við ákvæði þeirra laga, svo sem hvað varðar vinnslu og varðveislu upplýsinganna. Þykir mikilvægt að leggja áherslu á skyldu fyrrnefndra aðila með þessum hætti en í því sambandi má nefna að upplýsingar um uppruna og upplýsingar um stéttarfélagsaðild teljast viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. a og e-lið 8. tölul. 2. gr. gildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessari grein eru sambærilegar þeim breytingum sem lagðar eru til í 19. gr. hvað varðar ákvæði laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Um nánari skýringar vísast því til skýringa við 19. gr., eftir því sem við á.

Um 43. gr.

Lagðar eru til breytingar á 11. gr. a laga um starfsmannaleigur þar sem kveðið er á um að fari starfsmannaleiga ekki að lögunum geti Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi starfsmannaleiga hverju sinni bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Umræddar breytingar eru efnislega samhljóða þeim breytingum sem lagðar eru til í 21. gr. hvað varðar 15. gr. a laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra í tengslum við heimild Vinnumálastofnunar til þess að leggja á dagsektir á grundvelli þeirra laga. Um nánari skýringar vísast því til skýringa við 21. gr., eftir því sem við á, og á það einnig við um þær breytingar sem grein þessi gerir ráð fyrir á 11. gr. a laga um starfsmannaleigur hvað varðar þá tilhögun að kostnaður við álagningu og innheimtu dagsekta dragist frá þeirri fjárhæð sem rennur í ríkissjóð. Jafnframt eru þær breytingar sem hér um ræðir í samræmi við þær breytingar sem 48. og 67. gr. gera ráð fyrir á lögum um vinnustaðaskrárteini og eftirlit á vinnustöðum og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Um 44. gr.

Hér er gert ráð fyrir að við lög um starfsmannaleigur bætist nýtt ákvæði um stjórnvaldssektir þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á starfsmannaleigu veiti hún stofnuninni ekki upplýsingar skv. 2. mgr. 3. gr. sem og 1., 2., 4. eða 5. mgr. 4. gr. laganna á tilskildum tíma eða veiti stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða af hálfu starfsmannaleigunnar í þeim efnum. Gert er ráð fyrir að stjórnvaldssektir geti numið allt að 5.000.000 kr. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að við ákvörðun um stjórnvaldssekt verði meðal annars litið til alvarleika brotsins, hve lengi það hafi staðið, hvort um ítrekað brot sé að ræða sem og til samstarfsvilja starfsmannaleigunnar. Enn fremur er lagt til grundvallar að litið verði til þess hvort ætla má að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna starfsmannaleigunnar. Þá er mælt nánar fyrir um ýmis atriði svo sem gjalddaga stjórnvaldssektar. Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. og vísast því til skýringa við þá grein, eftir því sem við á.

Um 45. gr.

Lagðar eru til breytingar á kæruehimild 12. gr. laga um starfsmannaleigur. Lögð er til orðalagsbreyting í því skyni að kveðið verði skýrt á um að allar ákvarðanir Vinnumálastofnunar á grundvelli laganna séu kærnanlegar til ráðuneytisins.

Um 46. gr.

Í 14. gr. laga um starfsmannaleigur er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Í þessari grein er gert ráð fyrir að í ákvæðinu verði kveðið á um að með þessu sé meðal annars átt við reglugerð um rafræna málsmeðferð á grundvelli laganna. Um nánari skýringar vísast til skýringa við 26. gr., eftir því sem við á, sem er efnislega samhljóða þessari grein en þar er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð, meðal annars um rafræna málsmeðferð, á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Um 47. gr.

Í 3. mgr. 4. gr. laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum er kveðið á um að eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skuli senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattyfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lög-reglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á. Í þessari grein er gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins bætist við sem eitt af þeim stjórnvöldum sem fái upplýsingar sem fram koma á vinnustaðaskírteinum frá eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, þannig að stofnunin geti nýtt upplýsingarnar við eftirlit með framkvæmd laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eftir því sem við getur átt.

Um 48. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum þar sem kveðið er á um heimild Vinnumálastofnunar til að leggja á dagsektir. Um nánari skýringar við þessa grein vísast til skýringa við 21. gr., eftir því sem við á, þar sem sambærilegar breytingar eru lagðar til hvað varðar heimild Vinnumálastofnunar til að leggja á dagsektir á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Jafnframt eru þær breytingar sem hér um ræðir í samræmi við þær breytingar sem 43. og 67. gr. gera ráð fyrir á lögum um starfsmannaleigur og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Um 49. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 8. gr. laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum þar sem kveðið er á um heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna að fenginni umsögn samtaka aðila vinnumarkaðarins. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um í ákvæðinu að með þessu sé meðal annars átt við reglugerð um rafræna málsmeðferð á grundvelli laganna. Um nánari skýringar vísast til skýringa við 26. gr., eftir því sem við á, sem er efnislega samhljóða þessari grein en þar er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð, meðal annars um rafræna málsmeðferð, á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Um 50. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem kveðið er á um framkvæmd laganna, meðal annars að því er varðar heimild ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram í ákvæðinu að ráðherra sé meðal annars heimilt að setja reglugerð um rafræna málsmeðferð á grundvelli laganna. Um nánari skýringar vísast til skýringa við 26. gr., eftir því sem við á, þar sem gert er ráð fyrir sambærilegum breytingum hvað varðar heimild ráðherra til að setja reglugerð um rafræna málsmeðferð á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Um 51. gr.

Hér er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga í hvaða ákvæðum laganna gert er að skilyrði fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis að tiltekin skilyrði 1. mgr. 7. gr. laganna séu uppfyllt. Er gert ráð fyrir þessu í því skyni að tryggja að samræmis gæti milli þess sem fram kemur í 1. mgr. 7. gr. laganna hvað þetta varðar og þeim ákvæðum laganna þar sem gert er að skilyrði fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis að tiltekin skilyrði 1. mgr. 7. gr. laganna séu uppfyllt.

Um 52. gr.

Gert er ráð fyrir að 4. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga falli brott. Er gert ráð fyrir þessu þar sem við efnislega meðferð á Alþingi á breytingum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga í tengslum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 80/2016, um útlendinga, var samþykkt breytingartillaga allsherjar- og menntamálanefndar þess efnis að heimilt væri að framlengja tímabundin atvinnuleyfi hér landi á grundvelli skorts á starfsfólki í allt að eitt ár í senn með sömu takmörkunum og þegar leyfið var veitt í fyrsta skipti (þingskjal 1401, 728. mál á 145. löggjafarþingi 2015–2016). Áður hafði verið heimilt að framlengja leyfi einungis um eitt ár þannig að leyfi á grundvelli ákvæðisins gat aldrei gilt lengur en samtals í tvö ár. Með öðrum orðum þá var samþykkt á Alþingi að heimilt yrði að framlengja án tímatakmarkana tímabundin atvinnuleyfi hér á landi vegna skorts á starfsfólki.

Í ljósi framangreindrar breytingar þykir ekki ástæða til að kveða á um sérreglu í lögnum hvað varðar þann tíma sem heimilt er að framlengja tímabundin atvinnuleyfi hér á landi í þeim tilvikum þegar um er að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd sem tekur lengri tíma en tvö ár, sbr. 4. mgr. 9. gr. laganna, og er því í þessari grein gert ráð fyrir að fyrrnefnd 4. mgr. 9. gr. laganna verði felld brott. Þrátt fyrir að lagt sé til að umrætt ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga verði felld brott er áfram gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun líti, eftir því sem við á, til þess hvort um sé að ræða skýrt afmarkaða og tímabundna verkframkvæmd við mat á því hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis á grundvelli 9. gr. laganna. Á það ekki síst við í þeim tilvikum þar sem kveðið er á um að skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. laganna þurfi að vera uppfyllt þannig að heimilt sé að veita tímabundið atvinnuleyfi hér á landi en í slíkum tilvikum njóta ríkisborgarar ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið forgangs þegar kemur að ráðningu starfsmanna í laus störf á vinnumarkaði hér á landi. Samkvæmt fyrrnefndum a-lið 1. mgr. 7. gr. er þó ekki nauðsynlegt að leitað hafi verið eftir starfsfólki með aðstoð Vinnumálastofnunar áður en tímabundið atvinnuleyfi er veitt telji stofnunin fyrirsjáanlegt að slík leit innan Evrópska efnahagssvæðisins verði árangurslaus.

Um 53. gr.

Í a-lið 1. mgr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga er kveðið á um í hvaða undantekningartilvikum heimilt sé að veita tímabundin atvinnuleyfi hér á landi á grundvelli sérstakra aðstæðna og að uppfylltum hvaða skilyrðum. Í þessari grein er gert ráð fyrir að til viðbótar þeim aðstæðum sem þegar eru taldar upp í fyrrnefndum a-lið 1. mgr. 11. gr. laganna verði kveðið á um að heimilt verði að veita útlendingi, sem áður hefur verið veitt dvalarleyfi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals eða dvalarleyfi fyrir fórnarlamb mansals samkvæmt lögum um útlendinga, tímabundið atvinnuleyfi hér á landi á grundvelli sérstakra aðstæðna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Er gert ráð fyrir þessu þannig að hugsanlegir þolendur mansals sem dvelja hér á landi á meðan rannsókn lögreglu stendur yfir á því hvort um mansal hafi verið að ræða, geti átt möguleika á að taka þátt á innlendum vinnumarkaði, ef þeir svo kjósa, enda hafi þeim verið veitt dvalarleyfi hér á landi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals. Er jafnframt gert ráð fyrir þessu þannig að þolendur mansals eigi þess kost að taka þátt á vinnumarkaði hér á landi eftir að niðurstaða máls hefur leitt í ljós að um mansal hafi verið að ræða enda hafi þeim verið veitt dvalarleyfi hér á landi fyrir fórnarlamb mansals. Er í þessu sambandi meðal annars horft til þess að ætla má að þátttaka á vinnumarkaði geti, í það minnsta í sumum tilvikum, verið liður í því að umræddir einstaklingar nái að fóta sig að nýju eftir að hafa verið hugsanlegir þolendur eða þolendur mansals.

Um 54. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 12. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem mælt er fyrir um veitingu tímabundins atvinnuleyfis á grundvelli fjölskyldusameiningar. Í 2. mgr. 12. gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga sem náð hefur 18 ára aldri hafi hann dvalið hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir börn eða ótímabundins dvalarleyfis, samkvæmt lögum um útlendinga, fyrir 18 ára aldur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þá er kveðið á um það í 7. mgr. 12. gr. laganna að börnum sem dveljast hér á landi á grundvelli dvalarleyfis fyrir börn eða ótímabundins dvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga sé tímabundið heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfa að 18 ára aldri.

Samkvæmt 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga eru útlendingar sem fengið hafa ótímabundið dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hérlandis en ákvæði þetta tók gildi samhliða gildistöku laga nr. 80/2016, um útlendinga. Við gildistöku ákvæðisins láðist hins vegar að fella brott úr lögnum heimildina í 2. mgr. 12. gr. laganna, þess efnis að heimilt sé að veita útlendingi tímabundið atvinnuleyfi hér á landi eftir 18 ára aldur að uppfylltu því skilyrði að honum hafi áður verið veitt ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Jafnframt láðist að fella brott heimild barna undir 18 ára aldri til að starfa hér á landi án atvinnuleyfa hafi þeim verið veitt ótímabundið dvalarleyfi. Í ljósi þess að kveðið er á um í 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga að þeir sem fengið hafa ótímabundið dvalarleyfi hér á landi séu undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi, sbr. framangreint, er gert ráð fyrir að ekki verði lengur sérstaklega kveðið á um í 12. gr. laganna, annars vegar, að heimilt sé að veita tímabundin atvinnuleyfi til þeirra sem þegar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi, og hins vegar að þeim sem þegar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi sé heimilt að starfa á innlendum vinnumarkaði að 18 ára aldri.

Um 55. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 16. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem mælt er fyrir um heimild til veitingar nýs atvinnuleyfis vegna tiltekins starfs útlendinga hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er fyrra leyfið var skilyrt við. Gert er ráð fyrir að 1. mgr. 16. gr. laganna

verði breytt með þeim hætti að ekki verði lengur kveðið á um að samanlagður starfstími á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa skv. 9. gr. laganna skuli aldrei vera lengri en tvö ár í þeim tilvikum þegar veitt er tímabundið atvinnuleyfi vegna tiltekins starfs útlendinga hjá öðrum atvinnurekanda en þeim sem leyfið var skilyrt við. Er gert ráð fyrir þessu þar sem heimilt er að endurnýja veitingu tímabundins atvinnuleyfis á grundvelli 9. gr. laganna án tímatakmarkana. Um nánari skýringar vísast til umfjöllunar í skýringum við 52. gr., eftir því sem við á.

Um 56. gr.

Lagðar eru til breytingar á 19. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem kveðið er á um meðferð umsóknar um atvinnuleyfi. Í 7. mgr. 19. gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að synja um veitingu atvinnuleyfis vegna starfa hjá atvinnurekanda sem áður hefur gerst sekur um að hafa ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum þrátt fyrir að skilyrði þeirra séu uppfyllt. Jafnframt er kveðið á um að hið sama gildi um útlending sem hefur gerst sekur um að ráða sig til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum. Í skýringum við d-lið 10. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 78/2008, um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, kemur meðal annars fram að eðlilegt þyki að stofnunin meti sérstaklega hvort málefnalegt sé að atvinnurekandi sem áður hefur gerst sekur um brot á lögum geti ráðið til sín útlending á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis. Því sé miðað við að hvert tilvik sé metið sérstaklega og hið sama sé lagt til þegar útlendingur hefur gerst sekur um að ráða sig til starfa hér á landi án tilskilinnna leyfa. Hins vegar er ekki að finna í skýringunum nánari umfjöllun um hvað átt sé við með orðunum „að hafa gerst sekur um“ fyrrnefnda háttsemi en við framkvæmd laganna hefur þótt óljóst hvort verið sé að vísa til saknæmrar háttsemi þar sem sýnt hefur verið fram á ásetning eða hvort eingöngu sé verið að vísa til þess að háttsemin hafi átt sér stað en ætla má að hvort tveggja geti rúmast innan orðskýringa samkvæmt orðanna hljóðan.

Í ljósi þess vafa sem uppi er hvað varðar lögskýringu í tengslum við orðin „að hafa gerst sekur um“ er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að orðin verði felld brott úr ákvæðinu og einungis verði vísað til háttseminnar. Þannig er gert ráð fyrir að tekið verði fram í ákvæðinu að þrátt fyrir að skilyrði laganna séu uppfyllt sé Vinnumálastofnun heimilt að synja um veitingu tímabundins atvinnuleyfis vegna starfa útlendinga hjá atvinnurekanda sem áður hefur brotið gegn ákvæðum laganna. Í þessu sambandi er átt við hvers konar brot gegn ákvæðum laganna, svo sem ef áður hefur komið í ljós við eftirlit Vinnumálastofnunar eða annarra aðila sem fara með eftirlit á innlendum vinnumarkaði að atvinnurekandi hafi ráðið útlending til starfa án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að hið sama gildi hafi atvinnurekandi áður ráðið útlending til starfa á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis samkvæmt lögum en ekki greitt honum laun í samræmi við gildandi kjarasamning í viðkomandi starfsgrein á því svæði þar sem vinna hlutaðeigandi starfsmanns fór fram eða ekki staðið skil á staðgreiðslu skatta og/eða tryggingagjaldi lögum samkvæmt. Er því ekki gert ráð fyrir að sýna þurfi fram á huglægan ásetning í tengslum við brot heldur verði nægjanlegt að Vinnumálastofnun sýni fram á brot, svo sem með upplýsingum úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra eða upplýsingum sem stofnunin aflar í tengslum við lögbundið eftirlit á vinnumarkaði sem og frá öðrum aðilum sem fara með eftirlit á vinnumarkaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í lögum að hið sama gildi í þeim tilvikum þegar sótt er um tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli laganna fyrir útlending sem áður hefur brotið gegn ákvæðum laganna, svo sem með því að hafa ráðið sig til starfa hér á landi án tilskilins atvinnuleyfis samkvæmt lögum.

Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða skyldu Vinnumálastofnunar til að synja um veitingu tímabundinna atvinnuleyfa í öllum tilvikum þegar framangreindar aðstæður eiga við hvað varðar hlutaðeigandi atvinnurekanda og/eða viðkomandi útlending heldur er hér um heimildarákvæði að ræða. Verður því að gera ráð fyrir að Vinnumálastofnun meti í hvert skipti þegar framangreindar aðstæður eiga við hvort nýta beri heimildina en í því sambandi verður jafnframt að gera ráð fyrir að Vinnumálastofnun gæti í störfum sínum að ákvæðum stjórnsýslulaga, svo sem hvað varðar jafnræði og meðalhóf, og gangi þannig ekki en lengra en þörf krefur hverju sinni við nýtingu heimildarinnar.

Um 57. gr.

Lagðar eru til breytingar á 20. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem kveðið er á um útgáfu atvinnuleyfa. Í gildandi 2. mgr. 20. gr. laganna er kveðið á um að útlendingur skuli hafa útgefið atvinnuleyfi ávallt meðferðis og sýna það krefjst lögregla þess. Hér er gert ráð fyrir að hið sama skuli gilda krefjst Vinnumálastofnun þess að útlendingur sýni útgefið atvinnuleyfi. Er gert ráð fyrir þessu þannig að Vinnumálastofnun verði kleift að sinna lögbundnu eftirliti, sbr. 26. gr. laganna, að því er varðar heimild útlendinga til að starfa hér á landi. Er jafnframt gert ráð fyrir þessu í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu á 26. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Um 58. gr.

Gert er ráð fyrir að við 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga bætist ný málsgrein sem kveður á um að útlendingum sem undanþegnir eru kröfu um atvinnuleyfi hér á landi á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga verði gert skylt að veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin kann að óska eftir í þágu eftirlits, sbr. 26. gr. laganna. Er gert ráð fyrir þessu í því skyni að Vinnumálastofnun geti á grundvelli eftirlitsheimilda sinna skv. 26. gr. laganna óskað eftir tilteknum upplýsingum frá umræddum útlendingum til að meta hvort þeir uppfylli skilyrði þess að vera undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi skv. 22. gr. laganna eða hvort önnur ákvæði laganna eigi við um störf viðkomandi á vinnumarkaði hérlendis.

Jafnframt er gert ráð fyrir að við 22. gr. laganna bætist fyrirsögn og er það í samræmi við önnur ákvæði laganna sem hafa tilteknar fyrirsagnir.

Um 59. gr.

Hér er gert ráð fyrir að útlendingum sem undanþegnir eru kröfu um atvinnuleyfi hér á landi vegna tiltekinnar vinnu í allt að 90 daga á ári á grundvelli 23. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga verði gert skylt að tilkynna til Vinnumálastofnunar um vinnu sína hér á landi eigi síðar en sama dag og vinnan hefst í hvert skipti. Er jafnframt gert ráð fyrir að í tilkynningunni til Vinnumálastofnunar komi fram tilteknar upplýsingar, annars vegar um hlutaðeigandi atvinnurekanda, eftir því sem við á, og hins vegar um viðkomandi útlending. Auk þess er gert ráð fyrir að viðkomandi útlendingur upplýsi Vinnumálastofnun um undir hvaða undanþágu 1. mgr. 23. gr. laganna hann telur að störf hans hér á landi falli undir. Enn fremur er gert ráð fyrir að umræddum útlendingum verði jafnframt gert skylt að veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin kann að óska eftir í þágu eftirlits, sbr. 26. gr. laganna. Er gert ráð fyrir þessu í því skyni að Vinnumálastofnun geti á grundvelli eftirlitsheimilda sinna skv. 26. gr. laganna fengið tilteknar upplýsingar til að meta hvort vinna umræddra útlendinga hér á landi sé þess eðlis að þeir séu undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi skv. 23. gr. laganna eða hvort önnur ákvæði laganna eigi um við störf þeirra á vinnumarkaði hérlendis.

Jafnframt er gert ráð fyrir að við 23. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga bætist fyrirsögn og er það í samræmi við önnur ákvæði laganna sem hafa tilteknað fyrirsagnir.

Um 60. gr.

Hér er gert ráð fyrir að í stað 2. og 3. mgr. 25. gr. gildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga komi fimm nýjar málsgreinar. Þannig er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um að upplýsingar sem veittar eru Vinnumálastofnun samkvæmt lögnum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skuli vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um í ákvæðinu að Vinnumálastofnun geti aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem lögin heimila, annaðhvort rafrænt eða á annan máta sem stofnunin ákveður.

Auk þess er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun skuli afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem Útlendingastofnun, lögreglu, skattfyrvöldum, tollyfirvöldum, kærunefnd útlendingamála, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands, upplýsingar sem stofnuninni berast á grundvelli laganna, enda óski viðkomandi stjórnvald eftir því í tengslum við lögbundið eftirlit þess. Þrátt fyrir framangreint er gert ráð fyrir að berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laganna sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða sé stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja að Vinnumálastofnun hafi heimild til að miðla slíkum upplýsingum til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau geti þá metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda. Á sama tíma er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma viðkomandi stjórnvaldi að gagni í störfum þess, svo sem við lögbundið eftirlit þess.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um að í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laganna skuli stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum, svo sem Útlendingastofnun, lögreglu, skattfyrvöldum, tollyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, kærunefnd útlendingamála, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnueftirliti ríkisins og Þjóðskrá Íslands eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti er í þessu sambandi eingöngu átt við að Vinnumálastofnun óski eftir upplýsingum sem koma stofnuninni að gagni við eftirlit með framkvæmd laganna, svo sem við mat á því hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Í þessu sambandi er meðal annars átt við upplýsingar um störf útlendinga á innlendum vinnumarkaði þannig að Vinnumálastofnun geti haft eftirlit með því hvort hér á landi starfi útlendingar án tilskilinna atvinnuleyfa. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram í ákvæðinu að hlutaðeigandi aðilum sé skylt að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar búi þeir yfir þeim. Tilgangur þessa er meðal annars að gera eftirlit Vinnumálastofnunar skilvirkara en nú er auk þess að tryggja betur en áður að stofnunin fái þær upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að geta haft eftirlit með framkvæmd laganna. Tilgangur þessa er jafnframt að tryggja betur en áður að Vinnumálastofnun geti haft yfirsýn yfir þátttöku útlendinga á innlendum vinnumarkaði þannig að stofnunin geti sinnt lögbundnu eftirliti. Slíkt eftirlit þarf meðal annars að vera reglubundið og skilvirkt til að árangur náist og krefst það því samvinnu þeirra stjórnvalda sem koma að eftirliti á vinnumarkaði. Ekki er þó gert ráð fyrir að umræddir aðilar sendi Vinnumálastofnun allar hugsanlegar upplýsingar sem ætla má að geti komið stofnuninni að notum við framkvæmd eftirlits á grundvelli laganna heldur er gert ráð fyrir að um sé að ræða upplýsingar sem stofnunin býr ekki yfir en telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar og óskar því eftir þeim frá öðrum aðilum. Er þannig lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma

Vinnumálastofnun að gagni við lögbundið eftirlit á sama tíma og verið er að undirstrika mikilvægi þess að opinberir aðilar og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, hafi með sér samstarf að því marki sem nauðsynlegt er í því skyni að stuðla að því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða er gilda á innlendum vinnumarkaði. Þykir slíkt samstarf mikilvægt, ekki síst til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð eins og frekast er kostur.

Þrátt fyrir að í þessari grein sé gert ráð fyrir að stjórnvöld, svo sem Útlendingastofnun, lögregla, skattyfirvöld, tollyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, kærunefnd útlendingamála, félagsþjónusta sveitarfélaga, Vinnueftirlit ríkisins og Þjóðskrá Íslands og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, veiti Vinnumálastofnun upplýsingar sem stofnunin óskar eftir og telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að berist stjórnvöldum, svo sem fyrrnefndum stjórnvöldum, eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laganna sé þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Loks er gert ráð fyrir að í lögnum verði með skýrum hætti kveðið um að starfsmönnum Vinnumálastofnunar sé óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga en þeirra sem nauðsynlegar eru eða kunni að vera nauðsynlegar í þágu eftirlits samkvæmt lögnum. Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að starfsmenn Vinnumálastofnunar séu bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna, sbr. þó 2. mgr. ákvæðisins eins og grein þessi gerir ráð fyrir að ákvæðinu verði breytt en þar er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum að því marki sem stofnuninni sé heimilt samkvæmt lögnum. Enn fremur er gert ráð fyrir að þagnarskylda starfsmanna Vinnumálastofnunar haldist eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti miðlað upplýsingum sem hún fær við eftirlit með framkvæmd laganna samkvæmt þeim heimildum sem löggin kveða á um en að öðru leyti séu starfsmenn stofnunarinnar bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna og skiptir þá hvorki máli í hvaða tilgangi né með hvaða hætti upplýsingarnar berast stofnuninni.

Í frumvarpi þessu eru sambærilegar breytingar lagðar til á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, lögum um starfsmannaleigur og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 18., 41., 65. og 66. gr.

Um 61. gr.

Í 1. mgr. 26. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga er kveðið á um að lögregla og Vinnumálastofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Jafnframt er kveðið á um að atvinnurekandi skuli veita lögreglu og Vinnumálastofnun aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ekki hafi verið brotið gegn lögnum. Í 2., 3. og 4. mgr. 26. gr. er síðan nánar kveðið á um störf lögreglu í tengslum við framkvæmd laganna. Í þessari grein er gert ráð fyrir að hið sama skuli gilda um Vinnumálastofnun og gildir um lögreglu samkvæmt ákvæðinu þannig að Vinnumálastofnun verði kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum hvað varðar framkvæmd laganna. Þá er gert ráð fyrir að við 2. mgr. 26. gr. laganna bætist að starfsmenn Vinnumálastofnunar sem sinna eftirliti á vinnustöðum skuli sýna sérstök skírteini við störf sín líkt og gert er ráð fyrir að lögreglan geri samkvæmt gildandi lögum. Er þá við það miðað að á umræddum skírteinum starfsmanna Vinnumálastofnunar komi meðal annars fram að þeir séu starfsmenn stofnunarinnar sem ætlað er að sinna eftirliti á vinnustöðum. Er gert ráð fyrir þessu

þannig að atvinnurekendur og útlendingar sem umræddir starfsmenn Vinnumálastofnunar eiga samskipti við í tengslum við eftirlit á vinnustöðum velkist ekki í vafa um heimild fyrrnefndra starfsmanna til þeirra starfa sem þeim er ætlað gegna.

Um 62. gr.

Í 34. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga er kveðið á um að atvinnurekanda og útlendingi sé sameiginlega heimilt að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun tímabundins atvinnuleyfis til ráðuneytisins og skulu þeir báðir undirrita stjórnslukærana. Í þessari grein er gert ráð fyrir að ákvæðinu verði breytt þannig að framangreindum aðilum verði heimilt að kæra allar ákvarðanir Vinnumálastofnunar á grundvelli laganna til ráðuneytisins í stað eingöngu ákvarðana sem lúta að synjun eða afturköllun tímabundinna atvinnuleyfa. Er gert ráð fyrir þessu þar sem rök þykja ekki hníga til þess að takmarka möguleika fyrrnefndra aðila til að bera undir æðra stjórnvald aðrar ákvarðanir Vinnumálastofnunar á grundvelli laganna en ákvarðanir um synjun eða afturköllun á veitingu tímabundinna atvinnuleyfa líkt og gert er samkvæmt gildandi lögum.

Um 63. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að millifyrirsögn á undan 36. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði breytt þannig að ekki verði lengur vísað til skyldna verktaka og fleiri heldur verði vísað til skyldna verkkaupa, fulltrúa verkkaupa, samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála og atvinnurekanda í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð og þar með lögð áhersla á skyldur sem framangreindum aðilum ber að uppfylla við þær tilteknu aðstæður.

Gert er ráð fyrir að 36. gr. laganna verði breytt þannig að í ákvæðinu verði skýrt kveðið á um skyldur verkkaupa, fulltrúa verkkaupa og samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála þegar um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, meðal annars með hliðsjón af efni tilskipunar ráðsins 92/57/EBE um framkvæmd lágmarkskrafa um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) sem felld var undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 21. mars 1994. Í tilskipun þessari er meðal annars kveðið á um tilteknar skyldur verkkaupa, fulltrúa verkkaupa og samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála á vinnustað þegar um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð sem ekki þykir nægjanlega skýrt kveðið á um í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því skyni að gera skyldur fyrrnefndra aðila skýrari en nú er, þegar um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, og endurspeglar betur en nú er í ákvæðum laganna efni fyrrnefndrar tilskipunar er meðal annars gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í 36. gr. laganna að sé um að ræða fleiri en einn atvinnurekanda að störfum samtímis við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð beri viðkomandi verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa að skipuleggja og samræma aðgerðir sem tryggja að við hönnun, undirbúning og framkvæmd þess verks sem um ræðir verði gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Er jafnframt tekið fram að í því felist meðal annars gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eftir því sem við á, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Í samræmi við efni fyrrnefndrar tilskipunar er jafnframt gert ráð fyrir að í þessum tilteknu tilvikum beri hlutaðeigandi verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa að fela samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála að gegna framangreindum skyldum við undirbúning og framkvæmd verks. Á þetta jafnt við hvort sem þeir atvinnurekendur sem í hlut eiga eru að vinna verk á viðkomandi vinnustað fyrir hlutaðeigandi verkkaupa á grundvelli verksamnings við verkkaupann eða á grundvelli verksamnings við aðra atvinnurekendur sem eru að störfum á vinnustaðnum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa beri að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um vinnustað áður en vinna hefst þegar um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð og ráðgert er að vinna standi yfir lengur en í 30 daga og fleiri en 20 starfsmenn verði við vinnu samtímis. Sama eigi við um vinnustað þar sem um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð og ráðgert er að vinna taki lengri tíma en sem nemur 500 dagsverkum.

Enn fremur er gert ráð fyrir að við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð í því umfangi sem um getur í 5. mgr. ákvæðisins sem og við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð þar sem vinna telst sérstaklega hættuleg beri verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun áður en vinna hefst í því skyni að tryggja að við framkvæmd verksins verði gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Áætlunin skuli meðal annars fela í sér almennar reglur sem gilda skulu á vinnustaðnum og lýsingu á sérstökum aðgerðum sem framkvæma þarf til að unnt sé að uppfylla kröfur sem gerðar séu í lögnum í tengslum við öryggi, góðan aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Tekið er fram að þrátt fyrir að verkkaupi eða fulltrúi verkkaupa feli samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála að gegna tilteknum skyldum samkvæmt ákvæðinu leysi það verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa ekki undan ábyrgð samkvæmt ákvæðinu. Þá er tekið fram að þrátt fyrir að verkkaupi feli fulltrúa sínum að gegna tilteknum skyldum samkvæmt ákvæðinu leysi það verkkaupa ekki undan ábyrgð samkvæmt ákvæðinu fái hann vitneskju um að fulltrúi verkkaupa hafi ekki gegnt þeim skyldum sem verkkaupi hefur falið honum að gegna á grundvelli skriflegs samkomulags þess efnis. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum beri verkkaupa að grípa til ráðstafana til að tryggja að skyldum ákvæðisins sé fullnægt. Í þessu sambandi ber jafnframt að geta þess að eðli málsins samkvæmt má ætla að þegar um fleiri en einn verkkaupa er að ræða beri hlutaðeigandi verkkaupar sameiginlega ábyrgð hvað varðar skyldur samkvæmt ákvæðinu. Í þessu sambandi er vert að geta þess að á vinnustöðum þar sem um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð ber nú þegar að uppfylla skyldur sem kveðið er á um í reglum nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, en ákvæði þeirra reglna byggjast á efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Frumvarp þetta felur því ekki í sér auknar skyldur hvað þetta varðar heldur er einungis gert ráð fyrir að skýrar verði kveðið á um þessar tilteknu skyldur í ákvæðum laganna en nú er til samræmis við efni þeirrar tilskipunar sem um ræðir. Því má ætla að áhrif þessara breytinga á atvinnurekendur verði óveruleg.

Gert er ráð fyrir að sérstaklega verði tekið fram að með samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála sé átt við einstakling eða atvinnurekanda sem falið er af verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa að gegna tilteknum skyldum við undirbúning og framkvæmd verks, svo sem hvað varðar umsjón með skipulagningu og samræmingu aðgerða, sbr. 4. mgr. ákvæðisins, þar sem fleiri en einn atvinnurekandi er að störfum samtímis við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Einnig er gert ráð fyrir að tekið verði fram að með verkkaupa sé átt við einstakling eða atvinnurekanda sem verk er unnið fyrir í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Að auki er gert ráð fyrir að tekið verði fram að með fulltrúa verkkaupa sé átt við einstakling eða atvinnurekanda sem ber ábyrgð á hönnun og/eða framkvæmd og/eða eftirliti með verki og starfar í þágu verkkaupa á grundvelli skriflegs samkomulags þess efnis.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja nánari reglur í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um þau atriði sem kveðið er á um í ákvæðinu, meðal annars um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði við hönnun, undirbúning og framkvæmd verks í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð sem og í tengslum við mat á því hvers konar vinna við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð teljist sérstaklega hættuleg, hvað atriði skulu koma fram í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins skv. 5. mgr. ákvæðisins,

skipun, skyldur og hæfni samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála sem og um gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar skv. 6. mgr. ákvæðisins, þ.m.t. þau atriði sem koma skulu fram í slíkri áætlun.

Vert er að ítreka að gert er ráð fyrir að ákvæði þetta eigi einungis við á vinnustöðum þar sem um er að ræða byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Samkvæmt ÍSAT2008 (deild 41) telst bygging húsnæðis og þróun byggingarverkefna til byggingarstarfsemi, svo sem í tengslum við nýbyggingar, viðgerðir, viðbyggingar og breytingar sem og uppsetningu forsmíðaðra bygginga eða mannvirkja á byggingarlóð og einnig tímabundin mannvirki. Samkvæmt ÍSAT2008 (deild 42) telst hins vegar til mannvirkjagerðar gerð vega, brúa, ganga, flugvalla, hafna, fráveitukerfa, iðnaðarmannvirkja, mannvirkja til íþróttaiðkunar utandyra o.þ.h., svo dæmi sé tekið. Jafnframt má í viðauka I við tilskipun ráðsins 92/57/EBE um framkvæmd lágmarkskrafna um öryggi og hollustuhætti á bráðabirgða- eða færanlegum byggingarsvæðum (áttunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) finna skrá yfir byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð í skilningi tilskipunarinnar en tekið er þó fram að skráin sé ekki tæmandi.

Um 64. gr.

Hér er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að óheimilt sé að stjórna þeim vélum sem ákvæði 1.–5. mgr. 45. gr. sem og 1. mgr. 46. gr. laganna eiga við um án þess að viðkomandi stjórnandi hafi öðlast fullgild réttindi til að stjórna þeirri vél sem um ræðir hverju sinni samkvæmt reglum sem settar hafa verið á grundvelli 3. mgr. 49. gr. laganna. Er meðal annars gert ráð fyrir þessu þannig að ekki leiki vafi á að fullgild réttindi eru forsenda þess að heimilt sé að stjórna fyrrnefndum vélum. Verður þetta að teljast mikilvægur þáttur til að tryggja öryggi á vinnustöðum því oft er um að ræða vélar sem geta valdið hættu ef kunnáttumenn eru ekki við stjórn þeirra. Í þessu sambandi ber jafnframt að geta þess að 18. nóvember 2004 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti þar sem X var ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. tölul. A-liðar 3. gr. og 1. mgr. 11. gr. reglna nr. 198/1983, um réttindi til að stjórna vinnuvélum, sbr. 1. gr. reglna nr. 24/1999 og 1. gr. reglna nr. 816/2000, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að hafa stjórnað lyftara án tilskilinna réttinda. Í dómnum kemur meðal annars fram að í 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 198/1983, eins og þeim hafi verið breytt með 1. gr. reglna nr. 816/2000, hafi verið kveðið á um að þeir einir mættu stjórna vinnuvélum sem til þess hefðu réttindi. Enn fremur kemur fram að reglurnar hafi verið settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins og staðfestar af þáverandi félagsmálaráðherra. Jafnframt kemur fram að brot gegn 1. mgr. 2. gr. reglnanna hafi þá getað orðið refsivert samkvæmt 1. mgr. 11. gr. þeirra. Þá kemur fram að reglurnar hafi verið settar með heimild í 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, þar sem upphaflega hafi verið kveðið á um að stjórn Vinnueftirlits ríkisins skyldi setja reglur um kennslu, þjálfun og próf er gæfu til kynna næga þekkingu þeirra sem óskuðu eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tiltekna vélar. Með 15. gr. laga nr. 68/2003, sem tekið hafi gildi áður en ætlað brot X hafi átt sér stað, hafi ákvæðinu verið breytt þannig að þáverandi félagsmálaráðherra skyldi að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja umræddar reglur. Í máli þessu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að löggjafanum hafi ekki verið heimilt að framselja Vinnueftirliti ríkisins vald til að ákveða hvaða háttsemi skyldi varða refsingu samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og var X því sýknaður af kröfu ákærvaldsins.

Í ljósi þeirrar fortakslausu skyldu sem gert er ráð fyrir í ákvæðinu má ætla að nái þessar breytingar fram að ganga geti það talist brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og geti þar af leiðandi varðað sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, sbr. 99. gr. laganna, komi í ljós við eftirlit löggæslumanns eða eftirlitsmanns Vinnueftir-

lits ríkisins að stjórnendur umræddra véla hafi ekki öðlast fullgild réttindi til að stjórna þeirri vél sem um ræðir hverju sinni.

Um 65. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að á eftir 4. mgr. 82. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum komi fjórar nýjar málsgreinar.

Er þannig gert ráð fyrir að í ákvæðinu verði kveðið á um að upplýsingar sem eiga að vera til á vinnustöðum samkvæmt lögnum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skuli afhenda Vinnueftirliti ríkisins, fari stofnunin fram á það, og að þær skuli vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Jafnframt er gert ráð fyrir að hið sama gildi um upplýsingar sem tilkynna skal til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt lögnum.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kveðið verði á um í ákvæðinu að Vinnueftirlit ríkisins geti aflað upplýsinga og miðlað þeim að því marki sem lögin heimila, annaðhvort rafrænt eða á annan máta sem stofnunin ákveður.

Auk þess er gert ráð fyrir að í ákvæðinu verði kveðið á um að Vinnueftirlit ríkisins skuli afhenda viðeigandi stjórnvöldum, svo sem lögreglu, skattfyrvöldum, töllyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun og Þjóðskrá Íslands, upplýsingar sem stofnuninni berast á grundvelli laganna, enda óski viðkomandi stjórnvald eftir því í tengslum við lögbundið eftirlit þess. Þrátt fyrir framangreint er gert ráð fyrir að berist Vinnueftirliti ríkisins upplýsingar á grundvelli laganna sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum íslenskra laga eða reglugerða sé stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Er þetta gert í þeim tilgangi að tryggja að Vinnueftirlit ríkisins hafi heimild til að miðla slíkum upplýsingum til viðeigandi stjórnvalda þannig að þau geti þá metið hvort og þá með hvaða hætti þeim beri að bregðast við á grundvelli sinna eftirlitsheimilda. Á sama tíma er lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma viðkomandi stjórnvaldi að gagni í störfum þess, svo sem við lögbundið eftirlit þess.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um að í þeim tilvikum þegar Vinnueftirlit ríkisins býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laganna skuli stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum, svo sem lögregla, skattfyrvöld, töllyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun og Þjóðskrá Íslands eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti er í þessu sambandi eingöngu átt við að Vinnueftirlit ríkisins óski eftir upplýsingum sem koma stofnuninni að gagni við eftirlit með framkvæmd laganna, svo sem við mat á því hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Í þessu sambandi er meðal annars átt við upplýsingar um nöfn og kennitölur fyrirtækja og um fjölda starfsmanna þeirra sem og um nöfn og kennitölur sjálfstætt starfandi einstaklinga. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram í ákvæðinu að hlutaðeigandi aðilum sé skylt að veita Vinnueftirliti ríkisins umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim. Tilgangur þessa er meðal annars að gera eftirlit Vinnueftirlits ríkisins skilvirkara en nú er auk þess að tryggja betur en áður að stofnunin fái vitneskju um þá aðila sem starfa hér á landi og falla undir gildissvið laganna þannig að stofnunin geti haft eftirlit með því hvort farið sé að ákvæðum laganna, meðal annars hvað varðar aðbúnað og hollustuhætti á hlutaðeigandi vinnustöðum. Er með þessu meðal annars verið að tryggja betur en áður að Vinnueftirlit ríkisins, sem fer með lögbundið eftirlit á vinnumarkaði samkvæmt lögnum, fái þær upplýsingar sem stofnunin telur sig þurfa til að geta haft eftirlit með framkvæmd laganna. Jafnframt er með þessu reynt að tryggja betur en áður að Vinnueftirlit ríkisins hafi yfirsýn yfir þá aðila sem starfa á innlendum vinnumarkaði og falla undir gildissvið

laganna þannig að stofnunin geti sinnt lögbundnu eftirliti. Slíkt eftirlit þarf meðal annars að vera reglubundið og skilvirkt til að árangur náist og krefst það því samvinnu þeirra stjórnvalda sem koma að eftirliti á vinnumarkaði. Ekki er þó gert ráð fyrir að umræddir aðilar sendi Vinnueftirliti ríkisins allar hugsanlegar upplýsingar sem ætla má að geti komið stofnuninni að notum við framkvæmd eftirlits á grundvelli laganna heldur er gert ráð fyrir að um sé að ræða upplýsingar sem stofnunin býr ekki yfir en telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar og óskar því eftir þeim frá öðrum aðilum. Er þannig lögð áhersla á að gætt sé meðalhófs þannig að ekki sé miðlað öðrum upplýsingum en þeim sem koma Vinnueftirliti ríkisins að gagni við lögbundið eftirlit á sama tíma og verið er að undirstrika mikilvægi þess að opinberir aðilar og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, hafi með sér samstarf að því marki sem nauðsynlegt er í því skyni að stuðla að því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða er gilda á innlendum vinnumarkaði. Þykir slíkt samstarf mikilvægt, ekki síst til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð eins og frekast er kostur.

Þrátt fyrir að í þessari grein sé gert ráð fyrir að stjórnvöld, svo sem lögregla, skattyfirvöld, tollyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun og Þjóðskrá Íslands og eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, veiti Vinnueftirliti ríkisins upplýsingar sem stofnunin óskar eftir og telur nauðsynlegar í þágu eftirlits stofnunarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að berist stjórnvöldum, svo sem fyrrnefndum stjórnvöldum, eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laganna sé þeim skylt að afhenda Vinnueftirliti ríkisins upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

Eru þessar breytingar sem hér eru lagðar til á 82. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum efnislega samhljóða þeim breytingum sem gert er ráð fyrir á ákvæðum laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, laga um starfsmannaleigur og laga um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. 18., 41. og 60. gr.

Um 66. gr.

Gert er ráð fyrir að í 83. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði með skýrum hætti kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins. Þannig er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins séu bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna, sbr. þó 6. mgr. 82. gr. laganna eins og 65. gr. gerir ráð fyrir að 82. gr. laganna verði breytt, en þar er meðal annars gert ráð fyrir að kveðið verði á um að Vinnueftirlit ríkisins geti miðlað upplýsingum að því marki sem stofnuninni sé heimilt samkvæmt lögnum. Enn fremur er gert ráð fyrir að þagnarskylda starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins haldist eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins geti miðlað upplýsingum sem hún fær við eftirlit með framkvæmd laganna samkvæmt þeim heimildum sem lögin kveða á um en að öðru leyti séu starfsmenn stofnunarinnar bundnir þagnarskyldu hvað varðar upplýsingar sem stofnunin hefur til meðferðar á grundvelli laganna og skiptir þá hvorki máli í hvaða tilgangi né með hvaða hætti upplýsingarnar berast stofnuninni.

Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins séu bundnir þagnarskyldu um allt er varðar umkvörtun til stofnunarinnar, þ.m.t. nafn þess sem beinir umkvörtun til stofnunarinnar, og að þagnarskylda þeirra hvað þetta varðar haldist eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni. Þrátt fyrir framangreint er þó gert ráð fyrir að starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins verði í undantekningartilvikum heimilt að greina atvinnurekanda eða

fulltrúa hans frá umkvörtun til stofnunarinnar þegar um er að ræða lögmætan tilgang og ekki er gengið lengra en nauðsynlegt er auk þess sem sá sem beindi umkvörtuninni til stofnunarinnar hefur veitt samþykki fyrir því. Þykir þetta mikilvægt þannig að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins geti sinnt skyldu sinni hvað varðar eftirlit á vinnustað í þeim tilvikum þegar umkvörtun snýr að sálfélagslegum þáttum, svo sem einelti eða kynferðislegri áreitni á vinnustað. Í slíkum tilvikum þykir nauðsynlegt að starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins geti greint frá því að eftirlitsheimsókn sé vegna umkvörtunar um tiltekin atriði er snúa að félagslegum aðbúnaði á hlutaðeigandi vinnustað þannig að þeir geti þá í framhaldinu meðal annars haft eftirlit með því hvort fyrir liggja fullnægjandi áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum og hvort farið sé eftir henni.

Um 67. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 87. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum en í ákvæðinu er kveðið á um heimild Vinnueftirlits ríkisins til að leggja á dagsektir í þeim tilvikum þegar ákvæði laganna eða reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli laganna eru brotin og ekki hefur verið bætt úr annmörkum í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. eru þær breytingar sem lagðar eru til í þessari grein sambærilegar við breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á ákvæðum sem snúa að heimild Vinnuálastofnunar til að beita dagsektum á grundvelli laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, lögum um starfsmannaleigur og lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sbr. 21., 43. og 48. gr.

Gert ráð fyrir að bætt verði við 87. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að aðila sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir beinist að skuli veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Enn fremur er gert ráð fyrir að skriflegur rökstuðningur skuli fylgja tilkynningu Vinnueftirlits ríkisins um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir. Jafnframt er gert ráð fyrir að í umræddu ákvæði laganna verði skýrt tekið fram að ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir skuli tilkynnt þeim aðila sem ákvörðunin beinist að, eða fulltrúa hans, með sannanlegum hætti og að henni skuli fylgja skriflegur rökstuðningur. Almennt má ætla að tilkynning Vinnueftirlits ríkisins um ákvörðun stofnunarinnar um dagsektir geti verið með ýmsum hætti, svo sem send með hefðbundnum bréfpósti, með ábyrgðarpósti eða rafrænt með tölvubréfi, svo fremi sem stofnunin geti fært sönnur á að tilkynningin hafi borist réttum aðila. Í því sambandi má ætla að almennt sé erfiðara að færa sönnur á að tilkynning, sem send hefur verið rafrænt með tölvubréfi, hafi borist réttum aðila en tilkynning sem send hefur verið með ábyrgðarpósti.

Þá er gert ráð fyrir að fram komi í ákvæðinu að ákvörðun um dagsektir feli það í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skuli greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og að gjalddaga kröfunnar skuli jafnframt miðast við það tímamark. Einnig er gert ráð fyrir að miða skuli síðasta sektardag við þann dag þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnueftirlits ríkisins.

Í 2. mgr. 87. gr. gildandi laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er kveðið á um að dagsektir geti numið allt að 100.000 kr. á sólarhring en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði hækkuð til samræmis við fjárhæðir dagsekta skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þannig að þær geti numið allt að 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Sambærilegar breytingar eru lagðar til í 21., 43. og 48. gr. á ákvæðum um dagsektir í lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, lögum um starfsmannaleigur og lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Þá er gert ráð fyrir að áfram verði litið til sömu sjónarmiða við ákvörðun dagsekta og samkvæmt gildandi lögum, svo sem til þess hversu aðkallandi

úrþæturnar teljast og þess hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er auk þess sem gert er ráð fyrir að litið verði til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að.

Samkvæmt 3. mgr. 87. gr. gildandi laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skulu dagsektir renna í ríkissjóð en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dagsektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Er gert ráð fyrir þessu þannig að skýrt sé að ekki er gert ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins beri kostnað af því að beita heimild sinni samkvæmt ákvæðinu. Samsvarandi breytingar eru lagðar til í 21., 43. og 48. gr. á ákvæðum um dagsektir í lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, lögum um starfsmannaleigur og lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Loks er gert ráð fyrir að við umrædda 87. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði bætt að um ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 68. gr.

Almennt hefur verið litið svo á að ákvæði tilskipunar 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega, sem vísað er til í V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2015 frá 25. september 2015, hafi verið innleidd í íslenskan rétt með gildandi lögum nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. skýringar við 69. gr. Þrátt fyrir framangreint þykir nauðsynlegt að gerðar verði tilteknar breytingar á lögnum þannig að umrædd tilskipun 2014/54/ESB teljist að fullu innleidd hér á landi. Hér er því gert ráð fyrir að við lög nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, verði bætt nýrri grein, 2. gr. a, þar sem kveðið verði á um að atvinnurekanda sé óheimilt að láta starfsmann sem fellur undir frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, samkvæmt lögnum, gjalda þess hafi starfsmaðurinn leitað réttar síns samkvæmt lögnum. Ákvæði þetta er í samræmi við 6. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar tilskipunar 2014/54/ESB þar sem fram kemur að aðildarríkin skuli setja ákvæði í eigin réttarkerfi um nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda launþega í Sambandinu gegn óhagstæðri meðferð eða óhagstæðum afleiðingum vegna viðbragða við kæru eða málarekstri sem hefur það að markmiði að sjá til þess að réttindum í tengslum við frjálsa för launþega sé framfylgt.

Er hér jafnframt gert ráð fyrir að séu leiddar líkur að því að atvinnurekandi hafi látið starfsmann gjalda þess að hafa leitað réttar síns samkvæmt lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli hlutaðeigandi atvinnurekandi sýna fram á að ástæður þær sem legið hafi til grundvallar þeirri meðferð sem um ræðir tengist ekki því að viðkomandi starfsmaður hafi leitað réttar síns á grundvelli laganna. Þá er gert ráð fyrir að eigi ætlað brot atvinnurekanda sér stað meira en einu ári eftir að kvörtun, kæra eða krafa um leiðréttingu kom fram á grundvelli laganna verði þó ekki litið svo á að um brot hafi verið að ræða. Í þessu sambandi hefur meðal annars verið litið til 27. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en það ákvæði var nýmæli í eldri lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þar sem slíkt ákvæði þótti nauðsynlegt til að ákvæði laganna yrðu virk á þann hátt að sá sem teldi sig misrétti beittan gæti leitað réttar síns án þess að eiga á hættu frekari neikvæðar afleiðingar, sbr. athugasemdir við frumvarp það er varð að fyrrnefndum lögum.

Um 69. gr.

Hér er gert ráð fyrir að við lög nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, verði bætt ákvæði þar sem fram komi að tilskipun Evr-

ópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega, sem vísað er til í V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2015 frá 25. september 2015, sé innleidd. Frjáls för launafólks er talin vera lykilþáttur í þróun vinnumarkaðar og telst til grundvallar-réttinda innan Evrópska efnahagssvæðisins en reynist þó enn mikil áskorun. Þannig er tilskipun 2014/54/ESB meðal annars ætlað að styrkja enn frekar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins sem innleidd var með lögnum. Í aðfaraorðum tilskipunar 2014/54/ESB kemur meðal annars fram mikilvægi þess að koma í veg fyrir ólíka og ranga beitingu laga er varða frjálsa för launafólks og er í því sambandi hverju aðildarríki í sjálfsvald sett hvort fela skuli þau verkefni sem tilskipunin kveður á um stofnun eða aðila sem þegar er til staðar og hefur svipuð markmið og kveðið er á um í tilskipuninni, þ.e. að stuðla að frjálsri för launafólks, eða hvort koma eigi á fót nýrri stofnun eða aðila til að annast framkvæmdina.

Tilskipun 2014/54/ESB kveður meðal annars á um að sérhvert aðildarríki skuli tilnefna eina eða fleiri stofnanir eða aðila sem stuðla skuli að, greina, fylgjast með og styðja jafna meðferð launafólks á Evrópska efnahagssvæðinu og aðstandenda þeirra án mismununar á grundvelli ríkisfangs, óréttmætra takmarkana eða hindrana hvað varðar frjálsa för. Til samræmis við framangreint er nú þegar í 3. gr. gildandi laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins meðal annars kveðið á um þriggja manna nefnd sem skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Jafnframt er kveðið á um að komi upp ágreiningur hvort fylgt sé ákvæðum 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 sé heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Þá kemur fram að verði sátt eigi komið á með aðilum sé heimilt að leita til dómstóla. Samkvæmt gildandi lögum skal Alþýðusamband Íslands tilnefna einn fulltrúa, Samtök atvinnulífsins annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni auk fulltrúa skv. 1. mgr. 3. gr. laganna. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna og hinn af ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á. Þegar nefndin tekur hins vegar til umfjöllunar erindi er varða sérstaklega starfsmenn er starfa hjá hinu opinbera er gert ráð fyrir að fulltrúi hlutaðeigandi heildarsamtaka stéttarfélaganna opinberra starfsmanna taki einnig sæti í nefndinni sem og annaðhvort fulltrúi þess ráðuneytis er fer með starfsmannamál ríkisins eða Sambands íslenskra sveitarfélaga, eftir því hvort umfjöllun beinist að ríki eða sveitarfélagi sem vinnuveitanda.

Almennt hefur verið litið svo á að ákvæði umræddrar tilskipunar 2014/54/ESB hafi verið innleidd í íslenskan rétt með gildandi lögum nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þrátt fyrir framangreint þykir rétt að bæta við 3. gr. laganna að atvinnurekanda sé óheimilt að láta starfsmann sem fellur undir frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt lögnum gjalda þess hafi starfsmaðurinn leitað réttar síns samkvæmt lögnum, sbr. 68. gr. frumvarpsins. Þykja þessar breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nauðsynlegar til þess að umrædd tilskipun 2014/54/ESB teljist að fullu innleidd hér á landi. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við 68. gr.

Um 70. gr.

Í gildistökuákvæði er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Þó er gert ráð fyrir að tiltekna breytingar á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra taki ekki gildi fyrr en 1. ágúst 2018 að því er varðar fyrirtæki, notendafyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku frumvarpsins. Þær breytingar sem hér um ræðir varða upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga, upplýsingaskyldu fyrirtækja og skyldur notendafyrirtækja samkvæmt lögnum, sbr. 9., 10., 11. og 14. gr.

Jafnframt er gert ráð fyrir að breytingar á lögum um starfsmannaleigur er varða upplýsingaskyldu starfsmannaleigna og skyldur notendafyrirtækja samkvæmt lögnum, sbr. 34. og 35. gr., taki ekki gildi fyrr en 1. ágúst 2018 að því er varðar starfsmannaleigur og notendafyrirtæki, í skilningi laganna, sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku frumvarpsins.

Auk þess er gert ráð fyrir að þær breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga er varða útlendinga sem eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi hér á landi samkvæmt lögnum, sbr. 59. gr., taki ekki gildi fyrr en 1. ágúst 2018 að því er varðar útlendinga sem þegar eru starfandi hér á landi við gildistöku frumvarpsins.

Þá er gert ráð fyrir að 63. gr. taki ekki gildi fyrr en 1. ágúst 2018 að því er varðar þá aðila sem gert er ráð fyrir að beri skyldur samkvæmt greininni. Í umræddri grein er gert ráð fyrir breytingum á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar skyldur verkkaupa, fulltrúa verkkaupa, samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála og atvinnurekanda í tengslum við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð.

Er þetta lagt til svo að þeir aðilar sem í hlut eiga hverju sinni hafi tiltekið ráðrúm til að aðlaga störf sín á innlendum vinnumarkaði eftir því sem þörf er á út frá þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, lögum nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra bætist tvö ný ákvæði, 11. gr. a og 11. gr. b. Er í ákvæðum þessum annars vegar kveðið á um ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, meðal annars á greiðslu vangoldinna lágmarkslauna starfsmanna sem starfa hér á landi á vegum fyrirtækja við veitingu þjónustu á grundvelli þjónustusamnings viðkomandi fyrirtækis og viðkomandi notendafyrirtækis, sbr. fyrirhugaða 11. gr. a.

Hins vegar er kveðið á um undanþágur frá fyrrnefndri ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, sbr. fyrirhugaða 11. gr. b. Eðli málsins samkvæmt er gert ráð fyrir að fyrrnefnd ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð gildi einungis í tengslum við þjónustusamninga sem gerðir verða á grundvelli laganna eftir gildistöku laganna svo breyttra, og að hið sama gildi varðandi undanþágur frá ábyrgð notendafyrirtækis í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Gert er ráð fyrir að hið sama eigi við varðandi ábyrgð notendafyrirtækis í tengslum við þjónustusamninga sem gerðir verða á grundvelli laga um starfsmannaleigur eftir gildistöku laganna svo breyttra, sem og undanþágur frá slíkri ábyrgð. Í því sambandi má nefna að í 36. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við lög um starfsmannaleigur bætist tvö ný ákvæði, 4. gr. b og 4. gr. c, þar sem annars vegar verði kveðið á um ábyrgð notendafyrirtækis, meðal annars á greiðslu vangoldinna lágmarkslauna starfsmanna starfsmannaleigna sem starfa hér á landi á vegum starfsmannaleigna við veitingu þjónustu á

grundvelli þjónustusamnings viðkomandi starfsmannaleigu og viðkomandi notendafyrirtækis, sbr. fyrirhugaða 4. gr. b. Hins vegar er kveðið á um undanþágur frá fyrrnefndri ábyrgð notendafyrirtækis, sbr. fyrirhugaða 4. gr. c.